




VESTANPÓSTUR

Janúar 2005

Útgefandi: Ísfirðingafélagið í Reykjavík

1. tbl. 17. árg.



60 ára
AFMÆLISHÁTÍÐ
ÍSFIRÐINGAFÉLAGSINS
Á BROADWAY 28. JANÚAR 2005
– sjá nánar á bls. 4

Fyrst á fætur!



Opnum kl. 8.30

Góð þjónusta við viðskiptavini er mikilvægasta verkefni okkar. Við opnum öll útibú okkar utan verslanamiðstöðva kl. 8.30 á morgnana. Þetta er í fyrsta sinn sem banki á Íslandi færir opnunartíma sinn fram á þennan hátt til að mæta breyttum þörfum viðskiptavina og auðvelda þeim að sinna viðskiptum sínum þegar þeim hentar best.

Taktu daginn snemma og kíktu til okkar.

Við tökum vel á móti þér.

**VESTANPÓSTURINN**

Útgefandi:
Ísfirðingafélagið
Bakkaseli 11,
109 Reykjavík
Símar: 568 0010
og 893 0010

Ábyrgðarmaður:

Guðfinnur Kjartansson
Bakkaseli 11, Reykjavík

Ritstjóri:

Hörður Kristjánsson
Sími: 567-4668 og 694-9968

Bláðamenn:

Gísli Hjartarson

Ljósmyndarar:

Hörður Kristjánsson
Fríða K. Albertsdóttir
Jón Þ. Kristjánsson
Guðfinnur Kjartansson

Auglýsingar:

Einar H. Guðmundsson

**Eftirtaldir hafa góðfúslega
lánað myndir og efni í þetta blað:**

Auður Matthíasdóttir
Ásgeir Överby
Björn Pálsson
Elías Sveinsson
Hafsteinn Eiríksson og
Kristín Björnsdóttir
Halldór Halldórsson
Halldór Hermannsson
Haraldur Jónasson
Haukur Sigtryggsson
Haukur Snorrason
og Snorri Snorrason
Hjördís Ólafsdóttir
Jóhanna T. Ólafsdóttir
Jón Þ. Kristjánsson
Kristján Pálsson
Sveinn Elíasson

Skönnun og myndvinnsla:

Hörður Kristjánsson

Umbrot og filmvinnu,**prentun og bókband:**

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

Eintakaverð kr. 900.-**Bláðinu er dreift ókeypis til félagsmanna**

Stjórn Ísfirðingafélagsins

2004-2005 skipa:

Ólafur Hannibalsson, formaður
Gunnar Halldórsson, varaformaður
Guðfinnur Kjartansson
Helga Þ. Bjarnadóttir
Hörður Kristjánsson
Kolbrún Sveinbjarnardóttir
Kristinn Einarsson
Ómar Torfason
Rannveig Margeirsdóttir
Unnur Konráðsdóttir

Ólafur Hannibalsson, formaður:

Ísfirðingafélagið 60 ára

Framan af síðustu öld lá straumur fólks til Ísafjarðar og Vestfjarða norðanverðra. Þar var blómlegt atvinnulíf, frumkvöðlar að nýjum atvinnuháttum ruddu brautina, þar hófst vélvæðing bátafloðans, norskar hvalstöðvar höfðu mikil umsvif, verslun stóð með miklum blóma, samgöngur við útlönd gerðust ekki betri annars staðar, þar var ys og þys og iðandi mannlíf uppvaxandi kaupstaða með nýjum lífsháttum þéttbýlis og framandi menningaráhrifa.

Svo fór fram allt fram að kreppunni miklu. Það var aðfall. Með kreppunni og síðar stríðinu tók útsogið við. Höfuðborgin og þéttbýlið við Faxaflóa tók að söga til sín unga fólkið og brátt var kominn hér fjölmennur hópur fólks sem átti það sameiginlegt að eiga rætur fyrir vestan.

Það var sunnudaginn 22. apríl 1945, um það bil sem síðari heimsstyrjöldinni var að ljúka, að boðað var til fundar í Tjarnarcafé í Reykjavík, kynningarfundar fyrir Ísfirðinga búsetta í Reykjavík. Ýmis skemmtiatriði voru í boði til að auka aðdráttaraflíð og seldust 168 aðgöngumiðar. Elías Halldórsson setti fundinn og tilnefndi fundarstjóra Helga Sveinsson fyrrverandi banka-stjóra, en Jón Leós ritaði fundargerð.

Í kynningarræðu sinni þótti Elíasi Halldórssyni nauðsynlegt að taka fram, „að fyrst og fremst bæri mönnum að gera sér far um að reynast góðir þegnir síns nýja bygðarlags. En þó að menn héldu við gömlum kynnum við áttahana og kunningja og vini þar og þaðan, ætti það ekki á nokkurn hátt að draga úr getu manna til þess að reynast nýtir menn í sínu nýja umhverfi.“ Framsögumaður tók það skýrt fram að forgöngumenn að þessari félagsstofnu hugsaðu sér það einungis sem kynningar- og skemmtifélag og miðaðu lög þess við það.

Í fyrstu stjórn félagsins völdust Elías Halldórsson formaður, Jón Leós, Jón Jóhannsson, Sveinn Helgason og Magnús Thorberg. Að lokum sungu fundarmenn fullum hálsi „Í faðmi fjalla blárra“.

Stjórnin ákvað fljótlega að halda



„sérstaka skemmtun 25. janúar næsta ár eða sókallað Sólarkaffi.“ Var svo fyrsta Sólarkaffið haldið þann dag 1946 að Röðli, Laugavegi 89, tókst vel og var hvert sæti skipað. Margt afbragðsmanna hefur síðan komið að stjórn félagsins. Formenn hafa verið: Jón Leós, Ólafur Einarsson, Ólafur Hannibalsson, Friðrik Ottósson, Svein-

björn Bjarnason, Einar S. Einarsson og þá Ólafur Hannibalsson aftur. Öllum forverum mínum í stjórn og öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið vil ég flytja alúðarþakkir fyrir vel unnin störf. Öll þau störf hafa jafnan verið unnin í sjálfboðavinnu og tekið ómældan tíma og fyrirhöfn fyrir þau, sem mest hefur mætt á.

Umsvif félagsins jukust mjög í formannstíð Einaris S. Einarssonar. Þá var hafin útgáfa ársritsins Vestanpóstsins, tvær árlegar samkomur bættust við Sólarkaffið, Kirkjukaffið á vorin og Sólkveðjuhátíðin á haustin, sem oftast hefur farið fram í Eden Braga Einarssonar í Hveragerði. Loks var svo ráðist í kaup á Soltúnum, hinu gamla íbúðarhúsi Guðmundar frá Mosdal við Hlíðarveg og er það rekið sem orlofshús fyrir félagsmenn hvert sumar við miklar vinsældir. Öll þessi umsvif hafa kostað mikla vinnu, sem jafnan hefur verið undir öruggri stjórn Guðfinns R. Kjartanssonar, gjaldkera félagsins, sem nú hefur gegnt því starfi samfleytt í 18 ár. Samt er félagið enn trútt sínu upphaflega markmiði að vera „einungis skemmtifélag“ og þar hefur mætt mest á Kolbrúnu Sveinbjarnardóttur um langt árabil, og á það ekki síður við á þessu Sólarkaffi á sextíu ára afmæli félagsins.

Góðir Ísfirðingar. Enn einu sinni gerum við okkur gláðan dag að hætti heimabygðar okkar með rísandi sól og vaxandi vonir um betri og blómlegri hag á nýju ári. Ég óska ykkur öllum árs og friðar með nýkviknuðu þorratungli. Kætumst meðan kostur er og treystum þá römmu taug sem tengir okkur við heimahaga um leið og við endurnýjum gömul kynni og góð.

Forsíðumyndin tekin af jafnaldra Ísfirðingafélagsins

Ljósmyndin á forsíðunni er afar vel við hæfi á 60 ára afmæli Ísfirðingafélagsins í Reykjavík. Hún er tekin uppi á fjallinu Erni af Jóni Þorberg Kristjánssyni (syni Kitta á ýtunni) sem er jafnaldri Ísfirðingafélagsins, en hann er fæddur 12. mars 1945. Myndin er að öllum líkindum tekin snemma sumars 1957 eða 1958 þegar atvinnulífið á Ísafirði var í hvað mestum blóma eftir stríð. Sá sem stendur frammi á klettabrúnninni vinstra megin á myndinni er Guðmundur Sigurbjörn Einarsson, betur þekktur sem Bjössu Boggu. Hann er líka jafnaldri Ísfirðingafélagsins, fæddur 3. apríl 1945. Með honum á myndinni er Gylfi Guðmundsson (Gylfi Gvendar Karls) sem er reyndar þrem árum yngri, fæddur 15. mars 1948.

Myndin var tekin að sögn myndasmiðsins á ódýra plastmyndavél. Reyndar fórst fyrir að framkalla filmuna sem var svart/hvít eins og tíðkaðist almennt í þá daga. Lá hún því óframkölluð í skúffu eigandans árum saman. Það var svo ekki fyrr en bróðir hans og núverandi ritstjóri Vestanpóstsins (Hörður Kristjánsson) var farinn að fíkta við að taka myndir að filman uppgötvaðust á ný fyrir tilviljun. Í stað filmu sem hann ætlaði að láta framkalla árið 1970 þá var þessi gamla filma send í framköllun hjá Gulla í Bókhlöðunni og útkoman vakti mikla undrun. Með smá eftirvinnslu og eftir lagfæringar í tölvu vegna vinnslu bladsins varð útkoman eins og sjá má á forsíðunni.



Guðmundur S. Einarsson og Gylfi Guðmundsson í Naustahviltinni, þaðan sem uppgangan á Ernirinn hófst.

Nonni og Gylfi uppi á klettdrang.



Jón Þ. Kristjánsson, (Nonni) höfundur forsíðumyndarinnar. Þessi mynd er tekin af Bjössu Boggu.



Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins – 60 ára afmælishátíð

Verður haldin á veitingastaðnum Broadway á Hótel Íslandi föstudagskvöldið 28. janúar 2005.

Meðal dagskráratriða má nefna **ÍSFIÐSKAR PERLUR**, þar sem margir landsfrægir tónlistarmenn bæjarins koma fram. Að sjálfsögðu mun **BG** sjálfur (Baldur Geirmundsson) stíga á svið auk þess sem hljómsveit hans leikur fyrir dansi.

Hin síungi stórsöngvari, metsöluhöfundur, hljómplötuútgefandi, bílaáhugamaður og Sumargledigjafi, **Ragnar Bjarnason** mun einnig skemmta fólki með sinni alkunnu kímni og nýtur þar aðstoðar útvarpsmannsins ástsæla, **Þorgeirs Ástvaldssonar**.

Ræðumaður kvöldsins verður tónskáldið og rektor Listaháskóla Íslands, **Hjálmar H. Ragnarsson**. Veislustjóri verður **Dýrfinna Torfadóttir** gullsmiður og **Vilberg Viggósson** leikur dinnermúsík.

Forsala aðgöngumiða fer fram á Broadway, Hótel Íslandi Ármúla 9 Reykjavík, laugardaginn 22. janúar kl. 14 - 16.

Alltaf verið með ólæknandi bíladellu

– segir Elli Sveins í viðtali við Vestanpóstinn

Elías Sveinsson bifreiðastjóri á Ísafirði er flestum Ísfirðingum kunnur. Hann hefur ekið á I 72 nánast frá því hann fékk bílpróf og rekur nú leigubíl og fjóra hópferðabíla. Elli Sveins er innfæddur Ísfirðingur og hefur alla tíð verið búsettur á Ísafirði. Hann er einnig landskunnur skíðamaður.

Eiginkona Ella er Erla Aðalsteinsdóttir frá Akureyri og eiga þau hjón tvo syni og tvö barnabörn. Fyrir hjónaband eignaðist Elli dóttur og á hún þrjú börn. Hér á eftir fer viðtal við Ella Sveins þar sem segir frá ýmsu því er á dagana hefur drifið:

„Ég er fæddur inni á Seljalandsbúinu í Skutulsfirði 19. maí 1939. Foreldrar mínir bjuggu þá í húsinu við Skógarbraut 3 sem nú er búið að rífa. Seinna bjuggu í þessu húsi hjónin Sigmundur Guðnason og Bjargey Pétursdóttir frá Hæla-vík.

Faðir minn var Sveinn Jónsson. Hann var frá Ingjaldssandi og var lengi á Hólum í Dýrafirði. Móðir mín var Eyjólfá Guðmundsdóttir frá Gemlufalli í Dýrafirði. Ég er yngstur af sex systkinum, þrem stúlkum og þrem drengjum. Við



Kappinn sextugur og hélt upp á afmælið á Hótel Örk í Hveragerði. Ekki dugði minna en að Los Paraguaos spiluðu afmælislagið.

erum aðeins tveir eftir á lífi, ég og Matthías bróðir. Foreldrar mínir ólu einnig upp Bjarna Árnason, Bjarna box, son Onnu heitinnar

systur minnar. Má segja að hann sé fósturbróðir minn.

Pabbi stundaði atvinnu við Seljalandsbúinu og þess vegna bjuggum við inni í Skutulsfirði. Svo fór hann að vinna í Fiskimjöl á Torfnésinu. Eftir það vann hann hjá Ísafjarðarbæ þangað til hann gerðist grafari og hringjari við Ísafjarðarkirkju.“

Í fiskvinnu á Stakkanesi

„Pabbi byggði húsið að Seljalandsvegi 48 og þangað fluttum við frá Seljalandsbúinu þegar ég var smákrakki. Ég man ekkert eftir mér á Búinu. Á Seljalandsvegi 48 átti ég heima þar til ég hóf sjálfur búskap.

Leikfélagar mínir á Seljalandsveginum voru þeir bræður Gísli og



Fjölskyldan á sextugsafmæli Ella. Frá vinstri: Elías, Erla, Árni, Ingibjörg eiginkona Aðalsteins, Daníel sonur þeirra og Aðalsteinn.



Fyrsti leigubíllinn, Í-72. Kaiser 1952.

Hermann Jónssynir í Strýtu, næsta húsi fyrir utan okkur. Miklir vinir mínir voru líka Árni Búbba og Sverrir Jónsson og fleiri púkar. Seljalandsvegurinn og Engjavegurinn voru aðal leikvöllur okkar púkanna. Ég var mikið að vinna á reitunum á Stakkanesi hjá Ingvari Péturssyni þegar ég var strákur. Á Stakkanesi var Ingvar með saltfiskverkun og ég vann við að breiða

fiskinn. Ég man að eitt skiptið mætti ég aðeins of seint í vinnuna og þá sagði Ingvar: „Ef þú verður duglegur þá dreg ég ekki af kaupinu.“ Karlinn dró heldur ekkert af kaupinu mínu. Elí sonur hans var að vinna þarna líka.

Ég vann líka sem unglingur hjá Fiskimjöli við að tína saman þorskhausu upp í körfur. Hausarnir voru settir upp á vörubíl og fluttir inn á

túnin í Skutulsfirði, í kringum Fagrahvamm. Þar voru þeir breiddir á túnið og þurrkaðir. Þegar hausarnir voru orðnir þurrir var þeim ekið aftur út í Fiskimjöl og þar var þeim pakkað..“

Skíðin lokkuðu

„Okkur þótti langt í skólann af Seljalandsveginum, sérstaklega þegar mikill snjór var og ófærð. Oft gengum við í bæinn eftir ruðningnum eftir jarðýtuna í vegkantinum, hann var hardari en snjórinn í kring, betra að ganga á honum og maður sökk ekki í. Þetta fórum við í hvernig veðri sem var og það þýddi ekkert að ganga eftir veginum því þar var snjórinn svo mjúkur að við lentum bara á kafi.“

Ég byrjaði að stunda skíði mjög ungur. Ég stundaði bæði svigskíði og göngu. Við vorum mikið á svigskíðum uppi í Stóruð. Það var ekki langt að fara í Stóruðina heiman frá okkur á Seljalandsveginum. Ég gekk í Ármann og byrjaði snemma að keppa á skólamótum og innanfélagsmótum. Ég stundaði skíðin mikið með ágætis árangri. Helstu félagarnir á skíðunum á þessum árum voru Árni Búbba, Hafsteinn og Eiríkur Sigurðssynir. Þeir eru



Elí sonur Ingvars Péturssonar er hér að setja sólþurrkaðan saltfisk í hjólbörur. Hann vann m.a. við að breiða saltfisk á reitunum á Stakkanesi hjá þabba sínum Ingvari þegar Elías var að hefja sín fyrstu skref í verkamannavinnu.

reynndar lítið eitt yngri en ég. Lífið í Stórurðinni var skemmtilegt. Við gengum upp í fjallið með skíðin á bakinu og renndum okkur svo niður. Að ganga upp var góð þjálfun fyrir okkur. Eftir því sem árin liðu hallaðist ég meira að gönguskíðunum og stunda þau enn þann dag í dag.

Ég stundaði fótbolta sem strákur, en varð aldrei neinn kappi í þeim efnum. Fótboltinn lokkaði mig ekki til sín eins og skíðaíþróttin.

Sex sinnum í Vasagönguna

„Ég er búinn að fara sex sinnum í Vasagönguna í Svíþjóð, fyrst 1995. Mesta furða hve vel hefur gengið þar nema núna síðast. Þá lenti ég í óhappi. Ég var að renna mér niður brekku og vissi ekki fyrr en maður reis upp úr brautinni. Ég lenti harkalega aftan á honum og tókst á loft, kom niður á aðra öxlinu og viðbeinsbrotnaði. Gangan var rúmlega hálfnuð og ég ætlaði að reyna að ljúka henni. Ég hélt áfram eitt-hvað um 10 km í viðbót með brotið viðbeinið. Það voru allir að fara fram úr mér svo ég fór bara upp á veg og húkkaði mér far til Mora. Besta gangan mín var 2003 og þá var ég með tímann 7 klst og 20 mín. Ég var númer 5800 af svona um 14000 þátttakendum. Það skrá sig venjulega um 15000 þátttakendur og um 1000 detta út, þannig að um 14000 manns klára gönguna. Það er nú svo skrítið að eftir því sem ég verð eldri hef ég bætt mig í Vasagöngunni. Annars erum við bara að fara til þess að taka þátt í



Á gönguskíðum á Breiðadalsheiði. Áfangastaðurinn er Fossavatn og svo til baka.

göngunni. Þetta er bara helgarferð, maður fer út á fimmtudegi og svo heim á mánudegi. Kittu Muggs er ábyggilega búinn að fara tíu sinnum í Vasagönguna. Það eru margir ísfirskir skíðamenn sem fara í Vasagönguna, t.d. þeir Gunnar Pétursson, Halldór Margeirsson, Óli Lúðvíks, Siggi Gunnars, Konni Eggerts og margir fleiri. Ég ætla ekki í Vasagönguna nú í vetur og ætla svo að sjá til með framhaldið. Þessi meiðsli hafa háð mér svolítið síðan, en ég er samt á skíðum og er fast að því að verða góður í öxlinni.

Nú er kominn allt of mikill snjór. Fyrir bragðið er minna troðið og

erfitt að komast upp á göngusvæðið. Það var kominn mjög góður skíðasnjór áður en þessi bylur skall á í janúarbyrjun. Við byrjuðum strax að ganga í haust og snjór var kominn á heiðarnar, Botns- og Breiðadalsheiðar. Við göngum mikið þar og í áttina að Fossavatni.

Skíðaferðir á Hornstrandir

„Ég hef farið í skíðaferðir norður á Hornstrandir seinni hluta vetrar eða á vorin með tíu til tólf manna hópi góðra manna. Það hefur sáralítið helst úr þeim hópi. Sá elsti, Búbbi prentari, er orðinn 85 ára gamall. Þetta eru bræðurinnir Gunnar og Oddur Péturssynir, bræðurnir frá Horni, Arnór og Stígur Stígsynir, Óli Lúðvíks, Halldór Margeirsson, Konráð Eggertsson, Óskar Kárason, Þröstur Jóhannesson, Dóri Hermanns og fleiri. Þetta eru yfirleitt þriggja daga ferðir. Við höfum farið víða um Hornstrandir, á Hesteyri, í Reykjafjörð, að Horni og víðar. Venjulega höfum við far-



Ellí Sveins í upphafi 30 km skíðagöngu í Noregi.



Á fjallatrúkknum (Í 172) í einni af hálendisferðunum.

íð norður og verið sóttir á bát Konna Eggerts, Halldóri Sigurðs-syni. Við höfum lent í alls konar veðrum í þessum ferðum. Oft hefur verið þras um kompásinn og í hvaða átt eigi að halda í dimmviðrum. Ég lét bara flakka hér að Oddur Pétursson hefur reynst best. Hann er ekki verri en bestu skipstjórnarnir í flotanum við að stinga út stefnuna. Alltaf höfum við þó náð í náttstað, enda Arnór Stígsson líka góður að taka stefnur og rata. Ég ætla ekki að sleppa Hornstrandaferðinni í ár þótt ég fari ekki í Vasagönguna þetta árið. Ég vona að þeir fari svo snemma að rútubisnesinn verði ekki byrjaður hjá mér.

Ég hef mjög oft tekið þátt í Fossavatnsgöngunni. Nokkur ár hafa fallið úr hjá mér. Þá hef ég ekki verið í bænum.

Það er engin bilbugur á mér að stunda skíðin. Ég er hraustur og ekkert amar að mér, nema eftirstöðvar þessara meiðsla í Vasagöngunni.

Tóti Júl kenndi mér á bíl

„Ég hef alltaf verið með ólæknandi bíladellu. Áður en ég tók bílprófið átti ég

skellinöðrur. Ég átti tvær og skellinöðrurnar voru með númerum eins og bílarnir. Skellinöðrurnar mínar höfðu númerin Í-2 og Í-5 og ég átti þær bara fram að því ég tók bílpróf. Ég var búinn að kaupa mér Willisjeppa með stálhúsi áður en ég fékk bílpróf. Þessi gerð af Willis voru kallaðir herjeppar. Hliðarrúðunum var rennt til að opna þær. Ég keypti hann af Svenna Jakobs. Þórður Júl kenndi mér á bíl. Ég var að vinna á bílaverkstæðinu í Vél-



Sveinn Jónsson faðir Elíasar í Brautarholti 1 um jól.

smíðjunni Þór. Þar var Þórður að gera við bíl sem hann átti. Þórður bjó aðeins innar við Seljalandsveginn en ég. Við fórum saman í vinnuna á bílnum mínum, í og úr mat og heim á kvöldin. Þessar ferðir voru notaðar sem kennslustundir í akstri. Í kjölfarið á þessum ökutímum hjá Þórði tók ég bílpróf hjá Haraldi heitnum Aspelund.

Næsta bíl sem ég eignaðist keypti ég af Guðmundi Páli Einarssyni úti í Bolungarvík. Það var Kaiser af 1952 árgerð. Þá fékk ég númerið Í-72 og það númer á ég ennþá. Meðan gamla bílnúmerakerfið

var við lýði fylgdi Í-72 mínum bíl-um. Svo þegar nýja kerfið kom og einkanúmerin voru leyfð keypti ég mér einkanúmerið Í-72. Ég hef átt allt í allt 34 bíla og þá tel ég rúturnar með. Þeir eru nú ekki fleiri en það.

Í harkinu

„Ég tók meirapróf árið 1959. Þá var ég tvítugur. Þá byrjaði ég að aka leigubíl með annari vinnu. Ég var þá að vinna hjá Ísafjarðarbæ á ýtuskóflu sem kölluð var. Ýtuskóflan gat mokað mól upp á bíla og svo var hún notuð við snjómokstur á vetrum. Hún var notuð til að moka snjónum af götum bæjarins. Yfirleitt var hægt að ýta snjónum í sjóinn og var mest ýtt fram af gömlu Bæjarbryggjunni við Neista. Fljótlega var stofnuð Fólksbílastöð. Þar var ég með mína leigubíla meðan hennar naut við. Flestir leigubílstjórnanna stunduðu aðra vinnu með akstrinum og það gerði ég yfirleitt líka. Á stöðinni voru þessir gömlu bílstjórnar sem allir þekkja, Héðinn Krist-

insson, Jón Jónsson, Ásgeir Sigurðsson, Ólafur Ólafsson (Óli bíla), Flosi Jónsson og margir fleiri. Flestir stunduðu aksturinn aðeins um helgar.

Ég er enn með skráðan leigubíl en er farinn að aka minna á honum. Síðustu árin hefur atvinna mín byggst meira á rúturekstri og akstri. Fyrstu rútuna keypti ég 1974. Ég keypti hana meira að segja nýja. Mörg sumur keyrði ég hljómsveitina BG og Ingibjörgu um landið, ein fimm, sex sumur. Þeir spiluðu á böllum yfirleitt þrjú kvöld í viku vítt og breitt um allt landið. Ég hafði aldrei sérleyfi á neinum leiðum, heldur svokallað hópferðaleyfi. Nú á ég fjórar rútur. Ein er nú reyndar tíu farþega og hef ég aðallega notað hana til að aka sjómönnum milli Súðavíkur, Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Ein rútan er 47 farþega, önnur 41 farþega og sú þriðja 32 farþega bíll.

Eftir að ég hóf rekstur hópferða-



Hornstrandagöngumenn í Reykjavíri. Frá vinstri: Elías, Stígur Stígsson, Gunnar Pétursson, Óli Lúðvíksson, Konráð Eggertsson, Bjarni Gardarsson, hann fór með farangur gönguhópsins norður í Reykjavírfjörð á vélsléða, Halldór Margeirsson og Arnór Stígsson.

bíla hef ég ekki stundað aðra vinnu en akstur þeirra og leigubílsins, og þó meira stundað rútuaaksturinn á seinni árum. Frá 1970 - 1974, eða fjögur ár, var ég vélgæslumaður hjá Rafveitu Ísafjarðar í rafstöðinni í Engidal og var það síðasta fasta vinnan sem ég stundaði fyrir utan aksturinn.“

Á milli snjóflóða

„Ég keypti mér jeppa 1983 og hef notað jeppa í leiguaksturinn síðan. Það er mjög þægilegt. Fyrir daga Vestfjarðaganganna var ég mikið að berjast uppi á Breiðadalsheiði og hef lent í ýmsu þar í vöndum veðrum og ófærð. Eitt sinn lokaðist ég á milli snjóflóða í Kinninni þegar ég var að sækja skipshöfn til Þingeyrar. Þá valdi ég að moka í gegnum flóðið sem var minna. Það var snjóflóðið fyrir aftan mig. Svartabyllur var og ég stöðvaði bílinn undir kletti í hlíðinni og beið eftir að rofaði eitthvað til. Þegar eitthvað fór að sjást var komið snjóflóð fyrir aftan mig. Þetta angraði mann ekki mikið þá, því þetta var áður en snjóflóðin mannskæðu féllu í Tunguskógi, Súðavík og á Flateyri. Maður hugsaði ekki mikið um hættuna á þeim tíma. Ég hafði oft fengið á mig smáspýjur á Óshlíðinni og slapp alltaf og var ekkert að spá í þetta þá. Eftir þessar hamfarir er maður orðinn smeykur við snjóflóðin og hugsar öðruvísi um þau en áður.“

Munaði mínútum að illa færi

„Á mánudaginn (3. jan. sl.) var ég að aka starfsfólki HG í Hnífsdalinn Skutulsfjarðarbrautina og skildi það eftir inni í Holtahverfi.



BG flokkurinn á ferð með Ella Sveins.



*Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska
Ísfirðingum farsældar á nýja árinu*

Skóverslun Leós hf.

Hafnarstræti 5 • Ísafirði • Sími 456 3011



Eiríkur og Einar Valur hf.

Byggingaverktakar

Púfubarði 19 • 220 Hafnarfirði • GSM 893 1689

KNH ehf.

Grænagarði • 400 Ísafirði • Sími: 456 3095 og 456 3751

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Pólgötu 2 • Ísafirði • Sími 456 3190



Vélvirkinn sf. smiðja

Hafnargötu 8 • Bolungarvík • Sími: 456 7348



Aðalstræti 24 • 400 Ísafjörður
Sími 456 3226

Sjómannafélag Ísfirðinga

Pólgötu 2 • Ísafirði • Sími 456 3190



VÖKVAKERFI hf.
verslun & verkstæði

DUGGUVÖGI 23 • 104 REYKJAVÍK • SÍMI 588 4600 • FAX 588 4601 • NETFANG vokva@simnet.is



Vestfirská forlagið

Póttunarsími og fax 456 8181
netfang: jona@snepa.is • vefang: hrafnseyri.is

VÍKUR-ÓS

BÍLAMÁLUN – RÉTTINGAR

Sími: 587 7760 • Bæjarflöt 6 • 112 Reykjavík



Bæjarstjórn Bolungarvíkur

Sendir grönnum sínum bestu

áramótakveðjur

Bæjarstjórinn



Ólafur Guðnason hf.

Heildverzlun

Skútuvogi 1F • 104 Reykjavík • Sími 568 4100



**APÓTEK
VESTFJARÐA**



Súðavíkurbreppur



Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 450 3211

Kjölur ehf.

Urðarvegi 37 • Ísafirði • Sími: 456 3678



Gleðheimilið Áskaugur, Áskaugavegi 7 og Faktahúsið (Ánnu 1788),
Áskaugavegi 42, Húsakúptahúsið, Íslands, Kaffi- og veitingahúsið (Hú 2001),
Vörð velkominn í Húsakúptahúsinu! Sími: 456-3008 Fax: 456-4075
veffang: www.annu1788.com/askaugur.html netfang: annu@annu1788.is

Græðir sf. Varmadal vinnuvélar

425 Flateyri, sími 456 7652 og 456 7650, fax 456 7651

SJÓFERÐIR



Hjallavegi 7 • Ísafirði • Sími: 456 3879
Fax: 456 4879 • Farsímar: 892 1879

**Hafsteins og
Kiddyjar**

Þegar ég kom út að Karlsá, rétt utan við Seljaland, á bakaleið um 10 mínútum seinna, hafði fallið stórt snjóflóð í sjó út yfir Skutul-fjarðarbrautina. Flóðið var mörg hundruð metra breitt og afar þykkt. Ég var að fara með bílinn út í bæ eftir túrinn, því ég geymi hann þar í bílskúr. Ég ók inn í flóðið en gat bakkað út úr því aftur. Þarna munaði bara nokkrum mínútum því ég ók með fólkið í bílnum þarna um skömmu áður en flóðið féll.

Reksturinn hefur bara gengið vel hjá mér og það er nóg að gera hjá mér á sumrin við að aka ferðamönnum um landið, hringinn og upp á hálendið. Þetta eru skemmtilegar ferðir. Upp til hópa eru ferðamenn gott fólk.

Að fjölskyldumálunum. Ég kynntist eiginkonu minni, Erlu Aðalsteinsdóttur frá Akureyri, þegar hún var hér í námi í Húsmæðra-skólanum á Ísafirði 1960 - 1961. Hún fór nú ekkert aftur norður nema í heimsókn eftir það. Fyrst stóð til að við flyttum til Akureyrar, en ekkert varð svo af því. Þegar við kynntumst bjó ég í foreldrahúsum. Fljótlega fórum við að búa út í Króki 2, leigðum í húsi Lúðvíks Kjartanssonar. Svo keypum við íbúð á neðri hæðinni í húsinu við Seljalandsveg 44. Þeir byggðu þetta hús saman leikbræður mínir og nágrannar á Seljalandsveginum, bræðurnir Gísli og Hermann Jónsynir sem bjuggu í Strýtu. Við keyptum íbúðina af Úlfari Ágústssyni.

„Gamli“ karlinn á sjóskíðum!

„Árið 1975 byrjaði ég að byggja einbýlishús inni í Holtahverfi í Skutulsfirði, að Brautarholti 1. Brautarholt 1 var ekki fyrsta húsið í hverfinu sem flutt var inn í, en það var fyrsta húsið í hverfinu sem flaggað var á í reisugildi þegar þaksperrur voru komnar upp. Við fluttum inn árið 1977 og þar höfum við búið síðan. Við eigum tvo



Flaggskipið í bílaflota Ella Sveins, bifreiðin Í-72, af gerðinni Benz 404. Við bílinn stendur japanskur farastjóri Mitsu að nafni.

stráka, Aðalstein 37 ára, og Árna 30 ára. Aðalsteinn á tvö börn. Áður hafði ég eignast dóttur, Guðnýju, með Dóru Arinbjarnardóttur. Hún á þrjú börn.

Ég fer oft í frí til Benidorm eftir að akstrinum lýkur á haustin og þar stunda ég sjóskíði grímt. Þar er gríðarlega skemmtileg sjóskíðabraut sem ég fer í. Eitt sinn vorum við fyrir framan hótelið að tala við samferðafólkið og það barst í tal að ég væri að fara á sjóskíði. Síðan gekk ég frá fólkinu og heyrði að það fór að tala saman. Ein kona sagði: „Heyrið, hann hlýtur að vera eitthvað skrýttinn þessi gamli karl. Hann þykist ætla á sjóskíði. Ég hefði gaman að sjá að hann geti staðið á sjóskíðum.“

En svona er nú það. Á skíðunum stóð ég auðvitað með sóma eins og alltaf.

50 þús. kr. sekt

„Í lokin langar mig til að segja þér eina sögu um stranga reglugerð varðandi atvinnuakstur. Ég var sektaður um 50 þúsund fyrir að aka of lengi. Það má aka í 12 daga en ég ók í 13. Eftir 12 daga er skylda að taka tveggja sólarhringa frí. Það er ökuriti í bílnum sem sýnir nákvæmlega hve lengi er ekið og hve langt. Svo er lesið af mælinum og allt stúderað. Þrettánda daginn ók ég bara nokkra kílómetra, kannski 30 km, og mjög stuttan tíma. Ég fékk seðil upp á 50 þúsund króna

sekt fyrir þetta brot. Gefin var möguleiki á 25% afslætti ef greitt yrði innan 30 daga. Það gerði ég og greiddi 37.500 kall. Þetta finnst mér helvíti hart og reglugerðin er allt of ströng. Í gamla daga var bara ekið meðan maður hékk uppi.

Aðalvinnan mín núna er að aka starfsfólkinu hjá HG í Hnífsdal í og úr vinnu fimm til sex daga í viku. Ég sæk líka skipshafnir HG inn í Súðavík og skila þeim þangað að skipshlið þegar þeir fara á sjóinn. Þessum akstri hef ég sinnt í fjögur ár.“

Bens 404 flaggskip flotans

„Ég keypti mér mjög glæsilegan hópferðabíl árið 2003. Hann er flaggskip bílaflotans míns. Þetta er Bens 404 með öllum þeim græjum sem hægt er að setja í einn bíl. Í bílnum er salerni, tvö sjónvarpstæki, myndbandstæki, kaffivélar, pylsupottur og örbylgjuofn. Einnig er í bílnum eltraust öryggishólf þar sem farþegarnir geta geymt verðmæti sín. Bílinn tekur 47 farþega og ber gamla happanúmerið mitt Í-72. Ég er stoltur af þessum bíl. Hann er mjög ljúfur í akstri og keyrir sig nánast sjálfur. Ég hef verið í hringferðum um landið á sumrin fyrir ferðaskrifstofuna Terra Nova. Ég hef ekið fyrir hana í nokkuð mörg ár allt upp í tíu hringferðir um landið á hverju sumri.

- GHj.



*Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska
Ísfirðingum farsældar á nýja árinu*

Bensínstöðin Ísafirði

Hafnarstræti 21 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3574

DENGSI ehf. VELTISKILTI

Dugguvogi 1b • 104 Reykjavík • Sími 588 4097 • Fars. 896 1697

Harðfiskverkun Einars Guðbjartssonar

Drafnargötu 6, 425 Flateyri, sími 456 7671 og 852 4071



Aðalstræti 26 • Ísafirði
Sími 456 3114

– verslun sem býður betur –



Reykhólahreppur

Reykhólum • Króksfjarðarnesi

Sími 434 7880



Hafnarstræti 6 • Ísafirði
Sími 456 3990

FISKVINNSLAN ÍSLANDSSAGA hf.

Freyjugata 2, 430 Suðureyri, sími: 456 6300



Landsbanki Íslands

Pólgötu 1 • Ísafirði • Sími 450 5500

FISKMARKAÐUR FLATEYRAR

Sími 456 7818 • Fax: 456 7817 • www.flateyri.com
Guðbjartur Jónsson



Vélsmiðjan og Mjólnir ehf.

Mávakambi 2 - 415 Bolungarvík
Sími 456 7478

Lögsýn hf.

Aðalstræti 24, 400 Ísafjörður, sími: 456 4577

Samkaup

Austurvegi 2, 400 Ísafjörður • Sími 456 5460

Vörubílar og kranapjónusta Laugi ehf.

Góuholti 5, 400 Ísafirði, sími 892 2079



Vélsmiðja Ísafjarðar Sundahöfn • Sími 456 3910

Tannlæknastofan

Heilsugæslustöðinni, Torfnesi, Ísafirði

Skóverslunin Skóhornið

Aðalstræti 24, Ísafirði, sími 456 4323

Leikfangaverslunin Bimbó

Aðalstræti 24, Ísafirði, sími 456 4323

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Hafnarstræti 6, Ísafirði, sími 456 4407

Skipanaust ehf.

Suðurtanga 6, 400 Ísafirði, sími 456 3899

Peð ehf.

Góuholti 2, 400 Ísafirði, símar 456 4484 og 861 8644

Mér finnst ég enn eiga heima þarna

– segir Kristján Pálsson fyrrverandi þingmaður sem ættaður er úr Hnífsdalnum en ólst upp í Túngötunni og á Sjónarhæð á Ísafirði

Kristján Pálsson, fyrrverandi alþingismaður með meiru er fæddur í Reykjavík þann 1. desember 1944. Hann er þó Vestfirðingur aftur í aldir og fluttist til Ísafjarðar 7 ára gamall þegar faðir hans tók við skipstjórn á nýsköpunartogaranum Sólborgu ÍS.

Kristján hefur lítt verið í sviðsljósinu eftir að hann hætti þingmennsku, en gegnir þó enn ýmsum opinberum embættisstörfum og situr m.a. í stjórn Íbúðalánasjóds. Það hefur sjaldnast verið nein lognmolla í kringum Kristján sem farið hefur sínar eigin leiðir í pólitík og ekki alltaf fylgt þröngu einstigi flokkslínunnar. Gjarnan er talað um vestfirsk einkenni í þessu tilliti og þingmenn ættaðir af Vestfjörðum hafa oft verið taldir óstýrilátir í meira lagi. Telja reyndar margir að einarðar skoðanir Kristjáns hafi m.a. leitt til þess að hann varð undir í baráttu fyrir áframhaldandi þingsetu fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Suðurnesjum þar sem hann býr. Veruleg uppstokkun varð á upp-röðun lista eftir að gamla Reykjaneskjördæmið var sameinað Suðurlandi í einu kjördæmi og olli það töluverðum átökum og reyndar í fleiri flokkum en Sjálfstæðisflokknum. Ljóst má vera af þessu að Kristján ber dóm af uppruna sínum og uppeldi fyrir vestan og því þótti ritstjóra Vestanpóstsins vel við hæfi að fá hann í kaffispyll á Hótel Borg um liðna tíð á næst síðasta degi ársins 2004.

„Faðir minn fór ungur til sjós með föður sínum en hugsaði sér fljótt til hreyfings á stærri skip. Hann fór því suður á togara og byrjaði á b/v Tryggva gamla með Snæbirni Ólafssyni sem var giftur föðursystur hans. Síðan lá leiðin á b/v Júpiter þar sem Bjarni Ingimarsson var skipstjóri, frægur aflamaður og Hnífsdælingur fæddur og uppalinn. Pabbi var stýrimaður með Bjarna í mörg ár og sigldi m.a. með Júpiter öll stríðsárin.



Kristján Pálsson við gömlu höfnina í Reykjavík í hrollköldum strekkingi í janúar 2005. Þótti vel við hæfi að taka myndina við höfnina, enda Kristján nátengdur sjó og sjómennsku í gegnum tíðina eins og öll hans ætt.

Foreldrar mínir bjuggu þá í Reykjavík. Árið 1951 var pabbi ráðinn sem skipstjóri á b/v Sólborgu sem Togarafélagið Ísfirðingar var þá að láta byggja og fluttumst við til Ísafjarðar árið 1952.“

Hvar bjugguð þið á Ísafirði?

„Fyrst bjuggum við á Túngötu 21 og leigðum af Kjartani Halldórssyni og Kristínu Þorsteinsdóttur, en þau ráku þá Sjálfstæðishúsið - Uppsali. Við fluttumst úr Túngötunni 1958 inn á Sjónarhæð við Seljalandsvæg.

Mér fannst ekki mikil viðbrigði að flytja vestur enda fjölskyldunni mjög vel tekið.

Flest mitt skyldfólk var þá enn fyrir vestan föðurfólkið úti í Hnífsdal og móðurfólkið mitt að hluta til líka, þannig að okkur leið vel að koma til Ísafjarðar. Pabbi kom

þangað sem skipstjóri og það þótti nú heldur betur fint að vera skipstjóri á togara á þeim árum og mjög eftirsótt að komast í skipsrúm á svona skipum. Ísafjörður var þá með stærri bæjarfélögum landsins og mikill menningarbær.

Skemmtilegir frændur

Sveinn á Góustöðum, frændi móður minnar kom oft til okkar í heimsókn, en hann var mjög sérstakur karl og skemmtilegur í tilsvörum. Dóri á Hafrafelli annar frændi mómmu og mjög skemmtilegur karakter og vakti áhuga okkar krakkanna. Hann hafði mikið og bogið nef og höfðum við krakkarnir gaman af því að velta því fyrir okkur hvernig það hafi bognað svona. Hann sagði þá að það hafi fokið á hann skekta. Það var sögð sú gamansaga af þessum frænda



Kristján Pálsson 5 ára á hestbaki hjá Páli Pálssyni afa sínum í Hnífsdal sumarið 1949.

mínum að í skóla hafi hann ekki verið mikið fyrir það að læra og þaðan af síður að læra ritninguna. Þegar hann gekk til prestsins til að undirbúa ferminguna var sama upp í á teningnum, ritninguna gat hann ekki lært. Hann var þó vanur því að bjarga sér úr vandræðum þegar þau stöðjuðu að og þegar prestur gekk á hann fyrir altarisgönguna hljóðaði ritningin hjá Dóra þannig: - Í upphafi skapaði Guð himin og jörð, Akureyri og Ísafjörð. Dimmt var yfir Djúpinu, en það var alltaf ljós heima á Hafrafelli hjá mömmu.

Gaman að koma til Ísafjarðar

Mér fannst ég strax eiga heima á Ísafirði og gaman þar. Ég held að það hafi því bara verið góð umskipti að komast í þetta umhverfi. Auðvitað var margt öðruvísi en í Reykjavík og man ég þar sérstaklega eftir strætó í Reykjavík sem við bræðurnir, Ólafur Karvel og ég, notuðum helst til að hanga aftan í. Við bjuggum í Miðtúninu í Reykjavík sem var þá í útjaðri bæjarins svo maður hafði ekki mikil kynni af miðbæjarlífinu sem krakki. Árgangarnir í gamla Barnaskólanum á Ísafirði, þar sem mín kynni af Ísfirðingum byrjuðu, voru mjög fjölmennir rétt eins og í Reykjavík. Það var skipt í tvær bekkjardeildir á Ísa-

firði í hverjum árgangi og ég held að það hafi verið um 60 krakkar í tveim bekkjardeildum. Það var því mikið líf í barnaskólanum og hann vel pakkaður af krökkum.

Þetta var á eftirstríðsárum þegar Íslendingar voru að verða ríkir og farnir að átta sig á því að það var hægt að lifa góðu lífi á Íslandi. Þó hersetan hefði ekki haft jafn mikil áhrif fyrir vestan eins og t.d. á SV-horni landsins, þá efnuðust Vestfirðingar í stríðinu af siglingum með fisk á breskan markað. Það var því mikill uppgangur á Ísafirði, sem víða annarsstaðar á landinu, þegar stríðsgróðanum var úthlutad. Togararnir tveir Ísborg og Sölborg komu í bæinn sem hluti af þeim gróða og varð mikil uppbygging í bænum því samfara og m.a. var byggt stórhýsið Ísfirðingur. Þetta voru því mjög spennandi tímar og fannst mér fólk vera bjartsýnt á þessum árum á Ísafirði og mikill töggur í öllu.“

Bær með mikla sál

„Bæjarlífið á Ísafirði var mjög líflegt og mikil umferð allan daginn og miðbærinn iðandi.

Ég kynntist bænum mínum vel þegar ég labbaði í skólann en í þá daga fór maður allt á tveim jafnfljótum, það var ekki til síðs að keyra krakkana og enginn strætó.

Það var nokkur gangur frá Tungötunni niður í skóla og enn lengra frá Sjónarhæð.

Þegar ég labbaði í skólann fylgdist ég með bátunum að koma eða fara eða þegar Katalína flugbátur var að lenda eða hefja sig til flugs af Pollinum, skyldi hann hafa það yfir húsin eða ekki hugsaði maður þá. Ég gekk alltaf framhjá kirkjugarðinum í leiðinni þar sem sumir forfeðurnir lágu og þegar farið var framhjá Pólgötunni sátu oftast einhverjir gamlir karlar á bekknum hjá sýsluskrifstofunni

á spjalli og gera enn. Öll gömlu húsin í miðbænum gefu honum svo sterkan svip, gömlu húsin eru alltaf í sínum stað. Það er svo mikil sál í Ísafirði og finnst mér enn þann dag í dag þegar ég geng þarna um göturnar að ég eigi þar heima.“

Gönguskíði með Kittu Muggs

„Sem unglingur var ég mikið á gönguskíðum og kynntist þá mörgum góðum skíðmanninum. Ég æfði skíðagöngu með Kristjáni Rafni Guðmundssyni og náði þokkalegum árangri. Kristján Rafn (Kitti Muggs eins og við kölluðum hann þá) var þó aðal göngumaðurinn en hann dró mig eiginlega á skíðin upphaflega. Við gengum með körlum eins og Gunnari og Oddi Péturssonum á Grænagarði og stundum með Pétri gamla sjálfum og Tungubræðrum, þeim Sigurjóni og Bjarna og fleirum.

Það komu margir mjög öflugir skíðamenn frá Ísafirði á þessum árum bæði í göngu og svigi. Ísafjörður var einskonar Mekka íslenskra skíðamanna og ól af sér marga af fremstu skíðamönnum landsins enda Seljalandsdalurinn oft kallaður „paradís skíðamanna.“ Það var óskaplega mikið líf upp á Dalnum og má segja að hann hafi ómað af köllum skíðamannanna í

*Kristján Pálsson
með hrífuna í
hendi í nýbreidd-
um flekknum í
Reykjafirði árið
1955. Talið frá
vinstri: NN,
Kristján Pálsson,
Salvar Halldór-
son og Hrefna
Hagalín.*



brekkunum góðu. Skíðamótin voru mörg og ekki spillti hin árlega skíðavika fyrir og fótamenntið próf- að þar á páskunum við glaum og gleði.“

Foreldrarnir úr Hnífsdal

Foreldrar Kristjáns voru Páll Pálsson (f. 1. apríl 1914, d. 19. des. 1994) skipstjóri frá Hnífsdal og eiginkona hans Ólöf Karvelsdóttir (f. 15. nóv. 1916). Páll og Ólöf eignuð- ust 5 börn.

Páll faðir Kristjáns var sonur Páls Pálssonar sem líka var fæddur í Hnífsdal og Guðrúnar Guðleifs- dóttur sem fæddist í Aðalvík, en hennar fólk kom að mestu af Horn- ströndum. Guðbjörg amma hennar kom reyndar frá Önuðarfirði en hún náði 101 árs aldri. Guðlaugur faðir hennar var Ísleifsson, Ísleifs- sonar sem var mikill barnakarl á Hornströndum.

Páll Pálssonar, afi Kristjáns, var útvegsbóndi í Hnífsdal og einn af stofnendum Hraðfrystihússins í Hnífsdal og stjórnarformaður þess fyrstu áratuginna. Það fyrirtæki er enn í gangi þó breytingar hafi orð- ið á nafninu eftir að félagið samein- aðist Íshúsfélagi Ísfirðinga hf. og útgerðarfélaginu Gunnvöru á Ísa- firði. Heitir félagið nú Hraðfrysti- húsið Gunnvör og er langöflugasta útgerðarfélag á Vestfjörðum og þó víðar væri leitað.

Fyrirtækið á m.a. togarann Pál

Pálsson sem nefndur var í höfuð afa Kristjáns, en hann var lengi oddviti í hreppsstjórn og einn af mestu athafnamönnum í Dalnum á sinni tíð.

Faðir Páls, afa Kristjáns, var Páll Halldórsson, Bjarnasonar úr Bol- ungurvík. Móðir Páls, Helga Jóakimsdóttir, kom aftur á móti úr Þingeyjarsýslum og hefur nafni hennar verið haldið við meðal af-

komendanna. Hún var af svokall- aðri Bucks ætt. Nicolaj Arent Peder Buck var norskur og kom hingað upphaflega í þeim tilgangi að færa Íslendingum hreindýr frá föður sínum. Faðir hans var kaupmaður í Hammerfest og konsúll Íslendinga en hann vildi endilega gefa Íslend- ingum eitthvað sem gæti orðið þeim að gagni í allri örbirgðinni sem þá var hér landlæg. Úr varð að



Kristján Pálsson (með hettuna á höfðinu) með þabba sínum Páli Pálssyni við sundlauginu í Reykjanesi sumarið 1955. Með þeim á myndinni eru tvær systur Kristjáns, þær Ólafía Guðfinna og Guðrún Helga.



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum farsældar á nýja árinu

G. E. Sæmundsson ehf.

Sindragötu 14, 400 Ísafjörður, sími 456 3047



**Ferðapjónusta
Margrétar og Guðna ehf.**

Mánagata 5, 400 Ísafjörður, Sími 456 4146 og 893 5314



**Hjólbarðaverkstæði
Ísafjarðar ehf**
Sindragötu 14 • Ísafirði

V. V. Hárskeri

Hafnarstræti 11 • 400 Ísafirði • Sími: 456 3040



**VÁTRYGGINGAFÉLAG
ÍSLANDS HF**

Hafnarstræti 1 • Ísafirði • sími 456 3164

**FURUNO-umboðið
Brimrún hf.**

Hólmaslóð 4 • 101 Reykjavík
Sími 561 0160

Jón Viðar Arnórsson

Tannlæknir

Skólavörðustíg 14 • 101 Reykjavík



Mjólkursamlag Ísfirðinga

Mjólkurstöðin Wardstúni • Ísafirði • Sími 456 3251

Bæjarins besta,

Vikublaðið

Sólgötu 9 • 400 Ísafirði • Sími: 456 4560

Útgerðarfélagið Öngull ehf.

Engjavegi 28 • 400 Ísafirði • Sími: 895 6162

**Tannlæknastofa
Jóns Björns Sigtryggssonar**

Tjarnargötu 2 • 230 Keflavík • Sími: 421 5615



Ísafjörður

Hafnarstræti 1
Sími 456 3744

KRÍLIÐ - Sindragötu 6, Ísafirði

Sími: 456 3556 • Nætursala um helgar
Opíð allan daginn alla daga • Verið ávallt velkominn



ÁLFABORG HF

Súðavogi 6 • Reykjavík • Sími: 568 6755



Hafnarbakka – 425 Flateyri
Sími 456 7700



PÓLLINN HF.

Verslun ☎ 456 3092



Sindragötu 3
Ísafirði • Sími: 456 4444

Bílatangi ehf.

Suðurgötu 9, 400 Ísafjörður, sími: 456 3800

hann sendi son sinn með hreindýrin til Íslands árið 1785. Pilturinn fór ekki til baka frekar en hreindýrin og settist að norður á Húsavík þar sem hann náði sér í konu og hlóð niður börnum. Hann var framfaramaður mikill og setti m.a. upp skíðaskóla fyrir norðan sem er að sögn Kristjáns sá fyrsti í Evrópu. Skíðamennskan virðist hafa erfst ágætlega í gegnum ættliðina, því Kristján var sjálfur ágætur skíðamaður á yngri árum eins og áður er nefnt.

Móðurfólkið

Ólöf Karvelsdóttir, móðir Kristjáns var sem fyrr segir fædd 15. nóvember 1916. Hún ólst upp í Stekkjarhúsinu í Hnífsdal en móðurætt hennar er að meginstofni til frá Hnífsdal langt aftur í aldir af svokallaðri Bakkaætt. Bakkaættin var mjög ráðandi í Hnífsdal á árum áður og átti m.a. jarðirnar Bakka og Hraun. Stekkjarhúsfólkið í Hnífsdal rak þar verslun og bakarí, símsstöð og póstsstöð en auk þess rak ættin umfangsmikla fiskverkun og útgerð frá Langeyri í Álftafirði. Móðir Ólafar hét Ólafía G. Sigurðardóttir, Þorvarðssonar frá Bakka. Móðir Ólafíu hét Halldóra Sveinsdóttir, Sölvasonar bónda á Kirkjubóli í Skutulsfirði. Faðir Ólafar var Karvel Jónsson, Jónssonar, Halldórssonar bónda á Kirkjubóli Skutulsfirði. Hann var skipstjóri og fiskútflytjandi um árabíl og rak einnig síldarsöltun á millistríðsárunum. Hann var síldarspekulant með Óskari Halldórssyni en þeir ráku saman síldarverkun í Ingólfsfirði um tíma.

Fjórar dætur

Kristján er kvæntur Sóleyju Höllu Þór-



Systkinin með móður sinni 1957. Ólafur Karvel, Kristján, Ólöf Karvelsdóttir með Guðlaugu Björgu, Ólafía Guðfinna og Guðrún Helga.

hallsdóttur aðstoðarskólastjóra í Heiðarskóla í Reykjanesbæ. Faðir hennar er Þórhallur Halldórsson f.v. sveitarstjóri á Suðureyri, Jóns-

sonar frá Arngerðareyri. Móðir hennar er Sigrún Sturludóttir, Jónssonar f. v. hreppstjóra og oddvita með meiru á Suðureyri. Krist-



Píóníemendur Tónlistarskólans á Ísafirði 1958

Efsta röð: Elín Guðmundsdóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir, Jóna Kristín Gunnarsdóttir, Þorbjörg K. Kjartansdóttir, Messíana Marsellíusdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Jóhanna Jónsdóttir, Kolbrún Jóhannsdóttir, Jóna Margrét Guðmundsdóttir, Lára Rafnsdóttir, Bergljót Böðvarsdóttir, Anna Málfríður Sigurðardóttir.

Miðröð: Selma Guðmundsdóttir, Sólveig Herhufsen, Anna Áslaug Ragnarsdóttir, Rannveig Bjarnadóttir, Þórarinn Gíslason, Ólafur Karvel Pálsson, Stefán Finnsson, Kristján Pálsson, Ásgeir Erling Gunnarsson, Kristján Sveinbjörnsson.

Fremsta röð: Sigrún Guðmundsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Sigurlína M. Ásbergsdóttir, Theodóra Rafnsdóttir, Ásdís Ásbergsdóttir, Auður Matthíasdóttir, Margrét Jónsdóttir, Helga Sveinbjörnsdóttir, Kristjana S. Kjartansdóttir, Sigríður B. Guðmundsdóttir og Sigríður Ragnarsdóttir.



Afmælisveisla Kristjönu Kjartansdóttur árið 1956 eða 1957
 Aftari röð frá vinstri: Sigurlína Margrét Ásbergisdóttir (Lína Magga, látin), Kaja Kristjánsdóttir (dóttir Kútta löggju), Dísá Bjarnadóttir, Kristjana Kjartansdóttir (afmælisbarnið) og Bergljót.

Midröð frá vinstri: Hildur Jordan (Hiddý, sem nú er látin), Elín Bergsdóttir, Anna Áslaug Ragnarsdóttir (dóttir Ragnars H.), Sigrún Gunnarsdóttir og Þorbjörg Kjartansdóttir (Bibba systir afmælisbarnsins).

Fremsta röð frá vinstri: Ólafía Pálsdóttir, Sigríður Ragnarsdóttir (systir Önnu Áslaugar) og Guðrún Pálsdóttir.

ján og Sóley Halla eiga tvær dætur þær Hallgerði Lind læknanema sem fædd er 1978 og Sigrúnu BS í verkfræði sem fædd er 1980. Kristján var áður kvæntur Adalheiði Unu Jóhannesdóttur og eignuðust þau tvær dætur Arndísi lögfræðinema sem fædd er 1969 og Ólöfu hjúkrunarfræðing sem fædd er 1970 en hún stundar nú doktorsnám í hjúkrun í Kanada. Barnabörnin eru orðin tvö.

Í sveit í Reykjavíri

„Öll sumur fyrir vestan nema eitt var ég í sveit þ.e. þangað til ég fór á sjóinn fyrir alvöru 15 ára gamall. Fyrst var ég í Æðey, síðan á Nesi í Grunnavík í Jökulfjörðum og svo Reykjavíri í Ísafjarðardjúpi þar sem ég var í fimm sumur.

Það var gaman að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í búskapnum á þessum árum. Engar vegasamgöngur voru komnar um Djúpið og búskaparhættirnir allir upp á gamla máttann. Túnin voru að mestu slegin með orfi og ljá og heyinu rakað saman með hrífum. Það

var einnig heyjað á engjum og legið úti í tjöldum. Heyið var svo reitt heim af engjunum á hestum.

Fyrsta sumarið mitt í Reykjavíri árið 1955 var stór viðburður sem ég man alltaf eftir en það var þegar allir sem vettlingi gátu valdið fóru í messu út í Vatnsfjörð til að kveðja séra Þorstein. Á þriðja tug manna fóru frá Reykjavíri ríðandi á hestum og þar á meðal við krakkarnir. Svona var þetta trúlega frá öllum öðrum bæjum í sveitinni. Kirkjan var enda svo troðin út úr dyrum að við krakkarnir vorum látin vera fyrir utan. Við kvörtuðum ekki yfir því,

okkur langaði ekkert til þess að vera inni í kirkjunni. Eftir messu bauð prestsmaddaman til kaffidrykkju með tilheyrandi tertum og fineríi. Þetta var borið út á hlað til okkar krakkanna og hundarnir fengu líka sitt. Að ríða til og frá messu í slíkum fjölda var hreint ævintýri og hljóp mörgum ungum mannum kapp í kinn þegar farið var á hlemmiskeiði yfir harða melina og hófadynurinn glumdi í eyrunum. Þá var sko fjör.

Það má segja að ég hafi byrjað veru mína í Reykjavíri sem kaupamaður því þar var ætlast til þess að



Árgangur 1944 á lóðinni á bak við gamla Barnaskólann á Ísafirði. Myndin er líklega tekin við lok síðasta vetrar þessa hóps í skólanum árið 1956, en um haustið tók við nám í Gagnfræðaskólanum.

ungdómurinn tæki fullan þátt í bústörfunum. Sumarið byrjaði oftast á selveiðum við sellátrin í Reykjafirði, Vatnsfirði og Ísafirði með Hákonni bónda Salvarssyni. Ekki var reynt að ná öðru en kópum og var það viðkvæmur veiðiskapur og nauðsynlegt að fara varlega um sellátrin og hávaðalaust. Það var því mest notuð segl og árar til að komast á staðinn til að vitja netanna. Þeir skiptu tugum selkóparnir sem við veiddum á hverju sumri. Voru þeir flegnir, skinnið spýtt, spikið og kjötið saltað og hreifarnir súrsaðir. Það var svo selkjöt í matinn alla daga yfir vertíðina. Auðvitað var selkjöt leiðigjarnt fæði til lengdar en ég var bara alltaf svo svangur í þá daga að mér þótti allur matur góður.“

Grænt selspik þótti lostæti

Menn hafa ekki þá ekki verið farnir að spá í hamborgara á þeim árum?

„Nei það var nú ekki mikið verið að pæla í því. Sjálfsþurftarþúskapurur sem þessi hafði tíðkast frá landnámi þar sem allt var nýtt. Þegar ég kom í sveitina eftir veturinn voru menn enn að éta mat frá árinu áður. Það voru súrsuðu selshreifarnir, orðnir alveg meyrir í gegn sem og lundabaggarnir og allt það. Síðan var það selspikið sem búið var að liggja í salti allan veturinn og orðið grænt að lit. Það þótti körlunum algjört lostæti, - grænt selspik.

Ég smakkaði selspik hjá Hildi-brandi í Bjarnarhöfn fyrir nokkrum árum og verð ég að viðurkenna að ég hélt það hefði verið betra. Ég segi þó ekki að ég hafi étið mikið af selspikinu á sínum tíma en körlunum fannst það gott.“

Börnin unnu erfiðisvinnu

„Vinnan var oft erfið í sveitinni. Þar var byrjað alla daga eldsnemma á því að mjólka kýrnar og síðan farið út til að sinna öðrum búskaparstörfum og svo mjólkað aftur um kvöldið. Ég var því ungur þegar ég fór að vinna fullan vinnudag. Það var ætlast til þess að ungt fólk ynni í þá daga og þegar ég hugsa til baka þá get ég ekki séð að ég hafi borið



Jóakim heitinn Pálsson útgerðarmaður á Bakkavegi ásamt dætrum Kristjáns þeim Sigrúnu og Hallgerði og sambyliskonu sinni Sigríði Sigurðardóttur.

neinn skaða af því nema síður sé. Það var virkilega gefandi að vera með sveitafólkinu. Að umgangast skepnur átti líka vel við mig og gat ég ekki beðið eftir því að komast í sveitina á vorin og fór þaðan seint að haustinu.

Þegar ég horfi til baka á sveitalífið á þessum árum, þá var það eins og í sögu eftir Guðrúnu frá Lundi, eitt ævintýri.“

Frí í skólanum til að bjarga verðmætum

„Það var líka mikið unnið með skólanum á Ísafirði. Þegar ég var kominn í efri bekkina í Gagnfræðaskólanum var iðulega gefið frí í

skólanum til að landa úr togurum eða til að bjarga fiski frá skemmdum. Eins ef það komu flutningaskip og vantaði verkamenn þá þurftu efstubekkingar að fá frí til að afferma. Maður var því alinn upp við það að vera alltaf til taks þegar skyldan kallaði. Þar var skyldan sú að „bjarga verðmætum.“ Það þótti því mikilvægara að vera í vinnunni en í skólanum enda nám ekki talin vinna á Íslandi fyrr en nú síðustu árin.“

Byrjaði 10 ára til sjós

Kristjáni var sjómennskan í blóðborin og af sjómönnum kominn aftur í ættir. Lá því beinast við að



Kristján Pálsson, Ella Konn og Alli Kalli (Albert Karl Sanders) á Sólarkaffi Ísfríðinga 1991.



Þingmaðurinn Kristján Pálsson í móttöku hjá Sigríði Snævarr sendiherra í París árið 1999.

hann færi til sjós. Var Kristján sjómaður á fiskiskipum og farskipum á árunum 1960-1976, en var þó áður byrjaður að kynna sjómannsstarfinu.

„Ég var fyrst munstraður á sjó hjá afa Páli í Hnífsdal þegar ég var 10 ára á Stundvísi. Mitt fyrsta skipsrúm var því á eins og hálfs tonna trillu. Þar var ég eitt sumar, það má þó kalla það fremur skemmtun en sjómennsku, en þarna byrjaði maður allavega að gutla. Ég fór einnig stundum í túra með pabba á Sólborginni, bæði venjulega veiðitúra þegar landað var heima og eins í siglingatúra.

Forfeður mínir flestir voru útvegsbændur og lifðu við sjóinn. Þar sem pabbi var skipstjóri snerist líf fjölskyldunnar um sjóinn. Umhverfið á Ísafirði var líka þannig

það snerist allt um sjóinn. Það lá því beinast við að ég yrði sjómaður eins og allir hinir.“

Heldur þú að krakkarnir hafi haft eitthvað slæmt af að vinna svo mikið í stað þess að sitja sem fastast á skólabekk?

„Það held ég ekki. Íslenskir krakkar voru vanir því að vinna mjög mikið og þekktu ekki annað. Tími til leikja og til að sinna áhugamálum utan skólans voru auðvitað mun minni en í dag. Ég er samt ekki viss um að þessi mikla vinna hafi verið æskileg en hún skaðaði ekki. Samanborið við forfeður okkar höfðum við það gott. Atvinnu-hættirnir hafa sem betur fer breyst mjög mikið síðustu áratuginu og krafan um meiri menntun orðin mikil í þjóðfélaginu. Mikil menntun er nauðsynleg í nútíma samfélagi og ber að leggja áherslu á það

að menntun er vinna. Það orkar þó tvímælis að mínu áliti að banna ungmennum undir 18 ára aldri að vinna launavinnu.“

Ekki mikið að hugsa um pólitík

Nú var Ísafjörður mjög pólitískur bær á þessum árum og gjarnan kallaður rauði bærinn, fannstu eitt hvað fyrir því?

„Nei, ég fann nú ekki mikið fyrir slíku. Mamma var þó í sjálfstæðisfélaginu og þau pabbi voru sjálfstæðisfólk. Maður heyrði þó af erjum á milli þessara pólitísku afla. Þessar erjur milli manna í pólitíkinni voru þó ekkert síður á milli samflokksmanna en pólitískra andstæðinga.

Mitt fólk studdi mjög Kjartan Jóhannsson til þingmennsku en hann var okkar heimilislæknir og mikill ágætis maður. Þetta þýddi auðvitað að þau studdu ekki verðandi stórveldi í pólitíkinni á Vestfjörðum Matthías Bjarnason. Ég skynjaði ekki mjög sterkt á þessum árum spennuna í flokkspólitíkinni innan Sjálfstæðisflokksins heldur heyrði um þetta talað. Uppgjörið milli þeirra Kjartans og Matthíasar varð auðvitað afdrifaríkt og leiddi



Með forseta franska þingsins í glæsilegum fundarsal á neðri hæð heimilis hans í Frakklandi. Kristján var þar sem formaður Íslandsdeildar VES í móttöku 1999 hjá franska þinginu.

til klofnings innan flokksins um langt árabíl.“

Ísfirðingur féll

„Þó ég hafi ekki áttað mig á pólitíkinni sem krakki þá voru auðvitað mikil átök milli pólitískra afla á Ísafirði meðan ég var þar sem unglingur. Fullyrnt hefur verið í mín eyru að Ísfirðingur hafi falast eftir kaupum á efra íshúsinu þar sem bærinn réði. Kratararnir í bæjarstjórn lögðust gegn því og neyddu því Ísfirðing út í mikla fjárfestingu í frystihúsi. Ekki ætla ég að fullyrði neitt um þetta en endirinn varð sá að Ísfirðingur fór upp úr því á hausinn. Kannski var það vegna þess að um svipad leyti og ráðist var í miklar byggingaframkvæmdir byrja erfiðleikar hjá útgerðinni. Það var því ekki mikið borð fyrir báru fjárhagslega þegar veiðin brást og skuldir vegna nýs frystihúss hrönnuðust upp. Dæmið hrundi því eins og spila-borg og útgerð togaranna stöðvaðist. Húsið Ísfirðingur stendur þó ennþá sem minnisvarði um þá miklu uppgangstíma sem voru í togaraútgerð á Ísafirði á sjötta áratugnum. Byggingin er einnig til vitnis um þá mikli orku sem var í Ásergi Sigurðssyni forstjóra Ísfirðings og útgerð félagsins á sjötta áratugnum. „

Skipstjóri á sínu heimili

„Þó mikið sjálfstæði búi í öllum Vestfirðingum þá var það þannig á mínu heimili að pabbi var skipstjóri á heimilinu þegar hann kom í land. Þannig var afi Páll líka skipstjóri yfir strákunum sínum til dauðadags og kallaði þá alltaf drengina sína. Aðferðafræði afa Páls var afar einföld og skilaboðin skýr sama hvað um var að ræða. Þannig var það þegar séra Bjarni fór í forsetaframboð á móti Ásgeiri Ásgeirssyni. Afi Páll hafði fengið bréf frá Ólafi Thors formanni Sjálfstæðisflokksins vegna framboðs séra Bjarna þar sem hann hvetur



Kristján Pálsson með tveim yngri dætrunum, Sigrúnu og Hallgerði að koma úr veiði í Selárdal í Súgandafirði árið 1992.

afa og aðra sjálfstæðismenn í Dalnum til að kjósa séra Bjarna. Afi kallaði drengina sína niður í hjall og dró fram brennivínskútinn. Hin einföldu fyrirmæli afa voru þessi til drengjanna sinna. - „Ég var að fá bréf frá honum Ólafi Thors formanni flokksins og við eigum að kjósa hann séra Bjarna.“ - Þannig var línan gefin og ég geri ráð fyrir að drengirnir hans afa hafi gegnt. Það var ekkert vesen með svona hluti í þá daga.“

Kom pólitíkin ekkert við sögu varðandi mannaráðningar á skipin?

„Ég held ekki. Pabbi var vel liðinn sem skipstjóri og laðaði að sér mjög góða menn. Það voru alveg hörku sjómenn á Vestfjörðum og ég held að duglegustu mennirnir hafi alltaf komist um borð fyrir eða seinna.

Fyrst þegar togararnir komu var slegist um hvert pláss og kannski þrír menn sem sátu um hvert skipsrúm. Auðvitað gátu aldrei allir komist um borð og örugglega hafa margir bendlað það við pólitík hverjir komust um borð og hverjir ekki. Svo spilaði kunningsskapur

líka inn í en slíkt hefur alltaf verið við lýði á Íslandi. Ég er sjálfur búinn að vera viðloðandi pólitík í 30 ár og einnig útgerð og kannast svo sem vel við það. Þegar þarf að velja á milli hæfra manna þá held ég samt að það sé sjaldgæft að menn láti pólitíkina endanlega ráða því og ráði óhæfari mann. Alla vega ekki ef mönnum er umhugað um að láta fyrirtæki sitt ganga.“

Ráðinn sveitarstjóri á Suðureyri

„Aftur á móti fór ég að hugsa heilmikið um pólitík þegar ég var ráðinn sem sveitarstjóri til Suðureyrar í Súgandafirði árið 1977. Súgandafjörður er núna hluti af Ísafjarðarbæ. Ég var ráðinn þangað af Óla Þórðar og starfaði sem sveitarstjóri á Suðureyrarhrepps á

árunum 1977 til 1980.

Það var mikill uppgangstími á Vestfjörðum á áttunda áratugnum.“

Skuttogaravæðingin og mikill afli

„Árið 1973 fór ég í Tækniskólan en stundaði sjóinn á sumrin og reyndar heilan vetur líka á togurum Páli Pálssyni og Júlíusi Geirmundssyni. Þegar ég kom til Suðureyrar 1977 sem sveitarstjóri var skuttogaravæðingin í algleymingi og tveir togarar á Suðureyri fyrir utan marga báta. Á árunum fram yfir 1980 var landað um 10 þúsund tonnum af fiski árlega á Suðureyri. Fluttir voru inn útlendingar í stórum stíl fyrir vinnsluna og verbúðirnar fullar af áströlskum verkamönnum og konum.

Mikil fjölgun varð í byggðarlaginu á þessum árum og byggt upp um allar koppagrundir. Unnið var nýtt land undir framtíðar byggð þegar veginum inn í þorpið var breytt og myndað stórt lón innan við þorpið sem hugmyndin var að fylla upp. Þegar við fjölskyldan fluttum til Ólafsvíkur 1980 voru Súgfirðingar orðnir



Kristján Pálsson og fjölskylda við stúdentsútskrift Sigrúnar árið 2000. Talið frá vinstri: Kristján Pálsson, Hallgerður Lind, Arndís, Ólöf, Ólöf Karvelsdóttir og Sóley Halla. Fremst fyrir miðju er stúdentinn Sigrún.

526 og enn mikill uppgangur og bjartsýni í mannskapnum. Því miður hefur hallað heldur undan fæti síðan.“

Þegar kvótinn kom

„Þegar kvótinn var innleiddur 1984 þá einhvern veginn frjósá Vestfirðingar fastir í fari sem ég vil segja að sé dálítið mikið pólitík um að kenna og hvernig hún var rekin fyrir vestan á þeim árum. Þó Matthías Bjarnason, fyrrum þingmaður og ráðherra, hafi gert margt gott, þá held ég að sá mikli áróður sem hann hafði uppi gegn kvótakerfinu og tilætlunarsemi gagnvart Vestfirðingum, hafi í raun gert Vestfirðinga að pilsfaldakapítalistum í áraraðir. Þeir voru sífellt að bíða eftir að einhverjir aðrir en þeir sjálfir kæmu með lausnirnar nema

vonin hafi verið sú að kvótakerfið yrði lagt niður. Margir þingmenn Vestfirðinga töluðu gegn kvótakerfinu þó þeir svo samþykktu hann í raun á Alþingi.

Auðvitað hefðu Vestfirðingar getað tekið þessu með allt öðrum hætti. Það voru tveir aðilar á Vestfjörðum sem virkilega spiluðu með kvótakerfinu, þeir Guggumenn Ásgeir og Guðmundur og svo Hraðfrystihúsið í Hnífsdal með Jóakim Pálsson í broddi fylkingar. Þeir keyptu og keyptu kvóta meðan verðið var lágt. Eina virkilega sterka frystihúsið sem eftir er á Vestfjörðum í dag er Hraðfrystihúsið í Hnífsdal. Auðvitað er erfitt að alhæfa um það hvernig hlutirnir hefðu æxlast en ég held að bæði stóru frystihúsin á Ísafirði væru til í dag ef menn hefðu spilað með kerfinu á sínum tíma. Að hafa

frumkvæðið hefur verið leiðarljós Vestfirðinga alla tíð.“

Kvótakerfi eina leiðin

Var kvótakerfið eina rétta leiðin að þínu mati?

„Þegar ég sat Fiskiping árið 1983 lenti ég í þingnefnd með Kristjáni Ragnarssyni, Eyjólfí Ísfeld og fleirum sem hafði það hlutverk að finna leiðir til að stemma stigu við hættulegri ofveiði á helstu fiskistofnum landsmanna. Þessi nefnd lagði til við Fiskipingið að taka upp kvótakerfi við fiskveiðar til reynslu. Enginn fulltrúi á Fiskipinginu mælti gegn tillögunni. Menn ýmist samþykktu hana eða sátu hjá, en mótmæltu allavega ekki. Menn sáu enga aðra leið og var kvótinn samþykktur sem lög frá Alþingi skömmu seinna. Kannski var það

vegna þess að kvótinn var hugsaður til reynslu til eins árs. Einhverjir þingfulltrúar hafa eflaust hugsað þannig. Fljótlega eftir að Fiskipingsfulltrúarnir fóru á sínar heimaslóðir fór umræðan að breytast. Það varð þó ekki aftur snúið; kvótinn var innleiddur og hafa deilurnar um hann staðið óslitið síðan eins og allir þekkja.

Ég hef alltaf haldið því fram, eða öllu heldur ekki séð neina aðra betri leið, en kvótakerfið til að ná tökum á ofveiðinni; hann er því eina leiðin ennþá. Aðrir kostir kvótakerfisins hafa einnig komið betur í ljós eftir því sem tímar hafa liðið. Þegar kvótakerfið var innleitt var ég að gera út togara frá Ólafsvík. Ég byrjaði að gera út 1980 og réð til mín góðan skipstjóra að vestan sem fiskaði vel. Hann varð aflahæstur eitt árið og með aflahæstu mönnum ár eftir ár. Það var þó allveg sama hvað við fiskuðum, miklar gengisfellingar sáu til þess að skuldirnar jukust ár frá ári. Gengisfellingarnar réðust af afkomu vertíðarbátanna og fiskvinnslunnar og til að jafna þarna á milli var stöðugt verið að krukka í gengið. Það að vera með óskaplegan afla í mars, apríl og fram í maí og ekkert á sumrin og eitthvað lítið á haustin, gekk ekki upp. Vertíðarfyrirkomulag á Íslandi var vonlaust ef við ætluðum að ná stöðugleika í gengismálum þjóðarinnar. Allir voru fyrst og fremst að hugsa um að reyna að ná sem mestum afla á sem skemmstum tíma. Með þessu náðu menn engum jöfnuði yfir árið. Menn fengu aldrei hæsta verðið fyrir fiskinn og engin hagræðing náðist út úr dæminu. Svo var það auðvitað mesta áhyggjuefnið, við vorum að ganga af fiskistofnunum dauðum.

Gallar kvótakerfisins eru auðvitað margir og virðist erfitt að ráða við þá. Þegar á heildina er lítið eru kostirnir þó fleiri en gallarnir. Stöðugleikinn sem náðst hefur skiptir þar mestu og um leið vöxtur á öðrum sviðum atvinnulífsins honum samfara. Mér sýnist að landsmenn séu almennt að komast á þá skoðun.

Kristján telur þú að sú staðreynd að Vestfirðingar tóku ekki þátt í kvótakerfinu frá upphafi hafi ekki hvað síst leitt til þeirrar hnignunar

sem þar hefur orðið og við þá sjálfa að sakast?

„Ég veit ekki við hverja er að sakast. Auðvitað eiga þeir einhverja sök en aðstæður hafa einnig haft sitt að segja. Vestfirðingar hafa sem betur fer náð einhverju til baka, einkum í krókakerfinu. Ég hef stutt það að efla krókakerfið og lagði áherslu á að það færi einnig inn í kvótakerfið, en sem sér pottur. Ég vona að það verði til að styrkja útgerð á Vestfirðum á ný til framtíðar.

Þar sem við erum nú að tala um mínar æskulóðir sem mér þykir mjög vænt um, þá finnst mér mjög sorglegt að útgerðarfyrirtækin skyldu hrynja þar eins og raunin varð á. Ég vona þó svo sannarlega að menn nái að finna þær leiðir sem styrkt gætu þetta svæði.“

Telur þú að Vestfirðingum takist á ný að ná vopnum sínum?

„Eins og ég sagði áðan tel ég að krókabátakerfið hafi rennt nokkrum stoðum undir útgerðina að nýju. Möguleikar í fiskeldi framtíðarinnar eru einnig miklir og trúi ég því að logsælir firðir Vestfjarða eigi eftir að gefa mikið af sér í fisk-

eldinu. Ég leiddi starf fyrir tveim árum í nefnd sem kannaði starfskilyrði fiskmarkaða. Ég ferðaðist víða og m.a. til Bretlands og ræddi þar við stærstu fiskkaupendur á ferskum fiski í Bretlandi. Spurðir um framtíðina í fiskkaupum sögðust þeir helst vilja kaupa fisk af fiskeldisstöðvum og töldu norskar fiskeldisstöðvar uppfylla þörf þeirra fyrir fisk eftir einhver ár. Ástæðan fyrir áhuga þeirra á fiskeldinu umfram kaup á fiski á fiskmörkuðum var sú að frá eldinu kæmi fiskurinn með jafnari gæðum en af hefðbundnum fiskmörkuðum, afhending fisksins væri öruggari og verðin stöðugri. Ég tel því þorskeldi eiga mikla framtíð fyrir sér og vona ég að þorskeldistilraunir hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru í Hnífsdal o.fl. leiði í ljós mikla möguleika á því sviði við Djúp. Hvað varðar aðra möguleika þá njóta Vestfirðir vaxandi vinsælda hjá ferðamönnum og er ég viss um að sú atvinnugrein á mikla vaxtarmöguleika fyrir vestan. Vestfirðingar hafa áður séð ókleifan hamarinn en ávallt fundið leiðina upp. Ég hef fulla trú á því að það gerist einnig nú. Þess óska ég minni gömlu heimabyggð.“

Starfsferill Kristjáns Pálssonar

Eftir nám í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði sótti Kristján vélavardanámsskeið Fiskifélags Íslands sem hann lauk 1963. Þá tók við nám í Stýrimannaskólanum í Reykjavík sem hann lauk með farmannaprófi árið 1967. Þá lauk hann stúdentspróf frá Tækniskóla Íslands árið 1975. Hann tók síðan próf í útgerðartækni frá sama skóla árið 1977.

Kristján var sjómaður á fiskiskipum og farskipum á árunum 1960-1976.

Sveitarstjóri á Suðureyri 1977-1980. Framkvæmdastjóri Útvers hf. í Ólafsvík 1980-1986. Bæjarstjóri í Ólafsvík 1986-1990. Bæjarstjóri í Njarðvík 1990-1994.

Í bæjarstjórn Ólafsvíkur 1982-1990, í bæjarráði í 6 ár. Í stjórn verkamannabústaða í Ólafsvík 1986-1989. Í stjórn Útvers hf. í Ólafsvík 1986-1988, formaður. Formaður atvinnumálanefndar Ólafsvíkur 1983-1986. Formaður Umf. Stefnis í Súgandafirði og Umf. Víkinga í Ólafsvík. Í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 1990-1994, formaður um skeið. Í stjórn hafnarinnar Keflavík-Njarðvík 1990-1994, formaður um skeið, og í stjórn Vatnsveitu Suðurnesja. Í nefnd um frísvæði á Suðurnesjum 1993-1995. Formaður umdæmanefndar um sameiningu sveitarfélaga á Suðurnesjum 1994. Sat þing Vestur-Evrópusambandsins 1995, formaður Íslandsdeildar þess síðan 1999. Sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1997.

Alþingismaður Reyknesinga 1995-2003 (Fyrir Sjálfstæðisflokk og utan flokka). Í samgöngunefnd 1995-1999, félagsmálanefnd 1995-1999 og 1999-2003, allsherjarnefnd 1995-1999, umhverfisnefnd 1996-2003, sérnefnd um stjórnarskrármál 1996-1997, fjárlaganefnd 1999-2003. Þá var Kristján formaður í Íslandsdeild VESþingsins 1999-2003.

Ferðapjónustan Reykjanesi við Ísafjarðadjúp

sími 456 4844

rnes@rnes.is

www.rnes.is

<<http://www.rnes.is/>>

Opið allt árið,
gisting, veitingar
og sundlaug.
Hjartnæmt og gott
fyrir sál og líkama.

Harðfiskur frá Ísafirði

Sendi

í póst-

kröfu


um allt

land.

Litið inn

eða hringið

Sími í fiskverkun 456 3250



Fiskverkun Finnboga J. Jónassonar

Túngötu 7 • 400 Ísafirði • ☎ 456 3250, 456 3705 & 854 2432



Íslandspóstur hf

Hafnarstræti 9–11 • 400 Ísafjörður

BÍLALEIGA • DANMÖRK

International Car Rental ApS.

Ódýrir toll- og skattfrjálsir bílaleigubílar

Útvegum sumarhús frá DanCenter a.s.

Bjóðum einnig orlofshverfi og bændagistingu

Fáið sendan verðlista ☎ **456 3745**



Ísafjarðarbió

J.O.V. – Föt



HRADFYSTIHÚSIÐ

GUNNVÖR HF.

ÍSAFIRÐI

Sr. Örn Bárður Jónsson í prédikun við guðsþjónustu í Neskirkju á vegum Ísfirðingafélagsins 2. maí 2004:

Herleiðing hugarfarsins - pólitískt uppgjör

Rennið eigi huga til hins umliðna og gefið eigi gætur að því er áður var. Sjá, nú hefi ég nýtt fyrir stafni, það tekur þegar að votta fyrir því - sjáið þér það ekki? (Jesaja 43.18-19)

Jóhannesarguðspjall 16:16-22

Innan skamms sjáið þér mig ekki lengur, og aftur innan skamms munuð þér sjá mig. Þá sögðu nokkrir lærisveina hans sín á milli: Hvað er hann að segja við oss: Innan skamms sjáið þér mig ekki, og aftur innan skamms munuð þér sjá mig, og: Ég fer til föðursins? Þeir spurðu: Hvað merkir þetta: Innan skamms? Vér vitum ekki, hvað hann er að fara. Jesús vissi, að þeir vildu spyrja hann, og sagði við þá: Eruð þér að spyrjast á um það, að ég sagði: Innan skamms sjáið þér mig ekki, og aftur innan skamms munuð þér sjá mig? Sannlega, sannlega segi ég yður: Þér munuð gráta og kveina, en heimurinn mun fagna. Þér munuð verða hryggir, en hryggð yðar mun snúast í fögnuð. Þegar konan fæðir, er hún í nauð, því stund hennar er komin. Þegar hún hefur alið barnið, minnst hún ekki framar þrauta sinna af fögnuði yfir því, að maður er í heiminn borinn. Eins eruð þér nú hryggir, en ég mun sjá yður aftur, og hjarta yðar mun fagna, og enginn tekur fögnuð yðar frá yður.

Náð Guðs og friður sé með yður!

Nú veit ég ekki nákvæmlega hvað það er sem dregur okkur Ísfirðinga ásamt fylgifiskum til guðsþjónustu í dag eða á samverur yfir



Sr. Örn Bárður Jónsson

höfuð en líklega er það að einhverju leyti áttthaga- og fortíðarþrá og svo líka það að hitta ættingja, vini og kunningja, sem tengjast Ísfirði með einum eða öðrum hætti.

Bannað að horfa til baka?

Nostalgía, fortíðarþrá, er kennd sem allir þekkja að einhverju leyti. Og því skýtur það dálítið skökku við að heyra spámanninn Jesaja segja: „Rennið eigi huga til hins umliðna og gefið eigi gætur að því sem áður var.“ Eru sagnfræðingar þá óþarfir og iðja þeirra til einskis? Hvað er átt við? Megum við ekki horfa til baka? Verðum við þá e.t.v. eins og kona Lots sem flýði Sódómu og varð að saltstólpa er hún horfði um öxl?

Herleiðing hugarfarsins

Holtt er að horfa til baka í hæfilegum mæli en ætli það gildi ekki um þá iðju eins og þegar maður ekur bíl og horfir í baksýnispegilinn að leiðin framundan skiptir þó ávallt mestu. Ætli það gildi ekki um þennan texta sem aðra í hinni helgu bók að skoða verður allt í samhengi. Hér er spámaðurinn að telja kjark í herleitt fólk og beina sjónum þess fram á veginn. Vert er að skoða textann betur. Jesaja talar hér til herleiddra Gyðinga í Babýlon þar sem nú er borgin Bagdad í hinu hersetna landi, Írak. Spámaðurinn talar til fólks fjarri heimkynnum sínum, fjarri áttthögum, sveitum og borgum, vötnum og fjöllum sem fólkið ólst upp við. Við sem hér komum saman erum mörg fjarri okkar bernskuheimkynnum en sem betur fer ekki her-

leidd eins og Gyðingar forðum. Eða hvað? Getur verið að við búum stöðugt við ógn herleiðingar - herleiðingar hugarfarsins? Hvaða einstaklingar eða hópar móta skoðanir okkar? Og unga fólkið? Hvað fyllir huga þeirra og tíma? Það er barist um völd og áhrif í þjóðfélaginu og sú barátta snýst öðrum þræði um herleiðingu hugarfarsins. Og nú hina síðustu daga snýst umræðan um eignarhald á fjölmiðlum sem skipta svo gríðarlega miklu máli í lýðræðisþjóðfélagi. Þar er okkur öllum vandi á höndum sem birtist ekki hvað síst í því að bæði stóru dagblöðin eiga eigin hagsmuna að gæta og eru því í raun bæði vanhæf til þess að fjalla um fjölmiðlafrumvarpið. Af því leiðir að við megum aldrei hlusta á

aðra röddina heldur raddir beggja. Leið samtalsins skiptir svo miklu máli á hverjum tíma í samskiptum einstaklinga og hópa.

Baggar fortíðar og framtíðin

En nú er ég kominn langt frá Jesaja og huggunarboðskap hans. Kristur slær á strengi huggunar og vonar með því að vísa til fæðandi konu í guðspjalli dagsins, sem gleymir sársaukanum um leið og hún vefur nýfætt barnið örmum. Hann er að minna á að sorgir og þrautir þessa lífs taki enda. Hann bendir á nýja lausn sem er vegur trúarinnar sem liggur um stræti og torg þjáningar og mótlætis og alla leið til himinsins heim.

Fortíðin getur verið ægilegur baggi, sligandi byrði, því við eigum svo oft erfitt með að sættast við fortíðina og þá er hugsanlega erfiðasti hjallinn, í því sambandi, fólgin í því að fyrirgefa sjálfum sér. Og til eru þau sem festast í fortíðinni og ná vart að líta glaðan dag. En nú er okkur sagt að horfa fram á veginn! „Rennið eigi huga til hins umliðna og gefið eigi gætur að því sem áður var. Sjá, nú hefi ég nýtt fyrir stafni, það tekur þegar að votta fyrir því - sjáið þér það ekki?“ Nei! það sjá það ekki allir! Sýn fólks til vonar og trúar er stundum skert.

Pólitískt uppgjör

„Það eru erfiðir tímar, það er atvinnupref,“ segir í ljóði Laxness, sem án efa heyrðist sungið einhvers staðar í gær, 1. maí, þegar launafólk koma saman til þess að efla samstöðu sína í baráttu fyrir betri heimi. Sama dag hófust hádegisfréttir ríkisútvarpsins á þessum orðum: „Milljónir manna í fyrrum kommúnistaríkjum, vöknudú í morgun sem borgarar í Evrópu-sambandinu.“ Engum sögum fer af því enn hvort þetta fólk vaknaði upp við vondan draum eða góðan en líklega er þeim léttir að sjá á bak tíma kalda stríðsins og ógnar kommúnismans. Tilraunin Gerska var í framkvæmd sinni afskræming á hugsjónum sem margir hrifust af á liðinni öld. Eitt ljóða Steins Steinarr tjáir einkar vel afstöðuna til þeirra blekkinga og talsýna sem oft

verða á vegi ídealista sem brjóta heilann um örlög manns og heims. Látum skáldið tala:

Í draumi sérhvers manns er fall hans falið, þú ferðast gegnum dimman kynjaskóg af blekkingum sem brjóst þitt hefur alið á bak við veruleikans köldu ró.

Þinn draumur býr þeim mikla mætti yfir að mynda sjálfstætt líf, sem ógnar þér. Hann vex á milli þín og þess sem lifir, og þó er engum ljóst, hvað milli ber.

Gegn þinni líkamsorku og andans mætti og öndvert þinni skoðun, reynslu og trú, í dimmri þögn, með dularfullum hætti rís draumsins bákn og jafnframt minnkar þú.

Og sjá, þú fellur fyrir draumi þínum í fullkominni uppgjöf sigraðs manns. Hann lykur um þig löngum armi sínum, og loksins ert þú sjálfur draumur hans.

Já, byltingin etur börnin sín. Og getur það verið að bylting frjáls-hyggjunnar muni að lokum eta sín eigin börn á sama hátt og sú sem átti sér stað á liðinni öld og margir vilja gleyma? Herleiðing hugarfarsins!

Kirkja og pólitík

Er nú presturinn kominn út í pólitík eina ferðina enn? Og hvaða eftirskjalftar ætli fylgi nú í kjölfarið? Ísafjörður hefur alla tíð verið pólitískur bær. Lífið er pólitík í þeim skilningi að orðið pólitík er myndað af gríska orðinu polis sem merki borg og pólitík nær þar með yfir allt sem varðar málefni fólks í þessu heimi, þar með talin lýðrætti-índi fólks eða politeia. Koma Krists í þennan heim er sönnun þess að Guð lætur sig varða líf fólks, kaup þess og kjör. Jólin eru auglýsing þess að Guð lætur sig varða fólk á þessari jörð. Holdtekja Guðs felur í sér helgun þessa lífs, viðurkenningu á tilvist mannsins og glímu hans við lífið. Í raun er Kristur mesti umbótamaður sögunnar og kristin kirkja merkasta kröfuganga allra tíma. Lítum á heimsbyggðina og spyrjum okkur hvar mannrætti-índi eru helst tryggð, kjör fólks best og virðing fyrir mannlífi höfð í heiðri. Svarið er auðvelt. Þau gæði sem við teljum mikilvægust eru

best tryggð í Evrópu og N-Ameríku, í hinum kristnum löndum, einkum löndum mótmælenda. Löngum hafa Norðurlöndin fengið hæstu einkunn allra landa í könnunum alþjóðastofnana sem meta lífskjör fólks. Ætli það sé tilviljun að þar hefur kristni mótað mannlíf og gildismat um aldir og að þar eru sterkar lútherskar þjóðkirkjur?

Allsgáð viðhorf til lífsins

Og hafið þið tekið eftir því að flestar hinna stóru kirkjudeilda í heiminum hafa tekið afstöðu gegn stríðinu í Írak og þar með blandað sér í heimspólitíkina? En þær kirkjudeildir sem halda fast í bókstafinn og þröngan skilning á honum styðja órétt og það er engu líkara en tilgangurinn helgi meðalið í málflutningi þeirra. Afstaða til lífsins og tilverunnar skiptir miklu, afstaða til þekkingar og vísinda sömuleiðis. Bernsk þröngsýni getur auðveldlega leitt fólk í ógöngur. Mér kemur til hugar saga af lækningaprédikara sem hitti lútherskan prest og spurði hann hvernig fjölskyldan hefði það.

„Jú, þakka þér fyrir við höfum það öll ágætt nema hann frændi minn sem er veikur, sagði sá lútherski.

„Hann er ekkert veikur, sagði lækningaprédikarinn, hann bara HELDUR að hann sé veikur.

„Hálfum mánuði síðar hittust þeir aftur og prédikarinn spurði prestinn hvernig frændinn hefði það. Þá svaraði prestur alvarlegur í bragði:

„Hann frændi minn HELDUR að hann sé dauður!

Hvert stefnum við?

Hver er veruleikinn sem við búum við? Við hvað vöknum við á morgun? Við hvað vöknum við á efsta degi? Vöknum við upp við vondan draum og vitum ekki hvar við erum? Eða finnum við okkur heima í veröld réttlætis og friðar í himni Guðs vegna þess að við höfum stuðlað að þeim sömu gæðum í þessu lífi? Hvert stefnum við?

Við, kristnar konur og karlar, erum á leiðinni heim. Ekki til hins horfna heims eða fyrrum heim-

kynna, heldur á vit nýrrar veraldar, nýrrar framtíðar. Ísafjörður bernskunnar er horfinn og nýr orðinn til. Hin horfnu heimkynni koma aldrei aftur vegna þess að VIÐ höfum breyst. Hin horfnu heimkynni lifa aðeins í minningunni, í nostalgíunni. VIÐ breytumst stöðugt! Og VIÐ erum KÖLLUÐ til að BREYTTAST og postulinn Páll orðar það á þessa leið í minni umorðun: Hegðid ykkur ekki í takt við tíðarandann, heldur takið upp nýja hætti og nýtt hugarfar, til þess að þið fáið að upplifa í hverju vilji Guðs er fólgin, að hann er fólgin í hinu góða, fagra og fullkomna. (Rm 12.2).

Að vakna upp í nýju ríki!

Við erum kölluð til að hafa áhrif á þennan heim, kölluð til að vera samverkamenn Guðs og gera vilja hans á jörðu. Til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni. Ríki Guðs er á leiðinni, það verður í fyllingu tímans, vegna þess að Guð teflir því fram, öruggri hendi. Og kannski verður sagt í há-

degisfréttum á himnum á efsta degi: Milljarðar fólks úr fyrrum syndum spilltum heimi, vöknudu í morgun, sem borgarar í ríki Guð! Það mundi líklega kallast að vakna bókstaflega til LIFSINS!

En veistu að þú sem hefur verið falin/n Guði í heilagri skírn ert þegar borgari í þessu ríki Guðs, ríki himinsins. Eilífðin hefst ekki við gröf og dauða, heldur í heilagri skírn. Þar vorum við falin Guði, vígði eilífðinni og himni hans. Ríki Guðs er innra með okkur, fyrir heilaga skírn og iðkun trúar. Innra með okkur er í það minnsta fræ himinsins og því skiptir öllu að við stuðlum að því að þetta fræ spíri og dafni. Það gerist við það að heyra Guðs orð, það gerist í iðkun trúarinnar, í bæn og tilbeiðslu.

Leiðin heim

Við erum á leiðinni heim, heim til Guðs og leiðin þangað er fólgin í því að elska Guð og náungann eins og okkur sjálf. Og þar með liggur það fyrir að öllum stjórnmalastefnum er í raun hafnað því

engin þeirra stenst samjöfnuð við hina kristnu sýn á lífið, í hinu víða og stóra samhengi tilverunnar. Kenningar Krists eru enn í fullu gildi því ekkert betra hefur verið sagt um lífið. Þess vegna er ég kristinn og læt kristna lífssýn móta afstöðu mína til mála sem hverju sinni eru efst á baugi.

Á sama hátt og við berum minninguna um heimkynni okkar í hjarta, Ísafjörð eða hvaða stað annan, berum við þar frækorn vonarinnar um betri heim, um nýjan himinn og nýja jörð, þar sem réttlæti og friður grær. „Horfðu til himins“, söng popparinn. Stefnum þangað! Stefnum að réttlæti og friði, sanngirni og sáttfýsi í samskiptum manna. Vinnum eftir hugmyndafræði Guðs ríkis og forðumst að gera það sem stangast á við stjórnarskrá þess. „Rennið eigi huga til hins umliðna og gefið eigi gætur að því sem áður var. Sjá, nú hefi ég nýtt fyrir stafni, það tekur þegar að votta fyrir því - sjáið þér það ekki?“

Úr myndasafni Björns Pálssonar ljósmyndara



Fótboltið Dokkupúka

Þessi mynd er tekin af fótboltaliði Dokkupúka 1944. Þarna hafa þeir stillt sér upp við suðurgaffinn á heimili Björn Pálssonar að Smiðjugötu 7. Miðað við klæðnaðinn á strákunum hefur myndin verin tekið er einhver merkisatburður var í gangi, að öllum líkindum feringar. Alla vega er ólíklegt að Dokkupúkar á Ísafirði hafi spilað fótbolta í jakkafötum hversdags.

Fremst á myndinni og stoltur með fótbolta undir hendinni, er Júlíus Arnórsson, en hann átti heima í Smiðjugötu 1. Fyrir aftan Júlíus á hægri hönd (vinstra megin á myndinni) er Jónatan Arnórsson bróðir hans, sem löngu síðar gerðist ríkisstjóri eða útibússtjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á Ísafirði. Vinstra megin við Júlíus (hægra megin á myndinni) er Björn Pálsson, ljós-

myndari. Hann fluttist úr bænum að loknu barnaskólanámi og hefur um áratugaskeið rekið ljósmyndastofuna Hraðmyndir að Hverfisgötu 59 í Reykjavík. Hann átti, þegar myndin var tekin, heima að Smiðjugötu 7. Í þriðju röðinni er frá vinstri á myndinni, aftan við Jónatan, Magnús bróðir hans Arnórsson. Magnús, eða Maggút eins og flestir Ísfirðingar þekkja hann, starfaði lengi hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga eða allt þar til það merka fyrirtæki hætti vinnslu og var sameinað Hraðfrystihúsinu í Hnífsdal undir nafni Hraðfrystihússins Gunnvarar. Við hlið Magnúsar er Halldór Halldórsson, bifvélavirki og bílamálari (Dúddi á bílaverkstæðinu), en hann átti heima að Tangagötu 4. Þá kemur Guðsteinn Kristinsson, síðar bóndi í Langadal í Húnavatnssýslu. Hann er bróðir Harðar á Hunkubökkum sem margir þekkja, en faðir þeirra var Kristinn, bróðir Didda á horninu. Guðsteinn átti líklegast heima að Smiðjugötu 11 þegar myndin var tekin.

Krosshamar ehf.

Fjarðarstræti 17, 400 Ísafirði, símar: 456 4361 og 893 8062

H.V. Umboðsverslun ehf.

Suðurgötu 9, 400 Ísafirði, sími: 456 4666

Groms ehf.

Seljalandsvegi 36, 400 Ísafirði, símar: 456 5450 og 894 2526

Útgerðarfélagið Ós ehf.

Hjallastræti 19, 415 Bolungarvík

Fiskmarkaður Suðureyri ehf.

Túngata 1, 430 Suðureyri, sími: 863 9003

Glaður ehf.

Traðarstíg 1, 415 Bolungarvík, sími: 456 7137

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf.

Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

Klofningur ehf.

Aðalgata 59, 430 Suðureyri, sími: 456 6293

Berti G. ehf.

Eyrargötu 4, 430 Suðureyri, sími: 456 6196

**Vesturbyggð**

Aðalsrtæti 63 - Patreksfirði

HUNDRAÐ OG EIN ný vestfirsk þjóðsaga**Brot úr 7. bindi bókar Gísla Hjartarsonar****Að kaupa sér kerti**

Hjá Braga Magnússyni í Vélsmiðju Ísafjarðar hópast saman margir kunnir menn á Ísafirði í kaffitímum. Er þar oft þröng á þingi og mikið fjör. Kunnugir nefna þetta að fara í Bragakaffi. Eitt sinn í vor þegar margir sátu í kaffi hjá Braga Magg kom Steinunn Magnfredsdóttir í vélsmiðjuna með kerti úr bíl sínum í hendinni. Hún snaraðist upp á kaffistofu til Braga og spurði:

Áttu kerti handa mér? Ólafur Thorarensen frá Gjögri í Árneshreppi á Ströndum var við kaffiborðið. Hann leit upp og spurði:

Viltu hafa það snúið eða slétt?

Kemst aldrei út

Í marsbyrjun 2004 andaðist á Ísafirði heiðursmaðurinn Jens Markússon, fyrrum skipstjóri og

lengi síðan húsvörður í Alpýðuhúsinu, aldraður orðinn og saddur lífdaga. Var kempan jörðuð frá Ísafjarðarkirkju 10. mars.

Snemma morguns jarðarfarardaginn fór Magnús Arnórsson, Maggúdd, á fætur heima hjá sér í Félagsbakaríinu og hafði hugsað sér að fylgja Jens vini sínum til grafar þá um daginn. Fyrsta frétt sem Maggúdd heyrði í morgunfréttum útvarpsins var að Baldvin Þorsteinsson EA hefði rekið upp á sandana á Meðallandsfjörum með nótina í skrífunni. Baldvin hét áður Guðbjörg ÍS 46. Skipið var þá flaggskip íslenska fiskiflotans og gert út frá Ísafirði. Samherji keypti síðan Gugguna og flutti hana til Akureyrar og voru margir súrir fyrir vestan, svo sem kunnugt er. Maggúdd þóttu þetta mikil tíðindi að skipið væri strandað suður á söndum. Hann vissi sem var, að sandarnir höfðu sjaldan eða aldrei skilað þeim skipum sem þar strönduðu. Var hann viss um að

svo yrði einnig nú og hefði þeim Samherjamönnum hefnst fyrir að ræna Ísfirðinga Guggunni.

Klukkan tvö fór Maggúdd í jarðarförina en var stöðugt að hugsa um togarann á Meðallandsfjörum. Eftir fagra athöfn var kista hins aldna skipstjóra borin úr kirkju. Maggúdd beið á bekkjarenda nálægt miðri kirkju meðan kistan fór hjá og fólkið af bekkjunum fyrir framan. Þá gengu hjá þeir Jóhannes G. Jónsson, fyrrum framkvæmdastjóri Íshúsfélags Ísfirðinga, og Þorleifur Pálsson, bæjarritari á Ísafirði, fyrrum framkvæmdastjóri Hrannar hf. sem á sínum tíma gerði út Gugguna, en kista Jens heitins var komin fram að kirkjudyrum. Þá gleymdi Maggúdd sér, enn að hugsa um strandið, steytti hnefann að Þorleifi og hrópaði svo að heyrðist um alla kirkjuna:

Ééég skal vveðja við þig! Þþþeir koma honum aldrei út!

Kannski verð ég skáld á elliárunum

– segir Dóri Hermanns í viðtali við Gísla Hjartar

Halldór Hermannsson skipstjóri á Ísafirði er tvímælalaust elsti unglingurinn í bænum. Allir þekkja Dóra Hermanns sem er núna sjötíu og eins árs að aldri og aldrei verið hraustari en nú. Dóri flutti til Ísafjarðar ungur að árum og hefur búið þar allar götur síðan - og það í sama húsinu að Mjógötu 3, í hjarta bæjarins síðan árið 1945. Mun það vera einsdæmi að búa í sama húsinu nærri sextíu ár, samfellt.

Það lætur hátt í karlinum, hann er tæpitungulaus, kjarnyrtur, hreinskilinn og vestfirskur í húð og hár. Eiginkona Dóra er Katrín Gísladóttir og eiga þau sjö börn, sextán barnabörn og eitt barnabarnabarn. Hér lætur karlinn aldeilis vaða á súðum eins og á sjónum forðum:

„Ég er fæddur á Svalbarði í Ögurvík í Djúpi 2. janúar árið 1934. Við vorum ellefu systkin og ég er þriðji yngstur þeirra. Pabbi átti og gerði út litla trillu, Hermóð, og aflaði á henni viðurværis handa fjölskyldunni ásamt um tuttugu rollum sem hann hafði. Eina belju hafði hann þegar best lét. Þetta var nú lifibrauðið. Róið var frá því um páskana og fram að jólafoöstu. Pabbi var alltaf á fleygi-ferð. Það þurfti alltaf að setja bátinn upp á kamb og var hann hífdur upp á gangspili. Hermóður var þrjú tonn og dekkadur.

Á Hermóði var pabbi alltaf í eilífum ferðum með lækninn fram og aftur um Djúpið, í alls konar veðrum, en héraðslæknir sat í Ögri á



Dóri til alls líklegur um borð í fleyi sínu.

þessum tíma. Þetta þóttu suksamar ferðir.“

Byrjaði að vinna sex ára

„Æskuheimili mitt Svalbarð er nú undir þjóðveginum rétt utan til við bryggjuna í Ögri. Þar var mjög lítið hús á tveimur hæðum, byggt 1925 af sama smið og byggði bæinn í Hagakoti. Foreldrar mínir fengu smáskika og túnblett út úr Ögurfjörðinni til þess að byggja á. Rétt fyrir utan Svalbarð var Oddi. Þar bjó Þórður Ólafsson og reri á litlum bát. Íbúðarhús Þórðar brann

1943 og þá flutti hann burt. Þá fór einnig að losna um okkur um þetta leyti því mikill stuðningur var að þeir reru þarna tveir úr Ögurvíkinni.

Ég ólst þarna upp við öll venjuleg sveitastörf. Sex ára gamlir byrjuðum við bræður að stokka upp lóðir og skera úr kúfiski og kræklingi. Það var alltaf verið að puða við þau verk er til féllu því allir urðu að leggja heimilinu lið við öflun matfanga.

Faðir minn var Hermann Hermannsson og var hann ættaður úr Trékyllisvík á Ströndum, fæddur á Krossnesi og fluttist þaðan að Djúpi níu ára gamall. Faðir hans hrökklaðist burt af Ströndum til þess að leita sér og fjölskyldunni bjargar. Það voru óskapleg hafísaár fyrir og um aldamótin 1900 og búið alveg bjargarsnautt. Aðeins bændur á allra stærstu búunum höfðu ofan í sig og á, hinir sultu heilu hungri. Fjölskyldan hrökklaðist fram og aftur á milli jarðaskika í Djúpi þar til afi settist að í Hagakoti hjá Halldóri Hermannssyni föðurbróður mínum.

Móðir mín var Salóme Rannveig Gunnarsdóttir, fædd á Eyri í Skötufríði. Faðir hennar var Gunnar Sigurdsson. Mamma missti móður sína Önnu Kristínu unga, 29 ára gamla, og þá tvístruðust börnin og mamma lenti í Ögri og var alin upp þar. Fyrst hjá Þuríði Ólafsdóttur konu Jakobs Rósinkarssonar í Ögri. Jakob var þá látinn, hann lést um fertugt. Dætur Jakobs, Ragnhildur



Um borð í Engilráð ÍS 60. Gísli og Hermann Jón Halldórssynir með pabba sínum að mála bátinn.

og Halldóra, bjuggu með móður sinni fyrst eftir lát föður síns og tóku síðan við Ögurbúinu. Hjá þeim var mamma áfram í Ögri.“

Flutt út á Ísafjörð

„Pabbi gerðist vinnumaður í Ögri rétt innan við tvítugt og reri sem formaður á áraskipum Ögurbúsins. Báturinn sem hann var á fyrst hét Ögri og var sexæringur. Í Ögri kynntust foreldrar mínir og byrjuðu sinn búskap í Ögurbúinu, uppi á háalofu. Þar áttu þau fjögur fyrstu börnin.

Vorið 1945 fluttum við frá Svalbarði til Ísafjarðar. Þá var flótti úr sveitunum í þéttbýlisstaðina. Sérstaklega fluttu þeir sem byggðu á sjósókn. Þeir voru náttúrlega ekki margir í Djúpinu, nema pabbi og Þórður í Odda. En fólkið flyktist líka burt af Hornströndum, úr Aðalvíkinni og Jökulfjörðunum. Þetta var eins og ein skriða. Sumir settust að á Ísafirði, Hnífsdal, Súðavík og Bolungarvík, en aðrir fóru suður, sumir eftir stuttan stans í þéttbýlinu við Djúp. Það var aragrúi af fólki sem var á ferð og flugi um þessar mundir. Karlinn hann pabbi hélt áfram að róa hér á Ísafirði

ásamt með annarri vinnu og við hjálpuðum til meðan við vorum í skóla bræðurnir.

Ég fór náttúrlega í skóla og kláraði svokallað landspróf frá Gagnfræðaskólanum. Þá var mér opin leið í menntaskóla en mín leið lá ekki þangað.“

Byrjað til sjós

„Það var sjórinn sem lokkaði mig. Ég byrjaði að stunda sjóinn

sextán ára gamall á stærri bátum, fyrst með Gunnari bróður mínum á Valbirni. Seinna var ég með Gunnari í fimm ár, mest í Hafnarfirði á ýmsum skipum. Ég fór í Stýrimannaskólann 1955 og lauk meira fiskimannaprófi þaðan 1956. Um þessar mundir var ég trúlofaður og við eignuðumst fyrsta barnið 1955. Eiginkona mín er Katrín Gísladóttir. Hún er dóttir hjónanna Gísla Júlíussonar skipstjóra hér í bæ og Bergrínar Jónsdóttur. Gísli var fæddur á Hyrningsstöðum í Reykhólasveit og flutti með foreldrum sínum eins árs gamall að Snæfjöllum á Snæfjallaströnd. Þaðan flutti hann til Ísafjarðar og var lengi skipstjóri á Fagranesinu. Bergrín var af Austfjörðum og kom ung til Ísafjarðar. Hún var ung frammistöðustúlka á Þórstöðum sem var matsölustaður á Ísafirði. Þóru þekktu allir gamlir Ísfirðingar. Hún rak billjardstofu og bjó með Bjarna Hávarðarsyni skipstjóra. Karlinn drakk mikið og sagt var að Þóra hefði tekið hann upp í skuld. Bjarni var mikill snurvoðarmaður og fiskaði óhemju vel og það gustaði af honum. Það eru margar skemmtilegar sögur til af Bjarna.

Við Katrín hófum svo okkar búskap á Ísafirði. Við keyptum efri hæðina í húsi pabba að Mjögötu 3. Þar hefur húsið staðið frá 1882. Það sagði mér gömul sannorð kona sem bjó í nágrenninu, að þetta hús hefði áður staðið inni á Torfnesi fyrir 1882. Það hefur þá trúlega ver-



Engilráð að koma til heimahafnar árið 1971.

ið nýlega byggt af Norðmönnum sem hér voru á síldveiðum upp úr 1864. Upp úr 1880 komu gífurleg harðindaár og Norðmenn flúðu hreinlega alls staðar af landinu í þessum ósköpum sem yfir gengu á þessum árum. Hafísinn náði alveg suður undir Hornafjörð og sást á Faxaflóa. Það var alveg ægilegt ástand á Ströndum þar sem faðir minn átti heima. Þar sást ekkert líf, bara hvít auðnin svo langt sem augað eygði. Á þessum árum kaupir maður að nafni Hjalti húsið og flutti það yfir ísлагðan Pollinn og setti það niður að Mjógötu 3 í hjarta bæjarins. Í þessu húsi hef ég búið frá því ég kom til Ísafjarðar og bý enn. Þetta tel ég einsdæmi.“

Þorðu fáir að róa með Geira

„Árið 1956 byrjaði ég hjá Gunnari bróður sem stýrimaður og var þar í tvö eða þrjú ár. Þá þurfti ég að koma mér vestur því ég var kominn með eiginkonu og heimili. Ég var búinn að vera með Geira Bjartar á Pólstjörnunni eina vertíð á línu, líklega 1952. Þá voru bara tvö eða þrjú skip á línu á Ísafirði. Geiri var þá aðalkallinn í sjósókninni á Ísafirði. Ég man ekki eftir að fleiri væru á línuveiðum nema Ásbjörninn og Óli Sigurðs á Auðbirni. Geiri átti erfitt með að fá mannskap. Menn þorðu varla að vera með honum því hann sótti svo djarft. Pólstjarnan var nú ekki stór bátur, 25 tonn minnir mig.

Ég hafði lítið kynnst línuveiðum þótt ég hefði verið á línu fyrir sunnan. En þegar ég kom vestur fór ég á línuveiðar og varð stýrimaður á Ásbirni hjá Guðmundi heitnum Gíslasyni eitt ár og vorum við á síld um sumarið. Síðan fór ég yfir á Straumnesið, sem Haukur heitinn Helgason átti, og var stýrimaður. Ég sótti Straumnesið út í Austur Þýskalund. Síðan var þetta koll af kolli þar til ég sótti Guðnýjuna austur á Djúpavog fyrir þá Baldur Jónsson og Sigga Sveins og reri henni í fimm ár á línu sem skipstjóri hér á Ísafirði.“

Mikil blóðtaka sjómanna

„Þessi ár voru ákaflega erfið til sjósóknar hér á Vestfjörðum. Ég



Dóri og Óskar Jóhannesson meðeigandi Dóra og skipstjóri á Engilráð, ásamt syni sínum Albert Óskarssyni. Bak við Óskar er maður frá Drangnesi að skoða bátinn.

varð formaður Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar og kynntist þessu ákaflega vel. Sem formaður félagsins þurfti ég að sinna ýmsum málum varðandi fallna félaga og hvað hægt væri að gera til að koma í veg fyrir sjóslys

sem voru ákaflega tíð á þessum árum. Frá 1964 til 1970, í sex ár, fórust níu skip frá Vestfjörðum, og flest með manni og mús. Þetta var alveg gífurleg blóðtaka fyrir Vestfirði. Árið 1968 misstum við Heiðrúnu II frá Bolungarvík og tveir breskir togarar fórust inni í Djúpi, annar með allri skipshöfninni utan eins manns sem bjargaðist. Harry Eddom heitir hann. Árið 1968 misstum við Trausta frá Súðavík. Skipstjóri var vinur minn Jón Magnússon frá Ísafirði. Árið 1964 fórst vinur minn Biggi Ben ásamt allri skipshöfn á Freyju úr Súðavík. Árið 1970 fórst svo Sæfariinn frá Tálknafirði með allri áhöfn. Er þá ekki allt upp talið. Þetta var alveg með eindæmum þessi blóðtaka. Veðráttan var með eindæmum erfið, áhlaupasöm, frost og kuldi í sjónum og ísingarhætta. Þetta hjálpaðist allt að.

Veðurstofan var alveg mát gagnvart þessu. Við margfórum á Veðurstofuna og spurðum hvort ekki væri hægt að taka þennan beiska kaleik frá okkur. Þótt Veðurstofan spáði bara kalda vorum við oft í svartabyll, frosti og 10 - 11 vindstigum að



Þristur og Engilráð hlið við hlið í Ísafjarðarhöfn.



Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum farsældar á nýja árinu

Olíufélag Útvegsmanna hf.

Hafnarhúsinu, 400 Ísafjörður, sími: 456 3245

Hamraborg ehf.

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafirði
Sími 456 3166 • Fax 456 4766

MÍÐFELL hf. rækjuverksmiðja

Sindragötu 1 • Ísafirði • Sími: 450 4000

Kaupfélag Steingrímsfjarðar

Höfðatúni 4 • 510 Hólmavík • Sími: 455 3100
Essó skálinn - Opíð 9–23,30

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Árnagötu 2–4 • Ísafirði • Sími: 450 3000



**EFNALAUGIN
ALBERT ehf**
Sindragata 14 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4670



Vélsmiðja – Blikksmiðja

Pristur hf.

Sindragötu 8 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4750

Guðbjartur ehf.

Urðarvegi 33 • 400 Ísafirði • Sími: 896 1046

Pórsberg hf.

Fiskvinnsla, útgerð
Strandgötu 25 • 460 Tálknafirði • Sími: 456 2553

Veitingaskálinn Brú

Hrútafirði, sími: 451 1122



**Oddi hf.
Patreksfirði**

Eyrargötu • Sími 450 2100



456 5500



Adalstræti 26 • 400 Ísafjörður • Sími 456 3902

Löggiltir endurskoðendur Vestfjörðum hf.

Adalstræti 24 • 400 Ísafj. • Sími 456 4066 • Fax 456 4133



Sparisjóður Bolungarvíkur

Adalstræti 14 • Bolungarvík • Sími 450 7100
Adalgötu 8 • Suðureyri

STAÐARSKÁLI

Hrútafirði • Sími 451 1150



Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Brunngötu 7 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4233

Ísblikk ehf, blikksmiðja,

Árnagötu 1, Ísafirði, símar: 456 5550

Bókhaldsstofan Fagverk

Aldís Rögnvaldsdóttir

Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • Sími: 595 0113 • fax: 595 0151



Sundagörðum 2, Reykjavík
Sími: 515 1100, Fax: 515 1110

draga línuna. Veðurfræðingarnir virtust vera svo gjörsamlega úti að aka á þessum tíma. Veðráttan var svo erfið og miklu færri veðurathugunarstöðvar heldur en nú og erfitt viðureignar að spá fyrir svæðið. Við höldum fund í Bylgjunni og ræddum hvað hægt væri að gera í málinu. Við sendum átlitsgerð til Veðurstofu, Skipaskoðunar, Stýrimannskóla og út um allar trissur. Þar bentum við á helstu atriði sem við töldum hægt að gera til úrbóta í þessum efnunum og forðast sjóslýsin. Í átlitsgerðinni var fjallað um ísingarhættuna og skipstjórnarmönnum bent á leita til næsta lands í stað þess að strekkja strax til heimahafnar og loka göngum skipanna til þess að gera þau öflugri.“



Dóri hlakkar yfir góðum afla.

Kjölfestan lykilatriði

„Við hvöttum Skipaskoðun til þess að fylgjast betur með kjölfestu fiskiskipa. Lappirnar voru alltaf dregnar í því á Íslandi að fylgjast með kjölfestu skipa. Ég skrifaði blaðagreinar um þetta efni. Á tímum seglskipanna voru skipin full af kjölfestu til að vega á móti ráð og reiða. Þegar svo minni vélbátarnir komu upp úr 1920 og 30 voru í þeim gríðarlega þungbyggðar vélar. T.d. í 15 - 16 tonna bátum voru allt upp í 9 tonna þungar vélar niðri í kjöllum. Í stríðinu komu svo þessar saumamaskínur sem ég kalla svo, vélarnar urðu bara eitt og hálf tonn í sömu bátum og ekki hugsað um neina kjölfestu. Skipaskoðun gaf þessu engan gaum. Ég benti Skipaskoðun á hvort þeir gætu ekki farið að reikna út stöðugleika og kjölfestu bátanna, bæði sumar og vetrarkjölfestu. Það þótti gott að vera kjölfestulaus á síldarárunum til þess að koma meiri afla í bátana. Það var ekkert gert. Bókstaflega ekkert og ég kallaði þetta að fljóta sofandi að feigðarósi. Bátum var ungað út í hundræðatali frá skipa-

smíðastöðvunum, allt frá 6 og upp í 60, 80 tonn, og ekki hægt að vita fyrirfram hvort þeir tylldu á kjölnum. Margir þessara báta römbuðu á kjölnum í fyrstu tíkargjólunni sem þeir lentu í eftir að þeir voru sjósettir.

Ég hafði gott vit á að keyra skip í vondum veðrum og var mjög næmur fyrir því. Ég taldi mig aldrei hætt kominn nokkurn tíma á þessum árum. Ég get sagt þér það að þegar Svanurinn, sem gerður var út frá Hnífsdal, fórst með manni og mús í aftakaveðri var ég skipstjóri á Straumnesinu og var að sigla upp. Það voru 12 - 14 vindstig, mikill straumur á móti veðrinu og því svakalegt sjólag út af Vestfjörðunum. Ég fór bara nógu rólega, alveg lúshægt. Ég sá að skipverjarnir sem voru í kringum mig í brúnni voru hissa á hvað rólega ég fór. Ég sagði við þá: „Hér gildir strákar mínir að fá enga skvettu inn á skipið. Það þolir það ekki. Við verðum bara að lúsast upp.“ Mér tókst það með þessu lagi.

Seinna, eða í janúar 1969, fórst Svanurinn frá Súðavík og þar varð mannhjörg og alveg merkilegt að gúmbáturinn með mönnunum skyldi finnast. Svanur var skip sömu

gerðar og Straumnesið og fékk brot á sig í Djúpálnum.“

Bátur keyptur

„Óskar Jóhannesson vinur minn frá Bæjum hafði verið skipstjóri líka. Hann var með Hrönnina fyrir Guðmund Guðmundsson og Geira Bjartar, fyrst með litlu Hrönnina sem var fyrsta Guggan, 40-50 tonn, og síðan með Hrönnina 80 tonna, aðra Guðbjörgina, sem var hvít. Við vorum báðir orðnir leiðir á þessu hjakki og ákváðum að fara yfir í smærri bátana og vera á línu og reyna að komast inn í rækjubransann ef hægt væri. Við keyptum okkur gamlan bát, Þrist, frá Vestmannaeyjum, byggðan 1926 í Danmörku og rerum á línu. Við komumst síðan inn í rækjubransann 1969 að mig minnir. Það var erfitt að komast inn í þann bransa. Það var alltaf verið að reyna að sporna við því að bátarnir yrðu of margir.

Á þessum tíma voru margir bátar af þessari stærð hér við Djúp og rækjuveiðar og rækjuvinnsla voru blómleg atvinnugrein. Fram undir 1970 var rækjan handpilluð, en þá komu pillunarvélarnar og verk-

smiðjurnar þurftu meira hráefni. Það voru margar rækjuverksmiðjur við Djúp, á Ísafirði, í Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík, ég held sjö verksmiðjur þegar flest var. Um langa hríð rak Björgvin Bjarnason, bróðir Matta Bjarna alþingismanns og ráðherra, rækjuverksmiðju á Langeyri í Álftafirði. Það var alltaf mikil drift í Björgvin, hann var alveg einstakur maður. Ég hef alltaf sagt það að ef hann væri uppi í dag kæmust þeir bestu í viðskiptalífi landsins núna ekki með tærnar þar sem hann hefði hælana. Þetta var svo lifandi og glúrin karl. Við lönduðum hjá honum fyrst þegar við byrjuðum á rækjunni. Rækjustöðin hf. sem ég var þátttakandi í hóf rekstur 1970 og stofnuðu sjö rækjuskipstjórar og eigendur rækjubáta það fyrirtæki.“

Rækjukarlarnir sérstakur þjóðflokkur

„Rækjukarlarnir á þessum tíma



Óskar heitinn skipstjóri undirbýr löndun á góðum rækjuafli úr Djúpinu.

voru alveg sérstakur þjóðflokkur, sumir alveg einstæðir karakterar. Þeir áttu flestir sína báta og voru ákaflega sjálfstæðir í sínum gerðum og hugsunum. Þeir voru kóngar í sínu ríki, hver og einn. Margir þeirra voru skapríkir og það var töluverð barátta um miðin og fiskiríð. Menn vildu fiska vel og mikil taugaveiklun var í kringum veiðarfærin sem voru litlu næturnar fyrst. Það var hægt að taka þær undir höndina og bera þær heim í hús til viðgerðar ef þær rifnuðu í festu. Mönnum fannst sitt á hvað

um það hvað gæfist best, næturnar áttu að vera svona og hinsegin. Undir þeim var gras-tóg með steinvölum á til að þyngja þær og veltu menn vöngum yfir því hvort þetta og þetta margir steinar ættu að vera á tóginu, því þetta varð allt að vera svo létt. Menn voru fastir í botni á rassgatinu meira og minna og það olli rifrildum á nóttinni. Þeir sögðu nú um Hjört stapa, en

hann var mikill fiskimaður og einn af elstu körlunum í rækjubransanum, að hann vildi fylgjast með ef einhver var að fiska. Það var eins og það væri segull í trollinu hjá honum. Ef Stapinn hélt að einhver væri að fá rækju dró hann svo nálægt hinum bátunum að oft endaði með því að hann festi saman við þá. Einu sinni festu þeir saman trollin inni á Skötufirði, Hjörtur stapi og Torfi Björns á Erninum. Það fauk í Torfa því nú þurfti að greiða trollin í sundur í veltingi og látum. Torfa kallaði milli bátanna til Hjartar: „Hjörtur, nú ætti ég að koma yfir og gefa þér á kjaftinn!“

„Já, helvítis fiflið þitt. Það væri eftir þér að berja gamlan mann!“, kallaði Stapinn á móti.“

Í skráfunni

„Svona gekk þetta nú og oft gaman að þessum körlum. Þegar ég byrjaði á rækju voru upp undir þrjátíu bátar á rækju í Djúpinu. Svo fjölgaði bátunum hægt árin á eftir og mikil spennan varð í þessu eftir að verksmiðjunum fjölgaði. Þeir komust um tíma upp í fimmtíu. Þetta voru allt of margir bátar. Bátunum fækkaði svo aftur niður í á milli 30 og 40 og hékk lengi í þeirri tölu. Sigurjón Hallgríms, Óli heitinn Össurar, Ægir heitinn Ólafsson voru menn sem stunduðu rækjuveiðar frá blautu barnsbeini. Þeir



Fjölskyldan í Mjögötunni, aftari röð frá vinstri: Bergljót, Gísli, Rannveig, Ragnheiður, Gunnar og Hermann.

Fremri röð f.v.: Katrín Gísladóttir, Guðmundur Birgir og Halldór Hermannsson.

Á Stjörnunni RE með Gunnari bróður. Stjarnan var gerð út frá Hafnarfirði. Myndin neðst til hægri er af Gunnari Hermannssyni í glugganum. Gunnar var landsfrægur aflamaður.



þekktu þetta ákaflega vel og voru góðir aflamenn. Skammturinn sem fiska mátti var kannski ekki nema þrjú tonn um vikuna. Þegar handpillunin var mátti jafnvel stundum ekki veiða nema fimm hundruð kíló á bát á dag. Þeir voru þá oft komnir snemma að og reyndu þá auðvitað að veiða sem stærsta rækju. Það var líf og fjör í rækjubransanum og margt spaugilegt gerðist sem brosað var að.

Torfi vinur minn Björns á Erninum var gamall togaramaður og vildi ekki hafa trollið inni á dekki hjá sér lengur en nauðsynlegt var. Hann vildi láta það fara strax hvar sem hann var staddur, jafnvel þótt hann væri uppi á einhverjum helvítis tindum. Hann togaði sig bara niður af þeim. Stundum var nú dálítill flýtirinn á Torfa og stundum fékk hann trollið í skrúfunu. Það var ekkert óeðlilegt að sjá Örninn með eina nót í skrúfunni og togandi með varanótina úti. Þá var hann ekki búinn að ná úr skrúfunni en gat kúplað að og togað karlinn. Torfi var ekkert að víla hlutina fyrir sér og lenti í ýmsu basli. Hann virtist með þeim ósköpum gerður að hann gat oftast reddað sér á síðustu hólunum undir myrkur. Hann var mikill og hepp-

inn aflamaður, gríðar heppinn þótt hann væri oft í basli.“

Hífðu sig niður

„Það var eins með rækjubátana og línubátana á þessum tíma að Djúpið tók sinn toll af þeim. Þegar trollin fóru að þyngjast og stækka eftir 1970 og bobbingar fóru að koma undir í stað steinanna urðu veiðarfærin minnstu bátunum um megn. Nokkrir bátar hífðu sig niður enda voru spilin í þeim öflug. Ef svo vildi til að menn voru fastir í botni með annan vírinn mátti stýrið ekki vera í öfugt borðið. Miðað við átakið gátu þeir þá kúvent bátunum á bara augabragði. Það fóru tveir eða þrír bátar með þessum hætti og með þeim a.m.k. þrír menn. Samt björguðust margir naumlega. Hjörtur stapi lenti í

þessu fyrstur manna á Einari litla. Hann og Hjörtur nafni hans Kristjánsson héngu á stefninu, sem eitt stóð upp úr sjónum, í blíðskaparveðri, en miklu frosti, inni á Skötufirði í eina tvo tíma. Það vildi þeim til lífs að strákarnir á Skarði, en þá var búið þar, voru á rjúpnaskytteri og heyrðu hróp og köll utan af Skötufirðinum og komu svo auga á þá nafnana á stefninu. Þeir hrundu trillu á flot og sóttu karlana helkalda og mátti ekki miklu muna að illa færi. Stapatröllið var ekki feigur þá frekar en nafni hans. Fór hann margan brattann sá karl.

Upp úr 1960 var mikið aflaleyfi á rækju í Djúpinu. Þá byrjuðu rækjubátarnir að fara norður á Ingólfsfjörð á Ströndum og veiða rækju á Ofeigsfjarðarflóanum. Þar veiddu þeir vel. Þetta var gert á haustin og var hættuspil. Bátarnir voru litlir,

þeir minnstu um 5 til 6 tonn. Þeir sóttu á þessum litlu bátum fyrir Horn í október, nóvember og jafnvel í desember. Þetta er ein hættulegasta siglingaleið við Ísland og næstum því hafnleysa á veiðisvæðinu. Einu sinni voru þrír litlu bátanna á heimleið að norðan fyrir jólnin, Farsæll, Einar litli og Frægur. Lentu þeir í aftaka veðri og voru tveir næstum farnir niður á Straumnesröstinni í broti. Farsæli hvolfði fór heilan hring en sigldi heill upp úr öllu saman. Svo voru nú leigðir stærri báta til að sigla með rækjuna til Ísafjarðar. Svo var bannað að veiða á þessu svæði nema heimabát frá Ingólfsfirði.“

Beitningarvél

„Við Óskar heitinn létum svo smíða fyrir okkur 30 tonna bát á Skagaströnd árið 1971. Hann skírðum við Engilráð eftir ömmu Óskars. Við ætluðum að róa honum á línu líka, ásamt rækjuveiðunum. Við vorum fyrstir með beitningavél um borð, keyptum hana frá Færeyjum. Við vorum með hana um borð eitt sumar og það gekk allt í basli. Það kunni enginn á Íslandi neitt fyrir sér í því að halda henni við og gera við. Þetta var eiginlega tilraunavél. Með því að leggja línuna út í gegnum vélina beitti hún og skar beituna um leið. Þetta var ekki nógu hentugt og miklir rykkir á þessu öllu saman. Við öfluðum samt sæmilega en gáfumst upp á vélinni. Þessi tilraunastarfsemi varð þó til þess að við duttum út úr línuveiðunum. Við vorum alltaf á handfæraveiðum á sumrin, eða í sextán ár samfleytt og rækjuveiðum á vetrinum, á Þristi og Engilráð. Engilráð áttum við í nú á. Þá veiktist Óskar og gat ekki stundað sjó.“

Ég fór í land og byrjaði að verka fisk og átti við það í nokkur ár. Þetta var saltfiskverkun og við frystum einnig lítillga. Ég var stjórnarformaður í Rækjustöðinni í 25 ár og var svo nokkur ár verkstjóri þar. Svo endaði ég sem hafnarvörður á Ísafjarðarhöfn síðustu árin. Nú er ég löglega hættur að vinna. Ég er nú samt að leika mér svolítið við að beita á Norðurljósinu hjá Gunnlaugi Finnbogasyni. Svo hífi ég ættargripinn Hermóð á sjóinn fyrir

Sverri bróðir og set hann upp á haustin. Ég gef honum líka auga fyrir Sverri í höfninni þegar hann er ekki inni á Grund. Svo fær hann hjá mér holl ráð ef ég get veitt þau í sambandi við útgerðina. Sverrir og Margrét dóttir hans fara mikið á sjó að fá sér fugl og fisk í soðið.“

Af Gumma kýli

„Aftur að rækjukörlunum. Guðmundur vinur minn Sigurðsson, kýlir sem kallaður var, var með Sigurð Þorkelsson fyrir Helga Geirmundsson. Það var gaman að Gumma kýli. Hann var nákvæmur maður og hafði ekki orðið skipstjóri fyrr en á seinni árum. Hann hafði verið háseti á togurum í fjölda ára, á Sólborginni og svo hjá Geira Bjartar á Guðbjörgunum. Það var samt fyrsta klassa skipstjóraefni í Gumma kýli. Hann var ákaflega glöggur, mikill aflamaður og gat þulið upp toginn sín á rækjunni í réttri röð alveg frá hausti til vors. Hann var eins og tölva og mundi hvernig hann hafði togað þarna og svo hvernig hann hafði togað þarna og hinsegin til baka og hvað hann hafði fengið mikið í hverju holi. Það var gaman að karlinum.“

Svo var Gvendur þari á rækjunni líka. Hann átti Gissur hvíta, eitt-hvað um 12 tonna bát sem hann hafði verið með á línu og handfærum áður en hann byrjaði í rækjunni. Þarinn sótti líka rekavið norður á Strandir og vann hann í stórviðarsög í bílskúrnum heima hjá sér úti í Strýtu. Seinna fór hann að veiða hrefnu á Gissuri og þeir voru með honum Tryggvi sonur hans og Konni Eggerts tengdasonur hans. Konni keypti svo Halldór Sigurðsson með Óla Halldórs og Tryggvi var áfram með pabba sínum á Gissuri.“

Sauðsháttur

„Nú er enginn bátur á rækjuveiðum í Ísafjarðardjúpi. Þessi mikla hlýnun í sjónum sem hefur verið að gerast undanfarin áratug getur haft áhrif á rækjuna í Djúpinu. Hún er kaldsjávarfiskur. Að rækjan sé uppveidd er mesta fjarstæða. Það er ekkert kvikindi í höfunum sem meira er af en rækjan, nema

kannski krílinu í suðurhöfum. Okkur rækjukörlunum fannst alltaf að það kæmu göngur af rækju í Djúpið snemma á vorin eða seinni part vetrar úr hafinu. Við vorum þá að veiða vel í utanverðu Djúpinu og þetta var öðruvísi rækja. Fiski-fræðingarnir héldu alltaf fram að Djúprækjan væri staðbundinn stofn, sem hvorki færi úr Djúpinu né kæmi inn í það úr hafi, hún bara fæddist og dæi í Djúpinu. Sannast sagna hefur aldrei verið hægt að merkja rækjuna. Ég get gefið svo marga mínusa í sambandi við fiskifræðina. Ég hef sagt við fræðingana:

„Þið skulið ekki vera neitt sárir út af rækjunni því fiskifræðin er svo erfið. Þið verðið að giska á svo margt sem er í undirdjúpunum. Það er miklu auðveldara að spá í hlutina á tunglinu heldur en það sem þið eruð að gera og segja. Þið skulið ekkert móðgast. Þetta er svona. Ykkur er stillt upp á stall og eruð sagnarandar og hafið ekki nóga möguleika á að standa við það sem þið segið.“

Gullkistan mun standa fyrir sínu áfram

„Þetta eru mest ágiskanir hjá fiskifræðingunum. Þeir fóru nú í haust á einu skipi í Djúpið til að rannsaka rækjuna. Þetta er ekki skip eða skipverjar sem stundað hafa rækjuveiðar í Djúpinu. Svo er niðurstaða fiskifræðinganna sú að engin rækja sé í Djúpinu. Mín skoðun er að þeir eigi að fá bát héðan með vönnum mönnum og rannsaka, a.m.k. einu sinni í mánuði, til að fá einhverja vitræna niðurstöðu í rannsóknirnar. Þetta er bara rannsakað einu sinni og svo ekkert hugsað um þetta fram á vor. Ég segi bara að þetta sé sauðsháttur.“

Gullkistan okkar, Ísafjarðardjúpið, er síður en svo uppurin. Það gengur þorskur í Djúpið á haustin, inn undir Ögurhólma. Það var bullandi netafiskur í Djúpinu milli 1950 og 1960. Samt var ágætis rækjuveiði líka. Það var mok í netin. Þorskurinn étur ekkert upp rækjuna. Hún færir sig bara upp á grunninn þangað sem fiskurinn gengur ekki, hrekkur undan fisk-

inum. Hver er skýringin á því að áratugir eru síðan smokkfiskur hefur gengið í Djúpið? Við höfum ekki fengið hann. Hver fjandinn sjálfur ræður því? Er það vegna þess að Golfstraumurinn hefur eitthvað breyst? Smokkurinn er fiskur sem kemur upp undir Snæfellsjökul í endaðan júlí eða ágúst. Fyrst varð vart við hann þar. Síðan synti hann vestur með og inn í Arnarfjörð og Ísafjardardjúp. Þetta var alveg árisst frá 1920 og til 1944. Um það leiti sem síldin fór að hverfa byrjar hann að hverfa líka. Smokkurinn kom nokkrum sinnum eftir þetta, stopult á nokkurra ára fresti, síðast 1984. Síðan hefur hann ekki sést. Menn vita ekkert um ástæðuna. Sumir segja að smokkurinn sé svo mikið veiddur úti í löndum og það sé ástæðan, en ég dreg það í efa. Það er sama með síldina í Djúpinu. Það var gífurleg reknetaveiði á síld í Djúpinu 1940 - 1945. Dísirnar litlu voru að veiða bullandi hafsíld inn um allt Djúp. Þá var svo heitt herna og Golfstraumurinn hefur verið svo sterkur að hellingur af túnfiski kom inn í Djúpið. Það voru veiddir nokkrir þeirra á handfæri. Það var líka gífurleg rauðáta þá í Djúpinu. Upp úr 1950 fór sjórinn að kólna. Þá fór síldin að hætta að vaða, dýpkaði á sér og átan minnkaði.

Kólnunin hélt áfram og náði hámarki um 1970. Menn sem sóttu sjó frá 1925 til 1940, eins og Símon heitinn Helgason, sögðust ekki muna það að þeir tækju sér ísexi í hönd. Þeir sóttu útilegulinu suður undir Jökul. Símon var alveg hlessa að horfa á ísinguna á skipum milli 1960 og 1970. Sjórinn var svona kaldur. Þessar breytingar gerast á mörgum árum. Við sem lifum á þessum tímum erum óþreyjufullir. Við viljum fá aflann strax hingað. En þegar lítið er til baka á söguna er sagan bara svona.

Kristján heitinn í Últíma var mikill áhugamaður um fiskveiðisögun. Hann bjó til línurit um fiskveiðar Íslendinga allar götur frá 1650 og fram undir 1970. Þetta línurit á ég. Það segir að það hafi allan þennan tíma, eða rúm 300 ár, skipst á allt frá 5 og allt upp í 50 aflaleysisár og svo góðir áratugir í milli.

Ég held að Gullkistan eigi eftir að taka við sér aftur, en það verður stopult eins og í aldanna rás. En hún verður aldrei tóm. Rækjan er heldur ekkert farin fyrir fullt og fast. Svo er ekkert í dag sem herðir á mönnum að veiða rækju. Sjómenn eru ekki gráðugir að veiða rækju vegna þess hve lágt verð er á henni. Ég skil þetta sjálfur því

gróði af rækjuveiði er enginn um þessar mundir.“

Að hjakkast á ellinni

„Að lokum ætla ég að segja þér að ég er ekki fyllilega farinn að gera mér grein fyrir hvernig maður hjakkast á ellinni. Ég er að leika mér að beita núna, þrjá og fjóra bala á dag þegar gefur á sjó. Ég ætla eitthvað að dingla við það áfram. Svo ætla ég að leggjast í bókalestur. Ég ætla líka að stunda skíði eftir því sem útlímur leyfa og giktin lætur mig í friði. Maður verður að reyna að hreyfa sig eitthvað. Einhverjir hafa verið að segja við mig að ég ætti að skrifa. Kannski verð ég skáld á elliárunum.“

Það eru fjöllin hér fyrir vestan sem vernda mann. Allir þeir sem fara frá fjöllumum herna verða miklir menn. Þú sérð það að Ísfirðingarnir, sem farið hafa héðan verða miklir menn og eru flestir vellríkir menn fyrir sunnan, hafa orðið forsetar, ráðherrar, þingmenn og hvað eina. Farðu bara á Sólarkaffið og þá sérðu þá hverjum öðrum ríkari. Þú þarft bara að sitja við barinn og þá hella þeir í þig brennivíni.“

- GHj.

Almenningstímar í sundlaugum Ísafjarðarbæjar veturinn 2004-2005

Sundhöllin Ísafirði frá 30 ágúst 04. – 15. júní 2005

Mánudag – þriðjudag-fimmtudag kl. 7:00 – 8:00
og 19:30 – 21:30

Miðvikudag – föstudag 6:45 – 8:00 og 19:30 – 21:30
Laugardag Sunnudag kl. 10:00 – 16:00

Sundlaugin Flateyri frá 30.ágúst 04. – 1. júní 2005

Mánudag-þriðjudag-miðvikudag-
föstudag kl. 16:00 – 21:00
Laugardag Sunnudag kl. 12:00 – 16:00

Sundlaugin Þingeyri frá 30 ágúst 04. – 1. júní 2005

Mánudag – miðvikudag-Fimmtudag kl. 7:45 – 9:00
og 16:00 – 21:00
Þriðjudag- 7:45- 11:30 og 16:00 – 21:00
Föstudag- 7:45- 11:30
Laugardag kl. 10:00 – 15:00
Sunnudag kl. 11:00 – 16:00

Sundlaugin Suðureyri frá 1. okt. 04. – 1. júní 2005

Mánudag - Fimmtudag kl. 16:00 – 20:00
Laugardag, Sunnudag kl. 12:00 – 17:00

Verðskrá

Börn kr. 125	Fullorðnir kr. 290
10 miða kort kr. 930	10 miða kort kr. 2.270
30 miða kort kr. 2.270	30 miða kort kr. 5.560
Árskort börn kr. 10.300	Árskort fullorðnir 21.115

Ath. Frítt fyrir börn að skóla aldri (6. ára og yngri)
Ath. að 8 ára börn og yngri þurfa að vera í fylgd með 14 ára eða eldri

Íþróttafulltrúi Ísafjarðarbæjar



*Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska
Ísfirðingum farsældar á nýja árinu*

Flutningaþjónusta

Flateyri • Símar: 456 7732 - 894 5732

Önni ehf. • Ólafstúni 6 • 425 Flateyri • Páll S. Önundarson

ELVAR INGASON ehf.

MÁLARAMEISTARI

Sími 561 6204 • GSM 898 2584



**Vélsmiðjan Þrymur
Ísafirði**

Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • s. 456 3711

Sími
456 3321

straumur hf

Fax
456 4225



RÖRTÆKNI HF
PÍPULAGNAÐJÓNUSTA

☎ 456 3345, Fax 456 4099

Prentsmiðjan **ÓDDI** hf.

Þorbjörn Tálkni ehf.

Eyrarhúsum 460 Tálknafirði • Sími: 456 2692

JOHN LINDSAY H/F
STOFNSETT 1926
UMBOÐS OG HEILDVERSLUN



Fiskihóll ehf. Gunnar Leós ÍS 112

Útgerð Bærings Freys Gunnarssonar,
Vítastíg 17, 415 Bolungarvík, sími 456 7304

VERKFRÆÐISTOFA SIGURÐAR THORODDSEN HF

Hafnarstræti 1 • Ísafirði • Sími 456 3708

www.vst.is • vstis@vst.is

FOS Vest

Hafnarstræti 6 • Ísafirði • Sími 456 4407



**FLUGFÉLAG
ÍSLANDS**
Ísafjarðarflugvelli



Hafnargötu 16 • Grindavík • Sími: 420 5700



Sláturfélag Suðurlands

Fosshálsi 1 • Reykjavík • Sími 575 6000

Bókaverslun Jónasar Tómassonar ehf.

Hafnarstræti 2 • Ísafirði • Sími 456 3123

Litli klettur ehf.

Steinslípun • Jón Ingiberg Guðmundsson

Bakkastaðir 3 • 112 Reykjavík • Sími: 699 0355

ÍSLANDBANKI

Háaleitisbraut 58-60 • Reykjavík • Sími 440 4000

Þorbjörn Fiskanes hf.

Hafnargötu 12, 240 Grindavík, sími 420 4400

Eden

Hveragerði • Sími 483 4900

Úr myndasafni Sveins Elíassonar



Ísafjarðarmeistarar ksf. Harðar 1935

Hér má sjá hressa stráka úr 1., 2. og 3. flokki knattspyrnufélagsins Harðar sem náðu því að verða Ísafjarðarmeistarar árið 1935. Fremstir á myndinni eru Herbert Sigurjónsson og Hrólfur Sigurjónsson.

1. röð f.v.: Ísak Sigurgeirsson, Albert Sigurðsson, Halldór Gíslason, Jósef Gunnarsson og Garribaldi Einarsson.

2. röð f.v.: Halldór Sigurðsson, þjálfari, Óskar Sumarliðason, Gísli B. Kristjánsson, Aðalsteinn Guðjónsson, Halldór Sveinbjarnarson, Jens Guðjónsson, Ólafur Einarsson, Sveinn Elíasson og Sveinbjörn Kristjánsson.

3. röð f.v.: Pétur Þórarinnsson, Þórhallur Leósson, Leó Leósson, Ágúst Leósson, Sverrir Guðmundsson, Elí Ingvarsson og Indriði Guðjónsson.

4. röð f.v.: Magnús Kristjánsson, Friðþjófur Karlsson, Óskar Schiöth, Böðvar Sveinbjarnarson, Bolli Gunnarsson, Þorvaldur Árnason, Friðrik L. Guðmundsson, Guðmundur Lúdvíksson, Eyjólfur Guðmundur Ólafsson og Torfi Bjarnason.

Mynd af Helga Guðmundssyni, bakara og formanni félagsins, er felld inn í myndina.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri
í Ísafjarðarbæ:

Áfram veginn

– frá gömlu góðu dögum
til nýju góðu daganna

Þegar ég hugsa til baka og rifja upp aðstæðurnar við Ísafjarðardjúp á uppvaxtarárunum í Ögri finnst mér eins og það sé enn lengra síðan en árin segja til um. Ástæðan er sú að gríðarlegar breytingar hafa orðið á öllu umhverfi, sumar góðar en aðrar verri. Jákvæðu breytingarnar eru fólgnar í samgöngumálum og annarri bættri grunngerð. Neikvæðu breytingarnar er fólgnar í þeirri byggðaröskun sem átt hefur sér stað í Djúpinu en þar hafa fáir af minni kynslóð tekið við búum foreldra sinna.

Ég fæddist í Kálfavík í Skötufirði sumarið 1964 á heimili móðurforeldra minna. Það ár var búið á þessum bæjum í Skötufirði: Hvítanesi, Litlabæ, Eyri, Kleifum, Borg, Kálfavík, Hjöllum og Skarði ef það á að teljast til Skötufjarðar sem ekki er á hreinu a.m.k. í mínum huga. Veg-

urinn kom 1974 en þá voru einungis Hvítanes og Hjallar í byggð. Í dag er einungis búið á Hvítanesi.

Ég man þegar vegurinn út Djúpið náði ekki lengra en inn að Hjöllum í Skötufirði. Foreldrar mínir fóru ekki akandi til Ísafjarðar frá Ögri á þessum tíma því þá þurfti að fara yfir Þorska-fjarðarheiði um Barðastrandasýslu og þaðan norður yfir heiðar til Ísafjarðar. Það var álika langt og

til Reykjavíkur en þangað var reyndar ekki farið heldur enda ferðalög meira mál en þau eru í dag.



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.

Samgöngutækið utan og innan sveitar var því fyrst og fremst Djúpbáturinn Fagranes, rússajepinn á milli bæja og svo var lítil trilla á heimilinu sem oft nýttist vel.

Skólagangan við Reykjanesskóla hófst við sjö ára aldur en þó aðeins í hálfan mánuð að vori og hausti fram að tíu ára aldri en þá hófst búseta nemenda í Reykjanessinu allan veturinn. Að öðru leyti sáu foreldrar um námið og kennari úr Reykjanessinu kom við í einhver skipti á hverjum vetri. Ég man að stundum sá séra Baldur í Vatnsfirði um það mál. Fyrsti skóladagurinn er mér auðvitað eftirminnilegur eins og eflaust öllum. Þá var farið niður á bryggju í Ögri og um borð í Fagranesið með sjópoka, ferðatösku og skólatösku, tilbúinn í hálf mánaðar skólavist í Reykjanesi. Fagranesið fór svo á flestar bryggjur í Djúpinu þannig að ferðalagið tók 5-6 klst. áður en komið var að bryggju í Reykjanessinu. Þetta fannst manni ósköp edlilegt á þessum tíma, svona fóru sveitakrakkar við Djúp í skólann sinn. Seinna í skólagöngunni kom fyrir að þegar farið var um borð í Fagranesið t.d. eftir jóla-



Feðgar á trillunni á leið út í Vigur. Myndin er tekin á árunum 1970-1972. Halldór Hafliðason heldur á Leifi syni sínum, en Halldór (núverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar) situr við stýrið.

frí að snúa þyrfti við vegna veðurs og endaði maður þá á Ísafirði í einn eða tvo daga áður en veður leyfði að leggja á Djúpið að nýju.

Yfir sumarið kom Fagranesið fleiri en eina ferð á dag í Ögur í bílaflutningum. Þeir sem kusu að aka Djúp til Reykjavíkur urðu að nýta sér þessa þjónustu því enginn var vegurinn um firðina utan Ögurvíkur til Ísafjarðar.

Á veturna kom Fagranesið hins vegar tvisvar í viku, á þriðjudögum og föstudögum. Það var því ekkert skroppið í kaupstað í nokkra klukkutíma heldur varð að gera ráð fyrir gistingu á milli ferða í þrjár eða fjórar nætur.

Æskuminning mín um Ísafjörð tengist þessum ferðum með Fagranesinu. Eftir siglingu út Djúpið þar sem daufar ljóstýrur blikuðu í strjálbýlli byggðinni var beygt fyrir Arnarnesið og við tók ljósadýrðin á Ísafirði með fjölda verslana, fjölmenni á götunum og höfðinglegum bæjarbrag sem einkennir Ísafjörð í nútíð og þátíð.

Á þessum tíma voru töluverð umsvif á Ísafirði í tengslum við landbúnaðinn. Rekstur Kaupfélags Ísfirðinga var umsvifamikill, þar voru allir bændur með sín viðskipti. Sláturhús og kjötvinnsla eru ekki lengur til staðar enda hefur sá rekstur þjappast verulega saman á landsvísu. Mjólkurstöðin er rekin með myndarbrag og hafa mjólkurbændur verið að eflast hér á svæðinu með myndarlegu átaki.

Frá þessum tíma hefur orðið bylting í samgöngum. Árið 1974 var leiðin til Ísafjarðar, um Ísafjarðardjúp, opnuð bílum. Nokkurra ára vega-gerð um Skötufjörð, Hestfjörð, Seyðisfjörð og hluta Álftafjarðar



Halldór Halldórsson og eiginkonan Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur, á Silfurtorgi 17. júní 1998.

lauk með þessari opnun. Nokkrum árum síðar eru þessir vegir opnir allt árið og vetrarleið komin yfir Steingrímsfjarðarheiði. Í dag er mestallri vöru ekið daglega milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Opnun jarðganga árið 1996 markaði tímamót og gerði norðanverða Vestfirði að einu búsetusvæði. Samgöngur ganga samt ekki nógu greiðlega á milli staða því vegirnir um Óshlíð og Súðavíkurhlíð eru farartálmar og mjög líklega ein veigamesta ástæðan fyrir því að íbúar Súðavíkurhrepps og Bolungarvíkur hafa kosid til þessa að standa utan við sameiningar sveitarfélaga.

Eigum góða stuðningsmenn

Þrátt fyrir byltingu í samgöngumálum er þörf á að ganga enn lengra á allra næstu árum vegna þess að kröfurnar og þarfirnar hafa

aukist meira en samgöngubæturnar. Það er ekki búið að ljúka vegi með bundnu slitlagi um Djúp inn á Þjóðveg nr. 1 og enn er eftir að tengja saman sunnanverða og norðanverða Vestfirði með varanlegum hætti. Þá verður að koma á samgöngubótum milli Súðavíkur og Ísafjarðar annars vegar og Bolungarvíkur og Ísafjarðar hins vegar með jarðgöngum á milli þessara staða. Til að þetta megi verða þarf nýja samstöðu um vegamál á Vestfjörðum og skilning annarra landsmanna á því að

forgangsraða verður upp á nýtt með auknu vegafé til Vestfjarða þar til þessum brýnu verkefnum er lokið. Í þessu máli veit ég að við eigum góða og öfluga stuðningsmenn í Ísfirðingum heima og að heiman. Það er stór kjarni Ísfirðinga, hvort sem þeir eru brottfluttir eða eiga ættir að rekja heim, á höfuðborgarsvæðinu og þeir geta lagt okkur lið í þessum málflutningi.

Undanfarin ár hef ég hitt gesti sem hingað eru að koma í fyrsta sinn eða fólk sem hefur ekki komið í langan tíma. Það er gaman að heyra hversu vel þessir gestir okkar tala um bæinn og finnst hann fallegur. Þeir sem hafa ekki komið lengi tala um að bærinn sé snyrtilegur og að íbúarnir hafi gert átak í viðhaldi húsa og garða. Þessum orðum er beint til okkar íbúanna og þau skipta máli.

Við heyrum líka að bærinn hafi breyst mikið frá fyrri tíð. Landfyllingar hafa aukist verulega og Skutulsfjardareyrin í dag er töluvert frábrugðin þeirri sem náttúran mótaði á sínum tíma. Þessar breytingar hefur þurft að gera því alls staðar eru bílar og stórvirk tæki sem þurfa að komast leiðar sinnar og höfnin hefur þurft að auka við sitt athafna-pláss. Þrátt fyrir þetta



Halldór á kajak á Ísafjarðardjúpi sumarið 2004.

heldur Ísafjörður sínu sérstæða yfirbragði sem flestir sem hingað koma heillast af.

Ísafjörður hefur breyst. Sveitarstjórnarstigið hefur líka breyst. Ísafjardarbær varð til við sameiningu sex sveitarfélaga árið 1996 en áður höfðu önnur sveitarfélög runnið saman. Þannig er Ísafjardarbær sameinað sveitarfélag úr a.m.k. 11 eldri sveitarfélögum. Þau eru: Ísafjardarkaupstaður, Eyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur, Sléttuhreppur, Suðureyrarhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur, Mýrahreppur, Þingeyrarhreppur og Auðkúluhreppur.

Vegna mikilla breytinga í atvinnumálum á Ísafirði og í nágrenni hafa áherslur verið auknar á að hér verði umhverfi bætt fyrir nýsköpun, rannsóknarstarfsemi og háskólamenntun. Lykilatriði í því er að Ísafjörður verði skilgreindur og viðurkenndur í að-

gerðum ríkisvaldsins sem einn þriggja byggðakjarna landsins utan höfuðborgarsvæðisins. Þessu máli er fylgt eftir af okkar hálfu og teljum við nokkrum árangri náð nú þegar en betur má ef duga skal. Háskólamenntun hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum og hefur töluverður fjöldi heimamanna menntað sig hér heima með hjálp tækninnar og aðstöðu sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða veitir þeim. Það er tímanna tákn að Fræðslumiðstöðin er til húsa í Íshúsfélagi Ísfirðinga. Næsta skref er að stofna háskóla eða háskóla-setur með áherslu á fjölbreytta háskólamenntun í samstarfi við háskóla innanlands og erlendis og með tengingu við rannsóknarstarfsemi sem nú þegar fer fram hér á Ísafirði og byggir fyrst og fremst á sérstökum aðstæðum og sérþekkingu sem hér er til staðar. Má þar nefna rannsóknir á snjó-

flóðum, þorskeldi og veiðarfæratækni.

Við sem búum á Ísafirði og í nágrennabyggðum í dag vitum að við eigum góða að í Ísfirðingum búsettum utan svæðisins. Ykkar stuðningur við okkar baráttumál er þungt lóð á þær vogarskálal sem við þurfum að þyngja á móti þrýstingi annarra.

Það er gott að eiga góða að.

Halldór Halldórsson - bæjarstjóri Ísafjardarbæjar -

Greinarhöfundur tók við starfi bæjarstjóra Ísafjardarbæjar eftir kosningar voruð 1998 og hefur sinnt því starfi í 6 1/2 ár. Hann bjó frá 1980 til 1996 á suðvesturhorni landsins en flutti til Ísafjardar haustið 1996 og tók við starfi framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga og gegndi því til vors 1998.



Á reitunum í Hæstakaupstað

Þessi skemmtilega mynd sýnir glögglega hvers virði landið á eyrinni á Ísafirði var fyrir sjávarútveginn í bæn-um á fyrri helmingi síðustu aldar og fyrr. Þar var hver þumlungur nýttur til að þurrka dýrmætan saltfisk sem aflaði þjóðinni gjaldeyris. Það voru þó konurnar sem voru burðarásar þessarar vinnslu auk þess að sinna öllum venjulegum heimilisstörfum þegar heim var komið. Lýsingar eru til af óblíðu viðurveru kvennanna í saltfiskinum. Vöskun á saltfiski var ekki síður lýjandi vinna en breiðslan og samantektin á reitunum. Stundum vildi vaskvatnið frjósa í stömpunum og þurftu konurnar þá að brjóta ísinn með berum hnefum og vaska upp úr jökulköldu vatninu. Má nærri geta að slík vösbúð hefur farið afar illa með heilsu margra kvenna í þá daga.

Á myndinni má sjá ísfirskar kjarnorkukonur að störfum milli saltfiskstæðanna og við hús sem löngu eru horfin. Þar er m.a. sjá hið fornfræga og glæsilega hús Fell. Þá sjást greinilega brautarteinar sem lágu fram á Bæjarbyggjuna og eftir þeim runnu hlaðnir vagnar af fiski sem ýtt var áfram með handafli. Slíkar járnbrautir lágu víða um Eyrina sem og á Torfnesi og Stakkanesi þar sem líka var unnið við saltfiskvinnslu. Má sjá sýnishorn af slíkri teinabraut enn í dag við Turnhúsið í Nedstakaupstað á Ísafirði.

Áður óbirtar upplýsingar um rafvæðingaráform á Ísafirði í upphafi tuttugustu aldar:

Hugðust virkja Seljalandsá og Buná árið 1913

– einnig voru gerðar athuganir á Úlfsá og Fossá rúmum tveim áratugum áður en loks var virkjað í Engidal samkvæmt áður óbirtum gögnum Halldórs Guðmundssonar, fyrsta rafmagnsfræðings Íslendinga

Árið 2004 var merkisár í sögu rafvæðingar á Íslandi, en þá voru liðin 100 ár frá því vatnsafl var virkjað í fyrsta sinn til raforkuframleiðslu hér á landi. Sá atburður er miðaður við október 1904 er gangsett var rafstöð sem Jóhannes J. Reykdal hafði byggt í nánd við Hörðuvelli í Hafnarfirði. Aðeins 9 árum síðar var sett á fót á Ísafirði rafvæðingarnefnd undir forystu Jóhanns Þorsteinssonar kaupmanns og var hugmyndin að ráðast í það stórvirki að virkja Buná, eða Bunúa eins og sumir virðast hafa kallað hana á þessum tíma, og Seljalandsá í Tungudal til að fá rafmagn fyrir kaupstaðinn. Það var 24 árum áður en vatnsaflíð var loks virkjað í Fossavatnsvirkjun í Engidal sem gangsett var þann 13. febrúar 1937.

Fyrsti rafmagnsfræðingur Íslendinga

Við virkjanahugmyndir Ísfirðinga árið 1913, sem ekki urðu þó



Halldór Guðmundsson, fyrsti rafmagnsfræðingur Íslendinga.

að veruleika, kom mjög við sögu fyrsti rafmagnsfræðingur Íslendinga, Halldórs Guðmundssonar frá Eyjahólum í Mýrdal. Hann var fæddur 14. nóvember 1874 og eitt 12 barna hjónanna Guðmundar Ó-

lafssonar og Guðrúnar Þorsteinsdóttur. Halldór kvæntist Halldóru Guðfinnu Gísladóttur og eignuðust þau tvö börn, Gísla, sem síðar varð verkfræðingur, og Hildigunni.

Halldór lærði raffræði í Berlín í Þýskalandi þangað sem hann fór til náms árið 1902 eftir að hafa lokið prófi í vélfræði í Kaupmannahöfn 29. ágúst 1901. Lauk hann prófi sem raffræðingur 1904 og fór þá til Íslands.

Halldór, sem einnig var menntaður vélfræðingur, kom mjög við sögu í upphafi rafvæðingar á Ísafirði, þó fátt eða ekkert hafi verið um það ritað í sögubækur. Það var um og eftir 1913 þegar Ísfirðingar hófu að lýsa hvert húsið af öðru á Eyrinni. Það var þó ekki gert með virkjun vatnsafls eins og rafvæðingarnefndin vonaðist til, heldur með rafmagni sem búið var til með ljósavélum sem Halldór hafði útvegað.

Þetta er sami maðurinn og setti upp vélbúnaðinn í fyrstu vatnsaflsvirkjun Íslendinga hjá Jóhannesi í Hafnarfirði 1904. Það var þó ekki í fyrsta sinn sem rafljós voru kveikt hér á landi, en það hefur að öllum líkindum verið gert í Lærða skólanum í Reykjavík á árunum 1888 - 1889.

Fyrsti rafallinn í Hafnarfirði var 9 kW 230 volta rakstraumsrafall frá Frognerkilens Fabrik í Ósló. Hann snérist 620 snúninga á mínútu og vó 1,5 tonn. Árið 1906 virkjaði eigandinn Jóhannes með aðstoð Halldórs enn við Hafnarfjarðarlæk og nú með 37 kW rafli. Árið 1909 keypti Hafnarfjarðarbær þessa stöð. Um 16 húsveitur með 150 lampastæðum voru tengdar við hana. Hver pera var 16 kerta eða 25 wött. Þessi stöð var notuð lengi og síðar var sett upp dísilstöð henni til aðstoðar. Jóhannes keypti stöðina aftur 1926 og starfrækti hana til 1952 fyrir bú sitt að Setbergi. Dísil-



Fyrsti rafallinn fluttur í Fossavatnsvirkjun í nóvember 1936. Ljósmynd: M. Simson.

stöð sá alfarið um rafmagnið til Hafnarfjarðar næstu árin.

Samkvæmt því er segir í Sögu Ísafjarðar eftir Jón Þ. Þór, þá tóku ísfirskir iðnadamenn að ræða um hugsanlega raflýsingu Ísafjarðar-kaupstaðar á félagsfundum sínum þegar árið 1905 og byggingu vatnsaflsvirkjunar í Úlfssá. Þetta er þó ekki stutt neinum gögnum og engum sögum fer af framgangi málsins, en greint frá því að í árslok 1914 eða í ársbyrjun 1915 hafi bæjarstjórn Ísafjarðar-kaupstaðar kosið „ljósnefnd“, sem ætlað var að hafa forgöngu um lýsingu bæjarins. Í þeirri nefnd voru bæjarfulltrúarnir Jón Auðunn Jónsson og Arngrímur Fr. Bjarnason og að auki Magnús Torfason bæjarfógeti.



Vegabréf Halldórs Guðmundssonar.

Sagan sem ekki var sögð

Þetta mun þó ekki hafa verið fyrsta nefndin sem stofnuð var í þessum tilgangi. Ekki er í Sögu Ísafjarðar minnst á Halldór Guðmundsson, né þátt hans í rafvæðingarmálum Ísfirðinga og annarra Vestfirðinga sem var þó mjög veigamikill. Um það vitna m.a. gögn Halldórs heitins sem ritstjóri Vestanpóstsins fékk aðgang að. Þau voru fyrir nokkrum árum kynnt, höfundur Sögu Ísafjarðar sem og forráðamönnum Orkubús Vestfjarða og fleirum, án sýnilegs áhuga á

málinu. Það er því vel við hæfi að Vestanpósturinn komi hluta þeirra gagna hér á framfæri til að gefa Ísfirðingum tækifæri á að sjá í fyrsta sinn opinberlega hluta af sögu bæjarins og frásögn samtímamanna af merkilegum hugmyndum um virkjanir í Tungudal. Er þetta sérlega viðeigandi í tengslum við aldarafmæli virkjunar vatnsafls á Íslandi sem minnst var 2004.

Upphaf rafmagns á Íslandi

Til að fá gleggri mynd af tilkomu

rafvæðingar á Ísafirði er nauðsynlegt að líta á sögu rafmagnsins í víðara samhengi eins og hún hefur verið kynnt í opinberum gögnum auk brota úr gögnum Halldórs Guðmundssonar. Á 18. öld fóru að berast upplýsingar um rafmagn til Íslands að því er segir í texta sem Orkuveita Reykjavíkur lét taka saman. Magnús Stephensen lýsti eiginleikum þess árið 1793. Í þeirri lýsingu notaði hann orðið rafkraftur sem Jónas Hallgrímsson breytti síðar í rafurmagn. Árið 1852 þýddi séra Magnús Grímsson á Mosfelli eðlisfræðirit og gaf út í samráði við Bókmenntafélagið. Þar voru sýndar ýmsar eðlisfræðilegar tilraunir sem tengdust rafmagni og segulmagni.

Breskt tilboð um raflýsingu Reykjavíkur barst árið 1888. Nota átti 10 ha. gufuvél til þess að framleiða rafmagnið. Bæjarfulltrúar voru langt frá því að vera reiðubúnir að samþykkja svona byltingarkennda tillögu og henni var umsvifalaust hafnað. Kennslutæki í rafmagni voru keypt til Lærða skólans á árunum 1888 og 1889. Ætla má að þá hafi verið í fyrsta skipti kveikt á peru á Íslandi. Það næsta sem hægt er að segja úr sögu rafmagns hér á landi, er að árið 1894 var rætt á Alþingi hvort raflýsa ætti þinghúsið, en úr því varð þó ekki.

Árið 1894 kom til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn Vestur-Íslendingurinn Frímann B. Arngrímsson. Hann hafði stundað sjálfsnám í Vesturheimi í rafmagnsfræðum, m.a. var talið að hann hefði unnið hjá Edison. Frímann kom ein kennilega fyrir, hann var fullur af skrumi og skrítleigheitum og var illa til fara og staurblankur. Nokkrir Íslendingar komu honum til hjálpar í Kaupmannahöfn og sendu hann heim. Hann fór fram á það bréflaga við bæjarstjórn að hún kannaði hversu mikið vatns-magn væri í fossum Elliðaánna og vegalengd frá þeim í bæinn. Sumum bæjarfulltrúum fannst þetta furðuleg dirfska, „að eitthvert aðskotadýr úr Vesturheimi skyldi dirfast að biðja bæjarstjórn um svona upplýsingar. Honum væri nær að afla þeirra sjálfur.“

Það kom fram við þessar umræður í bæjarstjórn, að bæjarbúar



Úr Silfurgötunni á Ísafirði um 1920.


eyddu 20 þús. kr. í steinolíu í 62 götuljós í bænum. Eftir miklar umræður var ákveðið að verja 30 kr. til þess að afla þeirra upplýsinga sem Frímenn óskaði eftir. Sæmundur Eyjólfsson búfræðingur var fenginn til verksins. Hann mældi hæðina í Skorarhylsfossi og reyndist hún vera 21 fet, en vatnskrafturinn 960 hestöfl.

Frímenn „humbugisti“

Að þessum upplýsingum fengnum hélt Frímenn geysilega langan og háfræðilegan fyrirlestur í Góðtemplarahúsinu fyrir fullu húsi. Með endalausum útreikningum og rafmagnsformúlum komst hann að þeirri niðurstöðu að með þessu afli mætti fá 20 faldan þann kraft sem þyrfti til þess að lýsa 200 hús í Reykjavík með þremur átta kerta perum, og götur bæjarins með álíka lýsingu og þegar væri á þeim. Hann áætlaði að virkjun ásamt öllum tækjum til raflýsingarinnar myndi kosta 60 þús. kr. En ef farið væri í rafhitun líka myndi kostnaðurinn verða með öllum rafmagns- ofnum 250 þús. kr., Árlegur rekstrarkostnaður myndi verða um 30 þús. kr. Þessu svaraði bæjarstjórn með því að kalla Frímenn „humbugista“ og þetta væru svo háar tölur, að auðvitað kæmu þær ekki til greina.

Frímenn fóru nú til Skotlands og árið 1895 rakst Einar skáld Benediktsson á hann í Leith. Einar taldi Frímenn á að fara á nýjan leik til Reykjavíkur. Nú hafði Frímenn með sér þrjú tilboð frá þekktum rafmagnsfélögum, tveimur enskum og einu þýsku. General Electric í London bauðst til þess að koma upp aflstöð við Elliðaár, koma fyrir rafmagnslömpum í 200 húsum, á götum og við höfnina fyrir 59 þús. kr. Siemens Bros. í London vildi reisa 1000 hestafla virkjun og selja öll áhöld til lýsingar og hitunar fyrir 225 þús. Siemens og Halske í Berlín gerði einnig tilboð en ekki eru til upplýsingar um hvernig því var háttað.

Frímenn kom þessum tilboðum til bæjarstjórnar. Nú var honum ekki tekið með sama þvergirðingshætti og áður. Var samþykkt að kanna hug Reykvíkinga til rafvæð-



Bréf frá Karli Olgeirssyni verslunarstjóra í versluninni Edinborg á Ísafirði til Halldórs Guðmundssonar 3. september 1920.

ingar. En áhugi bæjarbúa var lítill eða að meðaltali jafngildi um 21 kertaljós á hús, málið náði þar með ekki fram að ganga.

Einar Benediktsson byrjaði um aldamótin að ræða um beislun fossanna. Hann samdi um leigu og kaup á nokkrum fossum og leitaði til útlanda. Menn sáu þá, líkt og nú, ekki nokkurn grundvöll fyrir nýtingu okkar stóru fallvatna. Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður þótti hugvitssamur og smíðaði ýmsa gripi sem vöktu athygli. Björn Jónsson ritstjóri Ísafoldar fékk, árið 1897, 8-10 hestafla olíuvél og lét hana knýja hraðpressu í prentsmiðju sinni. Haustið 1899 rafvæddi Eyjólfur vélaherbergi prentsmiðjunnar og leiddi einnig þráð til sín í Austurstræti 6 og setti upp

tvö ljós á vinnustofu sinni. Þriðja herbergið sem hann setti upp ljós í var skrifstofa Ísafoldar. Notaðir voru 16 kerta bogalampar. En mótörinn var svo máttlaus að einungis var hægt að halda lifandi þremur lampanna í senn. Haustið 1900 skrifaði Eyjólfur bréf til bæjarstjórnar og bauðst til þess að útvega tilboð frá þýsku fyrirtæki í raflýsingu og rafhitun í bæinn. Bæjarstjórn skipaði nefnd í málið og tilboð barst í virkjun Varmár í Mosfellssveit. Þetta mál dagaði uppi.

Um miðja nítjándu öld voru Reykvíkingar um 1.200 talsins, en á fyrsta áratug síðustu aldar fjölgaði bæjarbúum mikið og árið 1910 voru þeir orðnir 11.500. Mörg verkefni biðu bæjarstjórnarinnar, en vatnsveitan var talin brýnust. Árið

1906 keypti bærinn Elliðaárnar vegna vatnsveitunnar.

Árið 1905 fékk Halldór Guðmundsson 600 kr. styrk frá Reykjavíkurbæ til þess að kanna virkjanamöguleika. Hann vildi virkja Sogsfossa með 300 hestafla stöð, m.a. vegna þess að erlendir menn áttu virkjanarétt í Elliðaánum. Fór hann m.a. í leiðangur til Noregs vegna þessara virkjanaáforma.

Engin trú á rafmagninu

Framámenn í bæjarstjórn Reykjavíkur höfðu þó ekki mikla trú á framtíð raforkunnar. Rafveitumál voru samt mikið rædd í Reykjavík um og eftir aldamótin, einkum var deilt um hvort betra væri að

setja upp gasstöð til suðu eða rafstöð til ljósa. Halldór Guðmundsson barðist þá hart fyrir rafvæðingu í Reykjavík, en mætti miklum þvergirðingshætti ráðandi afla gasá hugamanna og varð undir. Umræðurnar enduðu með því að reist var gasstöð 1910. Var stöðin í fyrstu nýtt bæði til ljósa og suðu, einnig voru settir upp nokkrir gashreyflar. Gasvæðingin endaði hins vegar með ósköpum þegar gasstöðin við Hverfisgötu brann.

Í baráttu við gasmennina

Halldór galt fyrir baráttu sína með mótlæti yfirvalda í Reykjavík og eimir jafnvel enn eftir af afstöðunni í hans garð í söguritun hund-

rað árum síðar varðandi rafvæðingu Reykjavíkur. Þar er fordást í lengstu lög að minnast á hans baráttu. Áhrif Reykjavíkuveldisins teygdi anga sína inn í landsstjórnina, þó svo að hann hafi sökum þekkingar sinnar verið fenginn til að rafvæða Alþingishúsið og mörg fyrirtæki í bænum. Má m.a. sjá þess dæmi í gögnum sem Halldór skildi eftir sig er Bolvíkingar þorðu greinilega ekki að taka tilboði hans er þeir hugðust ráðast í að setja þar upp rafstöð á öðrum áratug 20. aldarinnar.

Halldór gafst þó ekkert upp og hélt ótraudur áfram rafvæðingu víða um land sem og í Reykjavík. Árið 1914 setti hann m.a. upp fyrstu röntgenskoðunarstöð. Hún notaði rafmagn frá Völundi sem Halldór hafði þá rafvætt.

Rafvæðing á Vestfjörðum

Árið 1915 setti hann upp mótora til að knýja rafala í Vestmannaeyjum og víða um landið.

Á árunum 1916 til 1918 setti Halldór upp vatnsaflsstöðvar á Bíldudal og á Patreksfirði.

Árið 1919 setti Halldór upp mótorstöð á Þingeyri við Dýrafjörð og raflýsti þorpið. Það sama ár setti hann upp minni mótorstöðvar bæði á Ísafirði og Akureyri. Þá setti hann upp vatnsaflsstöð á Fjarðarhorni í Hrótafirði árið 1921 og raflýsti bæ og útihús.

Halldór var þegar í kringum 1923 farinn að hugleiða virkjun gufuhvera til raforkuframleiðslu löngu áður en slíkt varð að veruleika. Honum entist þó ekki aldur til að upplifa slíkt. Hann andaðist eftir uppskurð í Reykjavík þann 15. mars 1924 á fimmtugasta aldursári.

Orkulög

Rafmagnslögin voru sett árið 1915, vatnalögin árið 1923, lög um sérleyfi til virkjana voru sett árið 1925 og lög um raforkuvirki árið 1926, sem komu m.a. í stað rafmagnslaganna. Raforkulög voru síðan sett 1946 og orkulög árið 1967. Þar var að finna ákvæði um stofnun rafveitna og einkaleyfi ríkisins til þess að reisa stærri virkjanir en 2 MW. Þegar Rafmagnsveita



Verslun S. Guðmundssonar óskar liðsinnis Halldórs við rafvæðingu.

Reykjavíkur tók til starfa var samin um hana sérstök reglugerð. Hún var samin eftir norskum fyrirmyndum og staðfest í nóvember árið 1920. Framleiðsla rafmagns í Elliðaárstöðinni úr fossum Elliðaána hófst svo 10. maí 1921 og 23. maí var straumi hleypt til bæjarins.

Virkjunarhugmyndir í Skutulsfirði

Víkjum nú sögunni aftur til Skutulsfjarðar. Árið 1913 átti Halldór mikinn þátt í hugmyndum um virkjun Bunár og Seljalandsár. Gerðar voru fallhæðar og vatnsmælingar vegna hugmynda um að virkja sameiginlegt afl ána.


Kostnaðarútreikningar sem Sigurður Kristjánsson gerði og Jóhann Þorsteinsson, kaupmaður á Ísafirði sendi Halldóri í júlí árið 1913 gerðu ráð fyrir að kostnaður við gröft á skurði og sameiningu ána yrði samtals 935 krónur. Þessu fylgdi líka uppdráttur Ingvars Vigfússonar með fallhæðarmælingum á Seljalandsá. Þarna eru einnig mælingar Ingvars á vatnsmagni ána sem dagsettar eru 27. júlí 1913. Inn á það blað hefur Halldór ritað með eigin hendi inn í texta að Buná gefi 125 lítra á sekúndu og Seljalandsá 13 lítra.

Jóhann Þorsteinsson kaupmaður rak verslun að Silfurgötu 6 á Ísafirði. Þar seldi hann vandaða vefnaðarvöru, veiðarfæri, nauðsynjavöru og fleira, að því er stóð í bréfháus verslunarinnar. Hann seldi einnig vélar til raforkuframléidslu í nánnum tengslum við Halldór Guðmundsson. Verslunin var framsýn og hafði komið sér upp talsíma með símanúmerunum 44a og 44b. Þá var þar einnig ritsími; TELEGRAMADR.: THORSTEINSSON.

Formaður raflýsingarnefndar 1913

Jóhann skrifar Halldóri þann 21. júlí 1913 með áðurnefndum

Seljalandsá.



upplýsingum um árnar. Skrifar Jóhann þar sem formaður raflýsingarnefndarinnar, sem greinilegt er að bæjarstjórn hefur fengið mikilvirta kaupmenn og aðra til að sitja í með það í huga að koma upp vatnsaflsvirkjun fyrir Ísafjörð. Bendir Jóhann Halldóri jafnframt á í bréfinu að Magnús Torfason bæjarstjóri verði staddur í Reykjavík þá um sumarið þar sem hann dveljist nokkra daga og biður hann Halldór að leiða hann að málinu.

Þann 11. ágúst sendi Ingvar svo suður leiðréttar tölur um vatnsmagn ána samkvæmt mælingum sem gerðar voru 29. júlí og 10. ágúst 1913. Samkvæmt þeim mælingum hafði minnkað verulega í ánum þegar leið á sumarið. Taldi Ingvar að vatnsmagnið minnkaði þó ekki mikið upp úr því.

Nedannmáls á það blað má sjá skrifaða útreikninga með blýanti (væntanlega eftir Halldór). Þar er reiknað að 50 lítrar á sekúndu fáiast í Buná sem samsvari 75 hestafla orku (50x150 deilt með 100). Sömu leiðis að 6,5 sekúndulítrar fáiast í Seljalandsá sem samsvari 10 hestöflum í orku. Samanlagt telur hann þetta vatnsafl geta gefið 80 til 85 hestöfl. Hvað það gerir í kílóvöttum er ósagt látið.

Leið svo haustið og var Jóhanni farið að leiðast að heyra ekkert frá Halldóri og skrifaði hann ítrekunarbréf til hans 1. desember 1913. Þar segir hann m.a.:

„Þætti mér svo vænt um að þér skrifuðuð mér hið allra bráðasta og gefið mjer í skyn lauslega áætlun um kostnaðinn ef þér ekki hafið gjört áætlunina að fullu. Ef þér eitthvað þurfið að fá að vita þá gjörið svo vel að hringja mig upp, skal ég þá láta yður í ljós allar upplýsingar sem get. Virðingarfyllt, Jóh. Þorsteinsson.

Í mjög illu skapi

Nokkrum dögum seinna, eða 7. desember 1913, ritar Ingvar Vigfússon Halldóri einnig bréf eftir að hafa átt samtal við hann í síma og er honum mikið niðri fyrir. Þar segir orðrétt í bréfi sem ritað er á brotinn línustrikaðan fjórblöðung í c.a. A-5 broti:

Uppdráttur af Seljalandsá vegna virkjanaáforma.

„Heiðraði vin!

Ég held ég verði að skrifa þjer nokkrar línur, en það er aðeins til að láta þig vita að eg er í mjög illu skapi.

Daginn eftir að við töludumst við í símanum tók eg mig til og fór að skoða vatnið, eftir að hafa skoðað það komst eg að þeirri niðurstöðu að úti væri um raflýsinguna í bráð, vatnið hafði minkað svo mikið að það var mikið minna en minst var í sumar.

Í Bunuá aðalanni var minst 24. ágúst tæpir 11 cm dýpt á hol, 21. sept vantaði orðið 27 cm (-breidd milli borða er 70 cm) en nú er dýptin aðeins 7 cm.

Ég hafði gert mér þá von að vatnið myndi als ekki verða minna að vetri en sumri, en sú von brást illa, hvort nokkrar sérstakar ástæður eru fyrir því að það er svona lítið nú, jafn vel þó mjög lítil frost hefi verið, veit ég ekki. T.a.m.

höfðu mindast miklir sveibunkar uppí brekkunni þar sem fossinn er, eða þar sem hún rennur á klöppunum, auðsjáanlega hálfstíflast þegar fyrst frau, en ekki er hægt að sjá að hún myndaði annan farveg, so hún hefir víst náð óhindruðu framrenslu undir sveibinu. Í Seljalandsá þeirri litlu var ekki hægt að mæla, þollinn farinn, enda hefði lítið að segja þar sem svo lítið vatnsmagn er, virtist það vera líkt og í sumar.

Rætt um Úlfssá og Fossá

Af þessu sjest að það er ekki af ástæðulausu þó eg segi og úti sje um raflýsingu í bráð því þó um aðrar

vatnsmeiri ár sje að ræða t.a.m. ána Úlfssá sem þú fórst með þegar þú komst að vestan, og sem er talsvert vatnsmeiri, þá eru þar miklu verri aðstæður svo sem fallhæð ofl. Þá er eftir Fossá og sem er áreiðanlega sú langbesta og vatnsmesta, en þar er víst um so mikla vegalengd td að ræða að ókleift verði fyrir bæinn að ráðast í það kostnaðarins vegna.

Ég var farinn að hlakka til að þetta myndi bráðlega komast í framkvæmd, ef til vildi á næsta ári, og hefði ekki talið eftir þó eg hefði aldrei fengið neitt fyrir ómök sem eg hef haft við þetta (sem eg líka bíst við að ekki verði) en vest þykir mjer hvað herfilega mjer hafa brugðist vonir.“

Nóttun		
um 'hastnað' við sameining Bunnar og Seljalandsár		
1. Sameining luggja innu Kersla Bunnar	Kr 25,00	
2. laffang á farvegi miðkvíslarinnar	- 8,00	
3. fyllblöðla á miðkvíslarinnu	- 42,00	
4. leiddala á ystu kvísl	- 30,00	
5. fyllblöðla á ystu kvísl	- 68,00	
6. Skurðing frá Bunu á ystu kvísl Seljalandsár	- 552,00	
7. Öðruð á innu farvegi Seljalandsár til aðal kvíslar	- 75,00	
8. fyllblöðla á ynnu stöðum	- 60,00	
9. til vara fyrir gjólsprængingunum	- 75,00	
Samtals	Kr 985,00	

Þú ert nú radd fyrir að skurðuninni á Yru fela breiðir og svo fela djúpur til jafnaðar, og myndu þá 18400 leungufel þessa að grafski.

Skurðuninni myndi að mestu liggja í þellu jarðvegi, þar sem sje á hafi við að vatni sje mikið að minn. Þó gróu um 130 fæðmar á lannari jarðvegi, en þar má þá halla eftir iild.

Þessu og svo má af öðrum þessari, var hún aðalinn þessuð um vatnið gróu þellu í stöð.

Sjundur Skurðuninni

Kostnaðaráætlun frá árinu 1913 vegna virkjunar Bunnar og Seljalandsár.

Þegar hér er komið sögu er Ingvar kominn á enda á þriðju síðu og skrifar þvert á textann eftirfarandi at-hugasemd lóð-rétt í kjölinn til að nýta pappírinn sem best. Sést á því að hann var ekki alveg tilbúinn að gefast upp og var greinilega með virkjun í Fossá í huga:

„Hvað kostar hér um bil línu-leiðning (höfuð-leiðning) (staurar (...illsjáanlegt orð... táseilur?...) og vinna) á kíló-meter?“

Og Ingvar heldur áfram á baksíðu þessa fjórblöðungs:

„Jóhann Þorsteinsson segist hafa skrifað þjer með Sterling en ætlar víst að skrifa aftur með Vestu.

Virðingarfullt
Ingvar Vigfús-son.“ - (Millifyrirsagnir eru bladsins)

Neðst á bakhlið bréfsins párar Halldór greinilega með blýanti útreikninga út frá upplýsingum úr bréfi Ingvars. Samkvæmt þessum útreikningum kemst Halldór að þeirri niðurstöðu að vatnið, væntanlega í Bunu, sé 26 lítrar og í Seljalandsá 6 lítrar eða alls 32 lítrar á sekúndu. Síða reiknar hann út aflið. 150 sinnum 32 deilt með 100 = 40 hestöfl, en ættu reyndar samkvæmt þessari formúlu væntanlega að vera 48 hestöfl.

Viðar um Vestfirði

Samkvæmt þessu bréfi kom Halldór til Ísafjarðar að vestan um sumarið 1913. Vitað er um mikil sam-

skipti hans við Þingeyringa vegna raforkumála og sömu leiðis er vitað um virkjanir sem hann hefur þá trúlega verið farinn að undirbúa og setti upp á Patreksfirði og á Bildudal á árunum 1916 til 1918. Töluvert er til af gögnum um þær virkjanir í skjölum sem Halldór lét eftir sig sem og fleiri rafvæðingarmál á Vestfjörðum, m.a. í Bolungarvík og á Ströndum.

Eins og Ingvar getur um í bréfi sínu ætlaði Jóhann að skrifa aftur og það gerði hann þann 9. desember og er þá að svara bréfi sem Halldór hefur sent í millitíðinni.

Frekari rannsóknir

„Herra rafmagnsfræðingur H. Guðmundsson.

Þakka heiðrað bréf yðar 6. þ.m. og sendi yður hér með uppdráttinn sem fylgja átti bréfi mínu síðast. Það lítur mjög illa út með vatnið eftir síðustu athugun. Eins og ég gat um við yður í júní síðast, er vatnið í Seljalandsá hið sama eða engu minna en þegar það var mælt síðast, hinsvegar hefur það minkað svona mikið í Buná, ef hverju það stafar getur get ég ekki sagt um og ekki gott að rannsaka nú þar eð snjór og ís liggur yfir öllu. Þó er ekki óhugsandi að farvegur árinna hafi breytt sjer eitthvað, en á því er þó ekki byggjandi að svo stöddu. Það sem þér talið um að láta rannsaka vatnið til fullnustu verð ég að bera undir bæjarstjórn og skal ég láta yður svo fljótt og auðið er vita úrslitin þar; að mínu áliti er það sjálfsagt og þætti mjer vænt um ef þjer vilduð láta mig vita. Hvað þér mynduð taka fyrir ferðina og athugun, svo ég gæti skýrt bæjarstjórn frá því. Að svo stöddu er ekkert hægt að segja en ég læt yður heyra frá mjer hið bráðasta.

*Með vinsemi og virðingu
Jóh. Þorsteinsson.*“

Fossá er inni í myndinni

Neðanmáls á bakhlið þessa bréf skrifar Halldór:

„Svarað 2. janúar 1914.

Ætla að fara vestur vera þar 4-5 daga og kostar 100-200 kr. - Valla þó yfir 150 kr. Allt eftir ferðatímanum.



Bréf til Halldórs frá Ísafjörðarbíói í febrúar 1921. Árið 1916 hófust reglulegar kvikmyndasýningar í bænum, og stóðu þeir Helgi Guðbjartsson og Matthías Sveinsson fyrir þeim. Þeir sýndu í Templarahúsinu við Hrannargötu (þar sem nú er bílastæði á milli Hrannargötu og Sölgötu), uns það brann árið 1930. Um fyrstu myndina hjá þeim er litið vitað, en 22. desember 1917 sýndu þeir „fæðingarmynd frelsarans“. Fyrstu sýningar á lifandi myndum á Ísafirði hafa þó farið fram mun fyrr, m.a. af bindindisfélaginu Framtíðinni sem sýndi „skuggamyndir“ á barnaballi 16. desember 1890. Þá voru Norðmenn á ferð í bænum 1903 og sýndu þá lifandi myndir samkvæmt heimildum í Sögu Ísafjardar II. bindi.

Bið um að mælt sé vatnið í Úlfsá og Fossá eða athuguð í vetur.“

Neðst á blaðið eru síðan einhverjir útreikningar sennilega er varða ferðalagið.

Ekki er meira af gögnum um þessi virkjunaráform, en greinilegt að Fossá hefur verið komin á blað virkjunaráhugamanna og í huga rafmagnsfræðingsins Halldórs Guðmundssonar strax árið 1913. Líklegt má telja að hann hafi í framhaldinu farið til Ísafjardar sumarið 1914 og gert frekari mælingar á Úlfsá og Fossá með virkjun í huga. Um það er þó ekkert frekar að finna í gögnum Halldórs. Aftur á móti er ýmislegt þar annað að finna frá árunum 1919 til 1921 varðandi rafvæðingu á Ísafirði og sölu á ljósavélum til raforkufram-

leiðslu á Ísafirði og á bæjum við Ísafjörðardjúp á þeim tíma.

Halldór selur ljósavélar til Ísafjardar

Nokkrar bréfaskriftir voru milli Halldórs og verslunarfyrirtækisins Verzlun S. Guðmundssonar á Ísafirði sem stofnsett var 1905. Í bréfháus verslunarinnar kemur fram að þar hefur verið sími (Telefon 29).

Ljósavél í Verzlun S. Guðmundssonar

Með bréfi frá versluninni sem sent er Halldóri 5. apríl 1919 fylgir uppdráttur af húsaskipan verslunarfyrirtækisins vegna áforma um að

koma upp „vjel“ eins og sagt er í bréfinu. Húsið er íbúðarkjallari og þrjár hæðir og er gert ráð fyrir að ljósavél verði sett upp í geymsluskúr sem staðið hefur við húsið. Gerir bréfitarinn, Ólafur Sigurðsson, ráð fyrir alls 10 lömpum í kjallara, 10 lömpum í sölubúð á 1. hæð auk 7 lampa í stofu, einum í forstofu og 2 á kontór á sömu hæð. Á annarri hæð er gert ráð fyrir samtals 14 lömpum og 10 lömpum á þriðju hæð.

Segir Ólafur í bréfinu að ef hann ráðist í að kaupa vél af Halldóri, þá hafi hann strax kaupendur að minnsta kosti að tveim vélum til viðbótar. Veltir hann fyrir sér í bréfinu hvort hægt myndi að nota aflíð til suðu líkt og maður notaði „Primus apparat“.

Varðandi hina kaupendurna, þá hefur þar greinilega verið um bændur að ræða, því Ólafur talar um lýsingu í fjós og hlöður og hvort aukahlutir fylgi sem þurfi til að geta látið aflíð vinna, bæði við strokk og skilvindu. Síðan segir hann orðrétt í bréfinu:

„...jég hef eigi getið um verðið neitt fast ákveðið, vegna þess að einhverjar prósentur yrði ég að fá ef ég seldi þeim þessar vjelar, sömuleiðis vildi ég taka að mjer umboðið fyrir yður eftir að ég hef fengið eina af þeim hjá yður, og öll þau vara stykki sem þyrfti að hafa óskaði ég helst að fá hjer einkasölu á.

Jeg ýminda mjer ef að ég ræðst í það að fá þetta ljós og afl hjá yður

að jeg mundi geta selt hjer fyrir yður nokkrar vjelar inn um djúpið á þau stærri sveitaheimili, því jeg hef töluverða verzlun við þá kalla, og hafa sumir af þeim oft talað við mig um þetta, vegna þess að tveir af þeim eru nú staddir hjer nú þegar að jeg er að skrifa yður þessar línur, þá hafa þeir fast ákveðið sig með að fá sjer vjelar, er þeir hafa sjeð hana hjer uppsetta og í fullri notkun, en þar jeg hef eigi þekkingu á hvort að hægt yrði að nota aflíð til annars en ljósa, þá hef jeg eigi getað gefið þeim nákvæmar upplýsingar um það.

Í von um að heyra frá yður sem fyrst viðvíkjandi þessu ásamt fullkonnari kostnaðaráætlun, sem jeg gæti gengið að eða frá, altsvo, vjelin hjer innstalleraði, ásamt lömpum, leiðningum, (Suðuvjel eins og er í pjesanum ef hægt yrði að eða rjettara sagt alt saman altílbúið til notkunar hjer. Í von um hið besta er jeg Yðar með Vinsemd og Virðingu Ólafur Sigurðsson.“

Lika rafmagn í sírstöðina

Halldór hefur greinilega svarað þessu strax því Ólafur sendir annað bréf þann 2. júní 1919. Þar segir meðal annars að hann hafi ákveðið að taka tilboði Halldórs um ljósavél frá 20. apríl.

–“...svo ætlum við að láta Sírstöðina hjer fá kraft frá þessari vjel yðar líka, og hefur hann talað um að fá innstalleringu hjer hjá yður með sama.

Tilboð yðar sem að þjer gáfuð okkur að upphæð kr. 6000,00 með tilheyrandi göngum við að, og samkvæmt símtali við yður í dag þá göngum við út frá að þjer sjáið um að allt verði svo gott og fullkomið sem frekast er unt, svo að við getum mælt með því, þar við göngum út frá því að þjer látið okkur fá að alaumboð hjer fyrir bæinn, djúpið og sýsluna, og skulum við gjöra það sem í okkar valdi stendur til að selja það sem við getum af því sömuleiðis gæti komið til orða að fleiri hjer í bænum tækju þetta þar sem þeir hafa fengið að sjá það uppsett hjer hjá okkur ásamt öllu tilheyrandi, sömuleiðis vildi jeg vekja athygli yðar á að ef þetta reynist vel þá er engin efi á að við getum afsett ekki svo fáar vjelar hjer í djúpið. Því margir eru þeir sem að gjarnan vilja fá svona ljós og önnur þægindi sem af því leiðir og væntum við að það geti orðið góð samvinna á milli okkar, og vonum að gentur prósenturnar verði svo góðar að við meigum vel við þær una.“

Tvö önnur bréf eru í gögnum Halldórs varða sölumál Verzlunar S. Guðmundssonar á vélum, ljósaþerum og varahlutum í ljósavélarnar frá Halldóri. Sömuleiðis eru bréf frá Karli H. Olgeirssyni verslunarstjóra verslunarinnar Edinborgar. Á bréfhaus þeirrar verslunar var efst fyrir miðju skreytt með fána Danmerkur og verslunarinnar og þar voru slagorðin: Lítill ágóði - Fljót skil.

Þá er einnig að finna bréf frá Helga Guðbjartssyni sem ritað er 16. febrúar 1921 og varðar kaup hans á rafgeymi sem hann hafði keypt í verslun Jóhanns Þorsteinssonar. Gallinn var sá að engin sýra, eða vatn fylgdi geyminum og ekki heldur sýrumælir sem Helgi óskar eftir með mikilli hógværd að Halldór sendi sér. Á bréfhausnum stendur:

*Ísafjarðar BÍÓ
Helgi Guðbjartsson
Ísafjörður - Iceland*

Heimildir sem greinin byggir á eru úr gögnum Halldórs heitins og birt með góðfúslegu leyfi Hjördísar Ólafsdóttur, dóttur-dóttur Halldórs Guðmundssonar raffræðings.

*Reykjavík í desember 2004,
Hörður Kristjánsson.*

HUNDRAÐ OG EIN ný vestfirsk þjóðsaga

Brot úr 7. bindi bókar Gísla Hjartarsonar

Grenivíkurkerlingarkossarnir

Það er eitt af verst varðveittu leyndarmálum íslenskra stjórnmála, að Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra og Kristni H. Gunnarssyni, Kidda sleggju, þingmanni Norðvesturkjördæmis, kemur illa saman. Það kom því engum á óvart að Valgerður sendi Kristni tóninn á heimasíðu sinni í kjölfar þess að hann var útlægur gerr úr nefndum Alþingis fyrir Framsóknarflokkinn í haust. Bar Valgerður Kristni afar illa söguna. Sagðist hún hafa tekið á móti honum sem þingflokksformaður með bæði blómum og kossi á haustdögum 1998 þegar hann gekk í Framsókn úr Alþýðubandalaginu. Hann hefði hins vegar algerlega glutrað niður trúnaði hennar. Framsóknarmaður einn á Vestfjörðum las þetta með undrun og hneykslan og orti síðan: Núna er ég heldur hissa, heimsins versnar pólitík. Eins og Júdas kann að kyssa kerlingin frá Grenivík.

Tíu ár frá snjóavetrinum mikla fyrir vestan

– ljósmyndir Hörður Kristjánsson



Árvellir og Teigahverfið Hnífsdal í mars 1995.



Mars 1995. Auðunn Birgir Harðarson og Halldór Sveinsson leika sér í snjónum á þaki Heiðarbrautar 7 í Hnífsdal.



Á þessu áru eru tíu ár liðin frá því að síðasti snjóavetur sem eitt-hvað kvað að skall á íbúum Ísafjarðar og annarra byggða á Vestfjörðum. Mannskæðu snjóflóðin í Súðavík í janúar 1995 og síðan annað mannskætt snjóflóð á Flateyri um haustið eru fólki enn í fersku minni. Það var því ekki skrítið að ónot færi um marga íbúa á Vestfjörðum þegar stórhrið skall á í byrjun ársins.

Snjóasöfnunin var hröð og leiddi það til snjóflóða víða um fjórðunginn. Ekki urðu þó slys á fólki að þessu sinni, enda varlega farið í ljósi reynslu af hörmungum fyrri ára. Eigi að síður ollu snjóflóð nú töluverðu tjóni og þá einkum í Hnífsdal. Þar tók af gamalt yfirgefð íbúðarhús á Hrauni sem staðið hafði af sér marga snjóavetur um áratuga skeið. Eins olli flóðið

nokkrum skemmdum á nýlegu íbúðarhúsi Hjálmars Sigurðssonar bónda og Huldu Helgadóttur konu hans. Einnig urðu skemmdir á blokk og raðhúsum sem standa við Árvelli en hafa lítið verið notuð undanfarin ár.

Þegar lítið er um öxl, þá minnst menn heils íbúðahverfis í Hnífsdal sem nú er að mestu horfið en var þéttbýlt árið 1995. Þetta var Teigahverfið sem fór nánast á kaf í afar miklum snjóalögum það ár ásamt húsunum við Árvelli. Í kjölfar þess að viðurkennt var að hverfið hafði verið byggt á snjóflóðahættusvæði,

voru mörg húsanna flutt í burtu svo þar gefur nú að líta hálf nóturlega mynd af hverfi sem einu sinni var.

Eftir snjókomuna á dögnum sem mjög komst í fréttir er fróðlegt að skoða myndir frá janúar og mars 1995 sem teknar voru af áður-nefndu hverfi í Hnífsdal sem og myndir frá Ísafirði. Borið saman við myndir sem teknar voru 7. til 9. janúar sl. sést að mjög mikið vantar á að snjóalög nú standist samanburð við það sem var fyrir tíu árum. En látum myndirnar tala sínu máli.

Rögnvaldur Bjarnason íbúi á Árvöllum 6 búinn að grafa snjógöng að útidyrum hússins í mars 1995. Þetta var ekki í eina skiptið sem göng voru grafin á þeim bænum. Þá var búið í öllum raðhúsunum, en nú býr þar enginn. Ekki er fyrirséð að þar verði búið í framtíðinni, enda kom snjóflóð á húsinn nú í byrjun janúar. Væntanlega hefur snjómoksturinn eitthvað minnkað hin seinni ár hjá Rögnvaldi, enda hann kominn á mölina fyrir sunnan og snjór að jafnaði frekar af skornum skammti við Langholtsveginn.



Árvellir 26. Snjóað fyrir allar dyr hjá Grétari Þór Magnússyni. Til hægri sést hvar Grétar er búinn að moka út ásamt Lindu dóttur sinni.



Kristján F. Kristjánsson Árvöllum 10, búinn að finna Peugeot bifreið sína í skaflinum.



Urðarvegur á Ísafirði eftir óveðrið sem olli snjóflóðinu í Súðavík í janúar 2005.



Urðarvegur á Ísafirði eftir mokstur í mars 1995.



Urðarvegur á Ísafirði eftir óveðrið í byrjun janúar 2005.

Holtahverfi í mars 1995. Allt á bólakafi.



Engjavegur 3 í mars 1995.



Hér glittir í húsið hans Búbba prentara að Engjavegi 22 til vinstri í mars 1995.

Ísafirðingar voru síðustu ábúendurnir á Hveravöllum:

Við yfirgáfum staðinn með miklum trega

- sögðu hjónin Kristín Björnsdóttir og Hafsteinn Eiríksson

Hjónin Hafsteinn Eiríksson og Kristín Björnsdóttir frá Ísafirði eru nú búsett í Reykjavík, en þau voru síðustu ábúendur í veðurathugunarstöðinni á Hveravöllum. Þau voru þátttakendur í mjög merki-
legri sögu veðurathugana á hálendi Íslands. Með brotthvarfi þeirra frá Hveravöllum sumarið 2004 lauk um 40 ára samfelldri viðveru í stöðinni á Hveravöllum, en þaðan eru nú eingöngu sendar upplýsingar um vindstyrk, vindátt og hitastig sem teknar eru með sjálfvirkum mælum.

Var þeim hjónum sagt upp eftir fjögurra ára búsetu vegna sparnaðarárforma ríkisins sem var þó þvert á vilja yfirmanna Veðurstofu Íslands. Kom þessi ákvörðun þeim algjörlega í opna skjöldu því þau höfðu ákveðið að búa áfram á fjöllum, alla vega eitt ár enn, en varð ekki að þeirri ósk sinni.

Þau pökkðu saman í júní á síðastliðnu sumri og fóru fyrst til Ísafjarðar þar sem þau eiga íbúð og sumarbústað. Þar sem enga vinnu var þar að hafa til frambúðar, þá fluttu þau til Reykjavíkur í haust.

Hafsteinn Eiríksson er fæddur í



Íbúðarhúsið á Hveravöllum.



Hafsteinn Eiríksson og Kristín Björnsdóttir voru síðustu ábúendur á Hveravöllum, þegar þau yfirgáfu veðurathugunarstöðina í júní 2004. Nú búa þau í Breiðholtinu í Reykjavík og þar má sjá á veggjum og víðar um íbúðina afrakstur af handavinnu hjónanna eftir fjögurra ára dvöl þeirra á fjöllum.



Stína sendir síðasta veðurskeytið frá Hveravöllum þann 20. júní 2004.

Hafnarfirði, en ólst upp á Ísafirði hjá kjörforeldrum sínum, Eiríki Guðjónssyni og Guðbjörgu Jóhannsdóttur sem bæði voru vel þekktir leigubílstjórar á Ísafirði. Kristín Björnsdóttir er fædd í Álftafirði, en hún er dóttir Björns Jónssonar og Stellu Guðmundsdóttur sem bjuggu á Seljalandi í Álftafirði. Tíðindamaður Vestanpóstsins heimsótti þau hjón að heimili þeirra í Vesturberginu í Breiðholti viku fyrir jól og voru þau fyrst spurð hvernig þessi furðulega hugmynd hafi kviknað að gerast veðurathugunarmenn lengst uppi á reginfjöllum, langt frá mannabyggðum.



Sólin hækkar en miðaverðið ekki!

Það kostar aðeins 900 krónur á mánuði að taka þátt í Happrætti Háskólans sem skilaði 780 milljónum króna til miðaeigenda í fyrra. Hæsti vinningur ársins var 36 milljónir króna en alls voru 224 miðar dregnir út með vinning sem var ein milljón eða meira.

Þú þarft bara að hringja eitt símtal eða að fara á vefinn til að eignast miða. Við fylgjumst með miðanum fyrir þig og látum þig vita þegar þú vinnur.

Fáðu þér miða í 800 6611 eða á www.hhi.is



**HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

Saga Hveravalla

Talið er að ferðafólk á leið um Kjöl hafi oft áð á Hveravöllum, þar voru góðir hagar fyrir hestana, og hitinn frá hverunum og laugin verið góður kostur.

Þegar á 12. öld var Kjölur orðinn að fjölfarinni leið og fljótlegasta leið frá Suðurlandi til Norðurlands.

Þar hafa margir sögulegir atburðir átt sér stað og margir notuðu einmitt þessa leið til öryggis, ófríðar eða til flóttar. Má til dæmis nefna að í Sturlungu er sagt frá því að mótherjar Guðmundar dýra rændu á landi hans og flúðu svo suður yfir Kjöl.

Eftir Víðinesbardaga þar sem Kolbeinn Tumason og menn hans áttu í átökum við Guðmund biskup góða, flúðu þeir sem eftir voru af liði Kolbeins suður yfir Kjöl. Liðsafaður fyrir Örlygsstaðabardagann fór fram á Kili og ekki má gleyma Fjalla-Eyvindi. En talið er að hann hafa dvalið á Hveravöllum í útlegð um tveggja ára skeið ásamt ástkonu sinni Höllu. Eyvindarhver er einmitt kenndur við Fjalla-Ey-



Hafsteinn tekur veðrið og virðist það hafa bara verið ágætt þann daginn.

vind og enn er hægt að finna merki um búsetu þeirra Höllu á Hveravöllum eins og t.d. Eyvindarkofa sem er í hraunsprungu skammt frá Eyvindarhver og hleðslu Eyvindarrettar sem er um 1 km suður af sæluhúsi staðarins. Einnig má

nefna örlög Reynistaðarbræðra þar sem þeir og fylgdarmenn þeirra urðu úti við Beinhól, ásamt um 200 fjár og reiðhestum.

Talið er að Magnús sálarháski, flakkari á þar síðustu öld hafi gert tilraun til að dvelja á Hveravöllum. Sagt er að hann hafi stolið lambi og soðið í hver einum, þá heyrðist honum lambið biðja vægðar og enn þann dag í dag þekkjum við máltekið er honum varð að orði: „Engin miskunn hjá Magnúsi.“ Skrokkurinn sökk en lungun flutu ofan á, át hann þau fyrstu vikuna, aðra vikuna lifði hann á sínu eigin munnvatni, en þá þriðju á Guðs blessun. „Og var sú vikan sýnu verst“.

Árið 1938 lét Ferðafélag Íslands reisa skála á Hveravöllum, sem enn þann dag í dag er notaður sem svefnskáli fyrir ferðalanga. Við hef-ur bæst annar skáli sem reistur var 1980 og fyrir skömmu var sett upp salernisaðstaða. Að auki eru tvö



SJÓVÁ ALMENNAR
Silfurtorgi, 400 Ísafirði, sími: 440 2430



Á hálendi Íslands, á miðjum Kjalvegi, er að finna óspillt og fríðað náttúrusvæði sem nefnist Hveravellir. Ferðamenn, jafnt íslenskir sem erlendir, sækja mikið þangað allt árið um kring. Ekið er eftir Kjalvegi sem liggur um miðbik landsins, ein elsta og fjölfarnasta alfaraleið hálendisins. Hann opnast yfirleitt upp úr miðjum júní og er fær eins lengi og veður leyfir.

Á Hveravöllum er að finna heita hver, bæði vatns- og gufu-hveri. Þeirra á meðal eru m.a. Eyvindahver, Öskurhóll og Blá-hver. Eyvindarhver dregur nafn sitt af Fjalla-Eyvindi, en talið er að hann hafi dvalið á Hveravöllum í um tvö ár, ásamt ást-konu sinni Höllu, útlægur frá samneyti við aðra menn, lög og rétt. Enn er að finna merki um búsetu þeirra, þeirra á meðal eru Eyvindarhellir og Eyvindarrétt. Þarna er líka að finna notalega náttúrulega heita laug sem staðsett er við annan skálann á svæðinu sem Hafsteinn og Kristín nýttu sér oft.



Hveravellir eru ein af mörgum náttúruverjum landsins, en svæðið liggur á milli Hofsjökuls og Langjökuls. Hverasvæði, heit laug og jöklar í stórkostlegu umhverfi draga alla náttúru-unnendur að svæðinu.





Heimilisvinirnir Pollý og Dússý.

hesthús í grenndinni fyrir hestaá-hugafólk sem ferðast á fákum sín-um um hálendið.

Árið 1965 lét Veðurstofa Íslands reisa veðurathugunarstöð á Breið-mel norðan við Hveravelli. Þar sem daglegar veðurathuganir fara fram, allt árið um kring, en hætt var að manna stöðina 20. júní 2004.

Ævintýraþrá

„Ég held að þetta hafi bara verið ævintýraþrá,“ sagði Hafsteinn, eða Hatti eins og flestir Ís-firðingar þekkja hann. Hann hafði fram að þessum tíma starfað sem rafvirki hjá Straumi hf. á Ísafirði og hafði það verkefni um margra ára bil að sjá um viðgerðir og viðhald á

rafmagni hjá Íshús-félagi Ísfirðinga. - „Við sáum þessa stöðu auglýsta tvisvar áður og vor-um þá búin að tala um að það væri gaman að sækja um þetta. Það sem hamlaði því að við létum verða af því að sækja um í fyrsta skiptið, voru í fyrsta lagi börnin sem þá voru ung og ekki æskilegt að vera með þau í einangr-un uppi á fjöllum. Í annað skiptið sem auglýst var, vorum við bundin af Dagblaðinu sem umboðsmenn á Ísafirði. Í þriðja skiptið sem þetta kom upp, var ég að skoða blaðið í apríl árið 2000 og rekst þá á auglýs-ingu um stöðuna á Hveravöllum. Ég sagði við konuna; eigum við ekki að sækja um? - Hún greip það á lofti og svaraði: Ef ég má taka saumavélina með.“



Líf fæðist á fjöllum. Gæsaregg í hreiðri, en nokkrum dögum síðar voru ungarnir horfnir á braut.



Á leið í sumarfrí til Ísafjarðar á hjólum í júlí 2001.

Hafsteinn segir að síðan hafi þetta þróast áfram. Þau sendu inn umsókn og voru í framhaldinu kölluð í viðtal. Af tíu þörum sem sóttu um voru þau síðan valin til að takast á við verkefnið.

„Við fengum svo starfið og fór-um uppeftir í júlí árið 2000,“ sagði Hafsteinn.

Hvernig var að koma þarna upp- eftir, var þetta eins og þið bjuggust við?

„Það er nú ekki hægt að segja að við höfum búist við neinu sérstöku, því við höfðum aldrei komið þarna áður,“ segir Kristín, eða Stína eins og hún er oftast nefnd af þeim sem til hennar þekkja. Hún var þá í föstu starfi hjá Ísafjarðarapóteki. - „Þetta var því algjörlega nýr heim-ur. Að vísu höfðum við tíu árum áður rennt þarna í gegn og komið við á skálasvæðinu, en ekki farið upp að heimahúsinu.

Eftir að við vorum búin að fá stöðuna fórum við upp á Hvera- velli og kíktum í heimsókn hjá hjónunum sem þar voru fyrir. Það var tekið afskaplega vel á móti okk-ur og forverar okkar leiddu okkur í allan sannleika um í hverju vinn- an fælist. Þau kenndu okkur á svæðið og sögðu okkur hvað gæti komið upp á og hvernig við ættum að bregðast við. Við vorum því voðalega kotroskin og þóttumst al-veg geta tekist á við þetta.

Hent út í djúpu laugina

Svo rann upp ágústmánudur þegar okkur er ætlað að taka við. Þá áttum við að hafa þann kost að sá sem fyrir var gæti verið með okk-ur til að byrja með, alla vega fyrstu tvær vikurnar. Það gekk hins vegar ekki eftir. Yfirmaður okkar á Veð-urstofunni var með okkur eina helgi, í tvo sólarhringa og síðan vorum við bara skilin eftir. Okkur var í raun hent út í djúpu laugina og því ekki um annað að ræða en að taka til sunds. Það kom því ó-neitanlega upp í okkur töluverð spenna fyrsta mánuðinn. Þá vökn- uðu spurningar um það hvað við værum eiginlega búin að koma okkur í og hvort við réðum einfald- lega við þetta.

Þetta var auðvitað heilmikið að innbyrða í einum hvelli á ör-



Jeppamenn komnir í heim-sókn á Hveravöllum.

skömmum tíma. Við þurftum að læra á allt, húsið, vélar, tæki og hvernig ætti að taka veðrið. Að vísu vorum við búin að vera á tíu daga námskeiði í Reykjavík áður en við fórum uppeftir. Það voru hins vegar allt aðrar aðstæður en sá raunveruleiki sem við blasti uppi á Hveravöllum. Á námskeiðinu gátum við lítið annað lært en það sem við skrifuðum niður í bókina innan dyra. Þarna uppfrá var skýjafar og skýjahæð öðruvísi, skyggni með allt öðrum hætti og vegalengdir sem þurftu að átta sig á. Þetta var því allveg nýtt fyrir okkur þegar við komum á staðinn.

Við vorum ákveðin í því að við skyldum reyna að standa okkur. Fyrst það var búið að vera ungt fólk í þessu á undan okkur, þá gátum við varla verið verri en þau með alla okkar lífsreynslu að vestan. Sjálfsgagt var þá langt síðan aðrir eins gamlingjar og við höfðu setið á Hveravöllum. Þau sem voru á undan okkur voru rétt um þrítugt og höfðu þá verið í þrjú ár.

Við vorum því sannarlega ákveðin í að spjara okkur, en ég get þó ekki annað sagt en að það var svolítið spennu í okkur fyrsta mánuðinn. Samt vorum við ekki viss um hvort við réðum almennilega við þetta. Síðan fór þetta allt að lagast og þetta gekk bara ansi vel. Þá fórum við að horfa svolítið fram á veginn og velta fyrir sér hvað gæti komið uppá og hvort við myndum ráða við allar bilanir sem kynnu að koma upp. Þetta gekk samt allt ótrúlega vel. Ef eitthvað kom upp á, þá hringdi maður bara og reyndi að afla sér upplýsinga um hvernig leysa ætti málin.



Hafsteinn er menntaður rafvirki, en var sú þekking lykilatriði varðandi þessa stöðu?

„Já og nei. Það var engrar menntunar krafist í þetta starf, en vissulega gott að hafa einhverja menntun sem nýst gæti í starfinu. Síðan var maður búinn að vera að gramsa í bílum og vélum í gegnum tíðina og hafði því ágæta innsýn í ýmislegt. Þarna uppfrá eru ljósavélar sem þurftu að keyra og allt rafmagn framleitt með þeim. Það var því gott að hafa einhverja þekkingu á rafmagni og vélum. Annars var einn ágætur maður sem spáði því að við myndum aldrei



Ferskur

með



flugi



Toppfiskur
Fiskislóð 65
121 Reykjavík
562 1344



tolla þarna nema mesta lagi í hálftré árið.

Var mikið um að vélar og tæki biluðu?

„Ekki búnaður sem Veðurstofan var með, nema helst varðandi vatnsmálin sem tilheyrðu þó ekki nema að hluta Veðurstofunni. Þarna er uppspretta með 30° heitu vatni sem rennur í stóran steiptan brunn. Hann tekur nokkra rúmmetra að vatni. Við brunninn er dæluhús og ein dæla sem dældi vatninu upp í húsið til okkar og önnur sem dældi vatni niður á svæðið fyrir neðan í skála sem Ferðafélagið rak fyrstu tvö árin okkar uppfrá, en Svínavatnshreppur keypti síðan skálana. Þessar dæluar vildu svolítið bila. Í raun var mesta vesenið því varðandi vatnið á svæðinu. Þá vildi líka frjóska í lögnum niður í skálann. Maður þurfti því stundum að standa í stórræðum í þreifandi byl og vondu veðri.“

Vinnan hjá ykkur á Hveravöllum hefur þó trúlega verið dálítið frá-brugðin því sem þið áttuð að venjast eða hvað?

„Já, þetta byggðist á því að vera með vakt allan sólarhringinn. Það þýddi að við urðum að senda veður á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn. Þarna skipti samvinnan höfuðmáli,“ segir Stína. – „Þær tvær persónur sem tóku þetta að sér þurftu því að vera mjög samrýmdar og bera fulla virðingu fyrir hvorri annarri. Einkum til þess að „vondu vaktirnar“ lentu ekki alltaf á sama einstaklingnum. Það var vaktin á nóttunni sem var langerfiðust. Þá þurfti að vakna klukkan þrjú til að senda veðrið. Við bjuggum okkur sjálf til okkar vaktaplan og unnum mjög samviskusamlega eftir því. Þannig sáu við alltaf til þess að annað okkar fengi að sofa sem best þegar það ætti ekki vakt.“

Maður var því að byggja þetta á góðri samvinnu og fullri virðingu fyrir hinum aðilanum. Þó við vær-



Sæmilegur skafl við íbúðarhúsið.



Jólasveinar komnir í heimsókn og búnir að elda jólamatininn fyrir hjónin á Hveravöllum.



Stína að moka frá dyr- unum. Oft þurfti að taka hressilega til hendi og þá var ekki spurt að því hvort það var karl- maður eða kvenmaður á vaktinni í það skiptið.

um hjón gat maður ekki ætlast til þess að makinn færi alltaf í leiðinlegustu verkin. Það er nefnilega svo auðvelt að detta í það far þegar tvær nánar manneskjur eiga í hlut að hugsa sem svo: Æi, það er svo leiðinlegt veður, hann Hatti getur bara farið. - Þetta gerðum við ekki og einsettum okkur að fara stranglega eftir okkar reglum. Þarna þýddi heldur ekkert að rjúka í forstjóran til að kvarta yfir samstarfs-

aðilanum. Forstjórinn hafði einfaldlega ekkert með það að gera, því við mótuðum sjálf okkar samstarfsreglur.

Reglan var sú að ef, af einhverjum ástæðum, væru aðstæður þannig að ég treysti mér ekki út á minni vakt, þá var þetta bara eins og ég væri að vinna hjá öðrum. Ég bað Hatta þá bara að hlaupa í skardið mig, en ekki það að mér þætti það neitt sjálfsagt að hann færi.“



Íðnaðarmaðurinn Stína kominn í tröppuvíðgerðir.

En var þetta þriggja tíma vaktafyrirkomulag ekkert erfitt?

„Það má venjast öllu, en það gat vissulega verið erfitt í byrjun. Við reyndum að finna okkar takt í þessu, enda gátum við skipt þessu á milli okkar eins og við vildum. Það var því oft þannig að við tókum hvort um sig tvær og tvær vaktir í einu,“ sagði Hatti. „Erfiðasti tíminn var á nóttunni klukkan þrjú, því við þurftum líka að taka veðrið klukkan tólf og vorum þá venjulega bæði vakandi. Það tók því síðan varla að sofna fyrir það okkar sem átti vaktina klukkan þrjú.“

Nú hefur varla verið samfelld blíða á fjöllum þennan tíma?

„Kristín segir að þannig hafi þetta reyndar ekki alltaf verið. – „Mest fór vindurinn í 100 hnúta. Annars var það ekki vindurinn sem var verstur heldur þegar maður sá ekki út úr augum fyrir kófi. Líka þegar saman fór mikil slydda og vindur. Þá var maður



Hatti kominn upp í staur að gera við.

ur oft í vandræðum með að sjá á mælana í gegnum gleraugu og skíðagleraugu þar yfir. Hreinn vindur var því ekki verstur,“ segir Kristín og nefnir að hún hafi venjulega kallað slíkt fyrirbæri „sléttan“ vind. Þetta hafi bara verið eins og veggur og hægt að halla sér í vindinn og treysta því að hann héldist nokkuð stöðugur.

Öðru vísi veður en fyrir vestan

Hafsteinn segir að veðurlagið á hálendinu hafi verið með allt öðrum hætti en þau þekktu að vestan. Á Ísafirði gat oft verið brjáláð veður

og sviptivindar með snörpum kviðum sem mynduðust af nálægum fjöllum. Þarna uppfrá voru fjöllin svo langt í burtu að slíkir sviptivindar mynduðust ekki. Vindurinn var því stöðugur. Hins vegar hafi það komið fyrir að þau hafi átt það til að villast í miklum byljum og þoku.

Tapaði áttum

„Við þurftum t.d. að taka snjó-mælingar til að geta gefið upp hversu mikið snjómagnið var hverju sinni á hálendinu. Það var gert einu sinni á dag og þá gengið eftir 37 mælistikum og tekin staðan á hversu hátt snjórinn næði á þeim. Ég fór einu sinni út sem oftast og var þá glampanði sól, frost og til-
tölulega gott veður. Ég labbaði á-leiðis, en þegar ég var kominn næstum því út á enda, skellur yfir dimmt og mikið él og skyggnið

20 milljónkróna vinningar í janúar

Stórglæsilegir skattfrjálsir vinningar:



Ragnhildur Steinunn og faðir hennar Jón Þór:
„Við höfum séð hvað lítið framlag
getur kveikt mikla hamingju“

Veldu þér vinningsnúmer í síma

552 2150 eða á **www.sibs.is**

Láttu reyna á heppnina

- þú gættir unnið milljónir í verðlaun
fyrir að styðja lífsnauðsynlega uppbyggingu að Reykjalundi



22 Honda Jazz bifreiðar

léttleikandi, fjölnotabifreið,
tilbúin á götuna - skattfrjáls.

Skoðaðu Honda Jazz hjá Bernhard

2005

200 ferðagjafakort

frá Úrval-Útsýn að verðgildi
100 þúsund krónur hvert



3.750 Kjarvalsþækur

kjörgripur sem á engan sinn líka



Umboðsmenn á Vestfjörðum

Silja Jóhannsdóttir, Skálholti, Barðaströnd, sími 456-2080, 451 Patreksfjörður
Íslandspóstur, Bjarkargötu 4, sími 456-1100, 450 Patreksfjörður.

Gestrún Sveinsdóttir, Versl. Pokahornið, sími 456-2505, 460 Tálknafjörður.

Birna Kristinsdóttir, Smiðjustigur 1, sími 456-2128, 465 Bíldudalur.

Guðrún Bjarnadóttir, Vallargötu 12, sími 456-8393, 470 Þingeyri.

Alla Gunnlaugsdóttir, Ránargötu 1, sími 450-7600, 425 Flateyri.

Söluskáli Esso, Rómarstíg 10, sími 456-6262, 430 Suðureyri.

Ragna Magnúsdóttir, Hólastíg 1, Sími 456-7510, 415 Bolungarvík.

Myndás, Aðalstræti 33, sími 456-4561, 400 Ísafjörður.

Víkurbúðin, Grundarstræti 1, sími 456-4981, 420 Súðavík.

Jónas Helgason, Æðey, sími 566-7604, 401 Ísafjörður.

HÉR & NÚ / SÍÐ

Hálfur milljarður í pottinum



33.296 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.

HAPDRÆTTI



...fyrir lífið sjálft

varð ekkert. Ég taldi mig nú vera nokkuð vissan á hvar ég var staddur og hvert ég ætti að fara. Ég labba því af stað, en eftir smástund átta ég mig á því að ég er greinilega á rangri leið. Ég fann ekki næstu stöng, en samt var stutt á milli þeirra. Þá ákvað ég að setjast bara niður og bíða. Það hlyti að stytta upp, enda hafði verið sól skömmu áður. Ég beið rólegur í smá stund og þá birti til. Þá sá ég að ég var kominn í um 30 metra í þveröfuga átt þó ég hafði verið klár á í hvaða stefnu ég var þegar élið skall á. Á þessu lærði maður hversu mikilvægt er að nema staðar þegar maður missir sýn á hvert maður er að fara. Ef ég hefði haldið áfram og ekki hefði stytt upp, þá er óvíst að ég hefði orðið til frásagnar um framhaldið.“

Girðing til bjargar

Kristín nefnir í þessu sambandi að í kringum húsið hafi verið girðing. Reglan hafi verið sú að ef skyggni væri mjög lélegt t.d. mikil snjókoma, þá færu þau ekki út fyrir girðingu að mæla þrátt fyrir að þær mælingar væru föst verkefni á hvern einasta dag. Þetta hafi þau þurft að meta hverju sinni og ef ekki sæist á milli stanga þá færu þau ekki út í hraunið. Sjálf sagðist Kristín hafa villst í þrígang innan girðingar sem þó er ekki langt frá húsinu. Hún hafi þá ekki fundið skýlið með mælunum sem hún ætlaði að fara að lesa af. Skýlið er hvítt og í þreifandi byl gat verið erfitt að greina það í öllum snjónum. Þá var girðingin sá öryggisventill sem hún hafði. Með því að fikra sig eftir henni mátti alltaf rata að húsinu aftur. Kristín segir að það hafi þó lærst fljótt hversu langt var að hverju skýli. Ef skrefin hafi verið orðin óeðlilega mörg, þá hafi ekki verið um anna að ræða en að nema staðar og reyna að átta sig á hvar hún væri stödd. Það hafi líka hjálpað að uppi á þaki íbúðarhússins var rautt ljós sem sást nokkuð vel. Þá hafi verið band í húsinu sem ætlað var til þess að binda um viðkomandi svo hann anaði ekki út í óvissuna ef hann rataði ekki að mæla-skýlinu sem var í 50 til 60 metra fjarlægð frá húsinu. Þau sögðust þó



I vorleysingum er að mörgu að hyggja. Hér huga Hafsteinn og Kristín að vadinu á ánni. Skyldi vera óhætt að aka yfir?



Stína búin að moka snjógöng heim að íbúðarhúsinu.



Stundum var ekki hundi út sigandi vegna veðurs, en þarna var því ekki til að dreifa, en samt var einhver orðinn hund-blautur. Það var ekki bara mannfólið sem þurfti endrum og sinnum að bregða sér í það.



Kristín með hundinn við kyrrt fjallavatn í vorleysingum.



Að lesa af þessum mælum var hluti af starfi Hafsteins og Kristínar í fjögur ár á fjöllum.

aldrei hafa notað bandið. Þeim hafi hreinlega aldrei fundist veðrið vera nógu slæmt til að á því þyrfti að halda þó skyggni væri stundum nær ekkert.“

Fannst ykkur þetta ekkert óþægileg tilfinning?

„Ég held að uppeldið vestur á Ísafirði og inni í Alftafirði. á þeim tíma þegar virkilega komu vond veður, hafi haft sín áhrif. Ég held að okkur hafi aldrei fundist almennilega vond veður í Hveravöllum. Okkur fannst þau aldrei koma,“ sagði Kristín. - „Mig langaði þó svo virkilega til að sjá almenni-

legan snjó þarna uppfrá. Ég hafði séð gamlar myndir sem voru teknar þar í miklum snjó. Skýlið sem við vorum að lesa af hitann, er í tveggja metra hæð yfir jörðu. Á gömlu myndunum mátti sjá mann lesa þarna af mælum og var hann þá skríðandi á fjórum fótum. Mig langaði því mikið til að við fengjum að upplifa slíkt og að tækin færu almennilega í kaf. – Það gerðist bara aldrei.“

„Fyrsti veturinn var eiginlega besti veturinn,“ sagði Hafsteinn. „Þá var sæmilega mikill snjór, miklar stillur og frostið fór niður í 25 stig. Þá var virkilega fallegt á fjöllum, hjart og fallegt yfir. Það kom þó aldrei virkilega mikill snjór, kannski 82 til 83 sentímetra jafnfallinn snjór, sem er alls ekki mikið.“

Hvað með gestagang á Hveravöllum?

„Það var ekki svo mikið hjá okkur. Inn til okkar komu ekki nema okkar nánustu vinir, en fólk sem var að koma í skálana kom bara við hjá okkur til að fá lykla, en við sáum um þá fyrir Ferðafélagið og síðan strákana sem tóku við. Þá vorum við líka að selja bensín og einhver erill var í kringum það, en samt ekkert sem við fundum mikið fyrir. Börnin okkar og önnur skyldmennni voru svo langt í burtu að þau áttu ekki auðvelt með að komast til okkar. Það var þá helst yngsti strákurinn okkar Björn Fannar sem var svolítið duglegur að koma í heimsókn. Dóttir okkar, Bára Lind, koma líka alltaf með börnin til okkar á haustin og var hjá okkur í hvert sinn í hálfan mánuð. Þau áttu ekki jeppa svo þau voru ekki að koma eftir að færð versnaði. Þá kom tengdapabbi oft á sínum jeppa og stundum á vélsleðanum sínum og gisti þá oft. Þetta voru mjög kærkomnar heimsóknir og fastur punktur í tilverunni.“ Þar á Stína við Skarphéðin Guðjónsson, mikinn fjallamann þó komin sé á nírræðisaldur. Hann var giftur lífmóður Hafsteins, en þau áttu um tíma heima á Stöðvarfirði.

Allt góðir vinir okkar

Nú eru oft sagðar tröllasögur af jeppa- og vélsleðafólki sem þeysir

Græðir sf. – Flateyri

Vinnuvélar • Verktakastarfsemi

Valdemar Jónsson • Varmadal Flateyri

Sími 456-7652 / 893-3067 / 456-7650 • Fax: 456-7651

Vestfirðingar, gleðilegt nýtt ár





Sögufélag Ísfirðinga var stofnað 18. janúar 1953 og hefur tilgangur þess alla tíð verið að safna, varðveita og kynna hvers konar fróðleik um Vestfirði að fornu og nýju. Ársrit félagsins hefur komið út frá árinu 1956 og er heildarfjöldi lesmálssíðna nú orðinn um 8000 síður. Sögufélag Ísfirðinga hefur auk þess gefið út *Sögu Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna I-IV*, eftir Jón Þ. Þór, *Vestfirzka slysadaga* eftir Eyjólf Jónsson, *Frá línuveidum til togveida* og *Fiskvinnsla í sextíu ár* eftir Jón Pál Halldórsson og *Vestanglæður*, afmælisrit tileinkaði Jóni Páli Halldórssyni á 75 ára afmæli hans.

Allar útgefnar bækur Sögufélags Ísfirðinga er hægt að nálgast hjá afgreiðslumanni félagsins: Geir Guðmundsson • Vitastíg 16, 415 Bolungarvík
Dreifing í Reykjavík:
Hið íslenska bókmenntafélag • Skeifunni 3b, 108 Reykjavík

VESTFIRSKUR FRÓÐLEIKUR VANDAÐAR BÆKUR



SÖGUFÉLAG ÍSFIRÐINGA



Alltaf á undan, pantaðu fermingar- myndatökuna tímanlega.

Gerum myndir
á ekta málverkastriga,
sem ekki fölna næstu
100 til 200 árin.

Vestfirðingar alltaf betri.

Ljósmyndastofa Kópavogs
Ljósmyndastofan Mynd
www.ljosmynd.is

sími: 554 3020
sími: 565 4207





Á milli þess sem sinnt var skyldustörfum var tilvalið að stunda tómstundir eins og saumaskap og smíðar. Hér má sjá hluta af af-rakstrinum og greinilegt að búðarráp og borgarskarkali hafa ekki verið að trufla þau hjón við þessa iðju.



um hálendið í misjöfnu ástandi. Var þá aldrei neitt ónæði af gestagangi af þess völdum?

„Nei aldrei. Ég held ég geti sagt það hreint út að allir upp til hópa, hvort heldur það var fólk sem var að koma á sledum, jeppum, bílum eða skíðum, að þetta voru allt vinir okkar. Jafnvel fólk sem kom í stórum hópum. Þetta fólk hringdi undantekningalaust á undan sér og spurði hvort okkur vantaði ekki eitthvað úr bænum. Það var svo sjálfsagt að skjótast fyrir okkur hingað og þangað og sækja fyrir okkur eitt og annað. Ef við áttum póst á leiðinni uppeftir, þá var hann sendur á Védurstofuna. Þá var alveg sama hver var á leiðinni uppeftir, þeir komu bara þar við og tóku póstinn. Við getum því ekki sagt neitt nema gott af kynnum okkar við allt þetta fólk,“ segir Kristín.

„Við getum nefnt sem dæmi af einum ágætum flugmanni, Sigurði Gylfasyni, sem við þekktum og var oft að fljúga yfir hálendið til að athuga vélsledafærið. Hann spurði þá gjarnan hvort okkur vantaði eitthvað. Ef það var ekki, þá sagði hann; jæja, ég kem þá bara með blöðin. - Síðan kom hann fljúgandi. yfir húsið og henti þá niður til okkar blaðapakka sem var kærkomin sending því við sáu yfirleitt aldrei ný blöð.

Svona var þetta það vildu allir allt fyrir okkur gera. Þá var sama hvaðan menn voru að koma, úr Reykjavík, frá Akureyri eða hvaðan

sem var. Allir spurðu; vantar ykkur eitthvað? Bara nefna það og við getum sótt það hvert sem er.“

Matarlisti gerður á haustin

Þau hjón segjast þó hafa verið vel birg af öllum nauðsynjum, en gaman hafi verið að upplifa þessi almennilegheit og að fá póst og ný blöð annað slagið. Varðandi matvælin, þá segist Kristín hafa gert matarlista í byrjun hausts varðandi matarbirgðir sem duga áttu fram á vor. Kosturinn var svo sendur uppeftir í lok september. Þar var um allt mögulegt að ræða meira að segja kjöt mjólk, rjóma og osta. Þessu var öllu saman skellt í frysti og tekið út eftir hentugleikum. Hún segir að þetta hafi vissulega verið þúsl að reyna að átta sig á því hvað þyrfti mikinn mat til svo langrar útilegu.

Fjarlægðin frá byggð hafi þó aldrei verið vandamál. Það hafi aldrei komið upp svo brýn mál að ekki hafi mátt leysa þau. Ef eitthvað kom upp á, þá hafi dóttirin séð um að leysa málin hún hafi séð um að láta senda hluti á Védurstofuna, ef eitthvað vantaði. Síðan hafi „góðu“ karlarnir séð um að flytja það uppeftir. Hafsteinn segir að þau hafi gjarnan litid þannig á að ef þau höfðu ekki einhverja hluti við höndina, þá vantaði þá bara ekki.

Jólasveinar komu frá byggðum

„Svo fengum við alltaf jólasendingu. Þar var um að ræða jólatré, jólapakka og annað. Það var sér hópur sem gerði út á þetta að koma með jólasendinguna til okkar. Það var ofboðslega gaman og við kölluðum þá bara jólasveinana okkar. Það má segja að það hafi verið eini hópurinn sem kom beint inn til okkar fyrir utan okkar nánustu ættingja. Þetta voru þaulreyndir jeppakallar og við buðum þá gjarnan velkomna með kaffi og kökum. Síðan buðu þeir okkur í mat niður í skála. Þá var gjarnan með í för Jói (Jóhannes Stefáns-son) eigandi og kokkur á Múla-kaffi. Var þar slegið upp þessu fina jólahlaðborði þar sem við borðuðum öll saman. Þarna var gjarnan sungið og spilað við kertaljós og oft mjög gaman. Þetta voru okkar litlu jól þegar jólasveinarnir komu frá byggðum upp úr miðjum desember.“

Kristín segir að þessar ferðir jólasveinanna hafi yfirleitt gengið vel. Að vísu hafi verið mikill vatnssagi og krap önnur jólnir þeirra uppfrá. Þriðju jólnir hafi allt verið marautt. Fjórdgu jólnir voru síðan frábrugðin, en þá fóru þau Hatti og Stína heim í jólafrí og voru leyst af á meðan.

Þau segja að þrátt fyrir fjarlægð frá byggð og einangrunina þá hafi aldrei hvarflað að þeim um jól að gefast upp. Samt sem áður hafi þau aldrei verið ráðin nema til eins árs

í senn. Þau hafi fljótt fundið fyrsta veturinn að þau langaði til að takast á við þetta hlutverk aðeins lengur og vera í tvö ár. Eftir að líða fór á seinna árið ákváðu þau að taka eitt ár enn.

Erfitt að hætta

„Okkur var farið að líða betur og betur á fjöllum og vorum eiginlega komin í þá stöðu að það væri orðið erfitt að ákveða að hætta. Eftir fjórða árið ætluðum við að vera fimm ára,“ sagði Kristín. – „Þeir urðu því að gera eitthvað til að losna við okkur og einfaldlega lokuðu sjoppunni,“ sagði Hafsteinn og hló, en þau tóku þó fram að það hafi verið fjárveitingavaldið en ekki Veðurstofan sem vildi leggja þetta niður. Hafsteinn segir að þrautseigasti ábúandinn hafi verið þarna í sex ár. Annars hafi verið algengt að fólk væri þarna þrjú ár í röð.

„Það er aldrei að vita nema við hefðum orðið sjötta árið líka ef við hefðum fengið að vera fimm ára,“ segir Kristín. – „Þetta var orðið þannig að þegar fór að hausta þá vorum við komin með heimprá og langaði að komast aftur uppeftir eftir sumarfrí. Eflaust hefur það hjálpað til í mínu tilfelli að ég var alin upp við svona aðstæður. Ég ólst upp tiltölulega afskekkt þar sem fólk varð að bjarga sér með það sem það hafði hverju sinni. Það pirraði okkur því aldrei að vanta einhverja hluti þarna uppfrá. Svo er ég í eðli mínu þessi heimakæra týpa sem finnst best að vera bara heima. Við vorum því ekkert að fá okkur jeppa eða annan vélsleða eftir að okkar gafst upp eftir fyrsta veturinn. Við settum Subaru bílinn okkar inn í hús þegar það byrjaði að snjó og létum skíðin duga.“ – Hafsteinn leggur hér orð í belg og segir að ef þau hefðu verið með jeppa þá hefði verið viðbúið að í þau hefði verið kallað í tíma og ótíma til að hjálpa bílum í vandræðum.

Enginn þvælingur

„Þá var vinnan þannig,“ segir



Þó það geti verið ævintýralega gaman að þeysa um hjarnið á vélsleða, þá nýttu Hafsteinn og Kristín sér ekki þann mun að nema fyrsta veturinn á Hveravöllum. Gönguskíðin dugðu þeim ágætlega, biluðu lítið og þurftu heldur ekkert bensín!

Kristín, „að við þurftum að skila þessu á þriggja tíma fresti. Það var því ekki svo mikill möguleiki á því að annað okkar væri í burtu í lengri tíma í jeppaferð eða á vélsleða. Okkur fannst það bara ekkert sniðugt að annað okkar væri í burtu því möguleiki var á að það skylli á snarvitlaust veður. Þá væri alveg óvisst hvenær viðkomandi kæmist heim aftur. Við vildum ekkert endilega kalla slíkt yfir okkur og því létum við skíðin duga. Við vildum frekar vera heima og reyna að sinna vel okkar vinnu. Það var meira en að lesa af mælum. Við þurftum líka að vinna töluvert í snjónum.“

Þar á Kristín við þá vinnu sem sneri að skráningu og athugunum á eðli snjóalaga. Teknar voru snjógryfjur á viku til tíu daga fresti og var þá grafið niður í gegnum snjóinn og niður á auða jörð. Var síðan gerð athugun á lagskiptingu í snjónum, hvernig hann kristallaðist og annað í þeim dúr. Allt voru þetta mælingar sem ekki eru lengur stundaðar.

Hafsteinn segir að með því að hætta mönnun stöðvarinnar hafi verið klippt á rannsóknir af þessum toga sem stundaðar hafi verið af einhverju tagi allar götur síðan 1965. Fyrr á árum var jafnvel um það að ræða að tekin voru grassýni á sumrum.

Snjóranssóknir í kjölfar snjóflóða

„Eftir snjóflóðin á Ísafirði og í

Súðavík 1994 og 1995 voru settar 97 mælistangir út í hraunið í samvinnu við franska vísindamenn. Var ætlunin að finna út hvernig snjór legðist eftir skafrenning. Þetta þurftum við að gera bæði fyrir og eftir skafrenning. Ef fyrir séð var að vont veður væri í vændum, þá þurftum við að gera mælingar við hverja einustu stöng og síðan aftur eftir að vedri slotaði. Þá mældum við hversu mikill snjór hafði hlaðist upp. Síðan voru tekin sýni af lagskiptingunni. Við urðum að lesa af stöngunum í gegnum kík, því við máttum ekki fara inn á svæðið til að trufla ekki vindhreyfinguna með okkar sporum. Það var erfitt fyrstu árin að fá vélsleðamenn til að skilja þetta. Þeir notuðu stangirnar gjarnan sem svigbraut. Smátt og smátt lærðu menn þó að virða það sem við vorum að gera.“

Kristín segir að þeim hafi því fundist mjög slæmt að hætta hafi verið slíkri gagnasöfnun loksins þegar hún var farin að skila árangri eftir samanburð til margra ára.

Kristín segir að þeim hafi því fundist mjög slæmt að hætta hafi verið slíkri gagnasöfnun loksins þegar hún var farin að skila árangri eftir samanburð til margra ára.

Fengu síðust fréttir af lokuninni

Hvernig tilfinning var þá að fá að vita að loka ætti mannaðri veðurathugunarstöð á Hveravöllum?

„Við fréttum það auðvitað síðust allra að loka ætti stöðinni. Hafsteinn þurfti að hringja í Veðurstofuna um mánaðamótin febrúar/mars 2004 af því að það vantaði einhverja pappíra uppeftir. Þá segir yfirmaður okkar að það sé kannski rétt að segja okkur það í leiðinni að það eigi að leggja stöðina niður í haust. Þá hafði þetta verið einhvern tíma inni á borði hjá þeim, en það gleymdist bara að koma þeim skilaboðum til okkar.

Algjört sjokk

Þetta var algjört sjokk og við vorum miður okkar alveg þar til að því kom að við þurftum að fara að pakka saman. Okkar ráðningartími

var til 31. júlí og við töldum því að við yrðum látin vera út þann tíma,“ segir Kristín.

„Við fengum uppsagnarbréf í lok apríl um að leggja ætti niður mönnun 1. ágúst. Við skildum þetta þannig að við ættum að manna stöðina fram að lokun. Við vorum því ekkert að hugsa okkur til hreyfings. Ég fékk þó á tilfinninguna að sennilega væri eitthvað bogið við þetta. Um miðjan maí þurftum við að hafa samband aftur við Veðurstofuna til að fá ákveðin mál á hreint og þá var okkur tilkynnt að við ættum að fara út 1. júní. Við vorum þá ekkert farin að taka saman eða ganga frá hlutum. Hafsteinn hringdi þá í Magnús veðurstofustjóra og hann samþykkti að orðalagið í uppsögninni hafi kannski ekki verið alveg nógu skýrt. Var því gerður við okkur starfslokasamningur til 20. júní.“

„Það skrítna var að við höfðum farið heim í jólafrí um veturinn og þá kom yfirmaður okkar og skipti við okkur í jólafríinu. Ekkert var þá minnst á lokun stöðvarinnar,“ segir Hafsteinn. - „Við sögðum honum áður en við fórum í fríið að við værum að hugsa um að vera áfram næsta vetur. Það þótti bara hið besta mál og ekki rætt neitt frekar. Ekkert var minnst á að loka ætti stöðinni. Það var svo í lok febrúar sem við fengum fyrst að vita þetta.“

Okkar bestu ár

„Við sjáum alls ekki eftir þessum tíma á Hveravöllum og okkur finnst þetta vera búið að vera okkar bestu ár,“ segir Kristín. „Ég held að það sé afskaplega gott fyrir öll hjón að fá að upplifa slíkt. Það er gott fyrir hjón sem hafa unnið svona mikið eins og við og hjón sem vinna í sitt hvorri áttinni og eru að basla við að koma upp húsi og ala upp börn og sjást kannski ekki nema brot úr sólarhring. Það að þurfa að vera í svona vinnu bara tvö alein allan sólarhringinn, gefur manni afskaplega mikið. Maður nær að kynnast makanum miklu betur, miklu dýpra og allt öðruvísi. Maður fær virkilega innsýn í það hver maður er sjálfur inn við beinið. Maður lærir fyrst og fremst að þekkja sjálfan sig og lærir að kunna



Stína að koma á gönguskiðunum úr snjósmælingu fyrir Veðurstofu Íslands.

að meta þann einstakling sem maður býr með. Mér finnst þetta alveg dásamleg reynsla.“

Hafsteinn tekur undir þessi orð:

„Þetta er það besta sem við höfum lent í. Manni finnst þetta hafa verið eins og að fá sumarfrí í fjögur ár. Ég held þó að svona vinna sé kannski ekki öllum að skapi. Það er ekki víst að svo náin samvera gangi upp hjá öllum. Það þurfa að vera rosalega samhent hjón til að slíkt geti gengið.“

Ef sú staða kæmi nú upp að ráðamenn áttuðu sig á að þeir hafi hlaupið á sig og ráðlegast sé að manna stöðina aftur strax nú eftir áramótin, mynduð þið vera tilbúin að slá til að nýju?

„Ég hugsa að ég myndi ekki segja nei,“ segir Kristín. „Ég held að það myndi örugglega freista mín. Það er eitthvað sem togar í mann þarna upp eftir.“

Þróuninni verður ekki snúið við

Hafsteinn tekur undir þetta og að hann myndi líklegast segja já ef kallið kæmi. Þau telja þó bæði að engar líkur séu til að slíkt gerist. Þróunin hafi verið þessi varðandi allar aðrar veðurathugunarstöðvar á landinu sem nú eru orðnar sjálfvirkar, en þó með talsvert takmarkaðri upplýsingasöfnun en framkvæmd var á Hveravöllum.

Hafsteinn segir að þetta eigi líka við varðandi heimastöðvar á bændabýlum. Verið sé að gera þetta allt sjálfvirk. Vissulega sé líka hægt að fá búnað sem geri nokkuð flóknar mælingar og meiri en gerð-

ar eru í þeim stöðvum sem nú eru í gangi. Það sé hins vegar dýrt. Þá komi oft upp bilanir, ís hlaðist á tæki og tól og þá er enginn á staðnum til að bjarga málum. Það sé þá aðeins gert með því að senda mannskap á staðinn á bílum, vélsleðum eða með þylu. Þetta sé hins vegar þróunin og henni verði varla snúið við úr þessu.

Óráðlegt fyrir einstakling

Þeir sem nú eiga gistiskálann á Hveravöllum hafa tekið að sér að sjá um þá bensínsölu sem Hafsteinn og Kristín sáu um fram á síðasta sumar. Hugmyndin var að einn maður yrði staðsettur inni á Hveravöllum yfir veturinn til að sjá um byggingar og bensínsöluna. Skömmu fyrir jól hafði enginn gefið sig fram í það hlutverk og var þá auglýst eftir manni. Hafsteinn segir erfitt að ímynda sér að einhver einstaklingur fái í þetta hlutverk. Þau hjón eru líka sammál um að það sé glapræði að ætla einum manni að vera þarna uppfrá yfir veturinn. Ef eitthvað komi fyrir hann þá sé enginn honum til aðstoðar og ekki þurfi mikið til svo hann geti ekki kallað eftir hjálpi. Það geti því liðið langur tími áður en nokkur áttaði sig á að eitthvað bjátaði á. Miklar líkur séu t.d. á bilunum í dælum sem sé algerlega vonlaust verk fyrir einn mann að eiga við. Þá geti andlegt álag af slíkri einveru farið mjög illa með einstaklinga.

Kvöddu með miklum trega

Er þá ekki skrítið að sitja uppi með það að vera síðasti hlekkurinn í sögu mönnunar veðurathugunarstöðvar á Hveravöllum?

„Það er það vissulega að hugsa til þess að hafa verið síðustu ábuendurnir. Við eigum það þó allavega eftir þessa dvöl okkar að hafa verið síðustu þátttakendur í merkilegri sögu,“ segir Hafsteinn. Kristín tekur undir það og segir að þau hafi yfirgefið Hveravelli með miklum trega. „Mér fannst ofboðslega erfitt að fara þaðan með þá vissu að maður ætti ekki eftir að eiga heima þar aftur. Það var eins og verið væri að slíta eitthvað úr manni.“

-HKr

Ljósmyndavefurinn snorrason.is kominn í loftið:

Þúsundir mynda orðnar aðgengilegar á netinu

Snorri Snorrason flugmaður og sonur hans Haukur, sem reyndar er atvinnuljósmyndari og líka með flugmannsréttindi, hafa opnað myndavefsíðuna snorrason.is. Vefsíðan inniheldur í dag hátt í 4.000 skipamyndir auk mikils fjölda annarra mynda. Þar er bæði um að ræða myndir af gömlum og nýjum skipum og stöðugt bætist við. Í gegnum þennan vef getur fólk pantað sér myndir ef það vill fá útprentun, eða til notkunar á annan hátt.

Fæddur á Flateyri

Snorri Snorrason er fæddur 2. maí 1930 á Flateyri en alinn upp á Akureyri. Snorri eignaðist sína fyrstu myndavél um 12 ára

aldur, sem var frumstæð kassamyndavél. Snorri fór hins vegar í flugnám og lauk atvinnuprófi 1950 og varð fastráðinn flugmaður hjá Flugfélagi Íslands 1952 og flug-

stjóri á DC-3 1954. Hann flaug síðan sem flugstjóri á Douglas flugvélinum, á Skymaster 1958, Viscount 1961, DC6B 1964 og Boeing 727 1971. Öll þessi ár var myndavélin

oft með í för, þó ekki sú gamla, heldur voru þær af nokkrum gerðum s.s. Retina, Edixa, Kodak og Rolleiflex. En sl. 20 ár hefur Snorri notað Hasselblad. Á þessum árum Snorra í fluginu hefur orðið til mikið safn mynda úr íslenskri flugsögu og skipta þær mörgum hundruðum. Snorri hefur einnig viðað að sér eldri ljósmyndum sem hann tók ekki sjálfur og tekið eftir þeim og oft á tíðum bjargað mörgum frá glötun. Á vefnum eru nú samankomnar þær



Fæðgarnir Haukur Snorrason og Snorri Snorrason fyrir framan tölvuna með mynd af vefsíðunni snorrason.is á skjánum. Ljósmynd: Hari.





Skýfaxi á Pollinum á Ísafirði

Catalina sjóflugvél Flugfélags Íslands, Skýfaxi TF-ISK, á Pollinum á Ísafirði árið 1957. Myndina tók Snorri Snorrason aðstoðarflugmaður. Fyrsti Catalina flugbáturinn í eigu Flugfélags Íslands kom til landsins 1944 og árið 1946 eignaðist félagið fyrsta „Þristinn“, DC-3 Dakota (C-47).

Upphaflega var starfsemi Flugfélags Íslands og Loftleiða einvörðungu á flugleiðum hér innanlands en 11. júlí 1945 var brotið blað í íslenskri flugsögu. Þann dag var í fyrsta skipti flogið með farþega í íslenskri flugvél til útlanda. Það var Catalina flugbátur frá Flugfélagi Íslands sem var flogið til Largs Bay á Skotlandi. Nokkrum dögum síðar var aftur lagt upp og nú til Kaupmannahafnar með viðkomu á Skotlandi. Þessar ferðir voru með fyrstu almennu farþegaflugferðum innan Evrópu eftir að annarri styrjöldinni lauk.

bestu úr hans safni og annarra en margar ljósmyndanna hafa aldrei komið fyrir augu almennings áður. Snorri er enn að mynda flugvélar og áhafnir þeirra þannig að flugmyndasafn hans spannar orðið meira en hálfa öld.

Snorri er eins og fyrr segir fæddur á Flateyri og er sonur Snorra Sigfússonar, skólastjóra, sem var Eyfirðingur að uppruna og Guðrúnar Jóhannesdóttur. Systkinin urðu sex. Það er Snorri Snorrason, Jóhannes Snorrason, flugstjóri, Anna Snorradóttir, Gunnhildur Snorradóttir, Haukur Snorrason sem var ritstjóri Dags á Akureyri og síðar Tímans og Örn Snorrason sem var kennari lengst af.

„Foreldrar mínir áttu heima fyrir vestan í 18 ár, eða frá 1912 til 1930. Ég kynntist Vestfirðingum ekki

neitt fyrir vestan því ég fluttist með foreldrum mínum til Akureyrar aðeins nokkurra mánaða gamall haustið 1930. Það voru þó margir Vestfirðingar sem komu heim til okkar á Akureyri í gegnum tíðina.

Bróðurdóttir pabba, Svanborg Arngrímsdóttir, ílentist þó á Flateyri, en hún kom upphaflega þangað sem barnapía til foreldra minna. Sonur hennar var Arngrímur sem var skólastjóri á Núpi.

Á Catalínu til Vestfjarða

Ég flaug svo mikið til Vestfjarða á Catalínu í gamla daga. Ég var tvö ár sem aðstoðarflugmaður á Catalínu á árunum 1952 og 1953. Þetta voru mjög traustar vélar.

Það var alltaf gott að lenda á Ísafirði. Ef það var ís á Pollinum þá

þurftum við að lenda í Sundunum. Annars var þetta yfirleitt gott á Ísafirði, því engin undiralda var á pollinum, en helst að vindurinn gat verið erfiður í sunnanáttinni. Dýrafjörðurinn var líka alltaf góður. Bíldudalur var hins vegar dálítið erfiður út af misvindi og undiröldu. Á Patreksfirði var hins vegar helvítis undiralda og erfitt að eiga við flug þangað.

Annars fórum við á alla þessa firði, einnig í Reykjafjörð á Ströndum og Ingólfsfjörð. Það var allstaðar verið að lenda til að taka sjúklinga og flytja fólk. Þá var fólk á öllum þessum stöðum og einangrun mikil þar sem vegasamgöngur voru nánast engar. Það var því bylting fyrir þetta fólk að fá flugið.“

– *Lentir þú aldrei í hremmingum í fluginu vestur?*



Goðafoss (II) á Ísafirði

Goðafoss (II) á Pollinum á Ísafirði 1924. Myndin er úr safni Snorra Snorrasonar flugstjóra og sonar hans Hauks. Í nóvember 2004 voru 60 ár liðin frá því þýskur kaþbátur sökkki Goðafossi undan Garðskaga.

Fyrstu skip Eimskipafélagsins, Gullfoss og Goðafoss, komu til Íslands fyrri hluta árs 1915, Gullfoss til Reykjavíkur 16. apríl og Goðafoss 13. júlí. Höfðu þau bæði verið sérsmíðuð fyrir félagið í Danmörku. Í byrjun desember 1916 strandaði Goðafoss undir Grænuhlíð, mannbjörg varð en skipið eyðilagðist. Var í staðinn keypt þrettán ára gamalt skip, sem nefnt var Lagarfoss. Nýr Goðafoss (II) kom 1921, smíðaður fyrir félagið í Danmörku. Árið 1927 eignaðist félagið Brúarfoss, fyrsta kæli- og frystiskip Íslendinga. Árið eftir keypti félagið Villemoes, eitt af strandferðaskipum ríkisins, og nefndi það Selfoss. Árið 1930 eignaðist félagið svo Dettifoss.

Hættur síðari heimstyrjaldar

Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar 1939 til 1945 varð Eimskipafélagið fyrir miklum skipssköðum. Herverndarsamningurinn sem Íslendingar og Bandaríkjamenn gerðu með sér árið 1941 skuldbatt Bandaríkjastjórn til að sjá Íslandi fyrir nægum nauðsynjavörum og að tryggja siglingar til og frá landinu. Skipti þetta sköpum um afkomu Eimskipafélagsins á stríðsárunum, en um leið settu auknir flutningar skip og áhafnir í stórkostlega hættu. Var tveimur skipum félagsins, Goðafossi (II) og Dettifossi og fjórum leiguskipum sökk. Stöðug óvissa var um siglingarnar og sífelldur órói á vinnumarkaðinum setti líka mark sitt á starfsemi félagsins.

Siglingar um Norður-Atlantshaf voru áhættusamar vegna kaþbátahernaðar Þjóðverja og fjölda skipa var sökk á þessum slóðum. Árið 1941 var þremur leiguskipum Eimskipafélagsins, Heklu, Sessu og Montana, grandað og fórust með þeim 16 Íslendingar. Árið eftir var enn einu leiguskipi félagsins, Balladier, sökk á leið frá Bandaríkjunum til Íslands.

Goðafoss skotinn niður

Í byrjun nóvember 1944 var es. Goðafoss að koma til hafnar í Reykjavík eftir að hafa verið forystuskip fyrir skipalestinni UR-142. Skipalestin hafði hreppt slæmt veður nóttina áður og hafði flosnað upp. Voru skipin að tínast til hafnar eitt af öðru morguninn eftir og reyndust kaþbátum U-300 auðveld bráð þar sem hann beið skammt undan Garðskaga. Kaþbáturinn náði fyrst að sökkva olúskipinu Shirvan þennan morgun en í stað þess að halda strax á braut hélt hann sig í nágrenninu bæði til að tryggja að skipið sykki og í von um að koma skeytum sínum í fleiri fley.

Þegar Goðafoss bar að stuttu seinna stoppaði farþegaskipið til þess að bjarga áhöfn Shirvan. Aðeins stuttu síðar sökkki Hein Goðafossi og nú fórust 17 eða 18 af þeim 19 skipbrotsmönnum Shirvan sem teknir höfðu verið um borð í Goðafoss auk þess sem 24 Íslendingar og einn breskur merkjamaður féllu.



Flak Goðafoss fyrsta undir Grænuhlíð

Goðafoss (I), kom til Reykjavíkur 13. júlí 1915. Hann hafði verið sérsníðaður í Danmörku eins og Gullfoss sem kom til Íslands 16. apríl sama ár. Í byrjun desember 1916 strandaði Goðafoss undir Grænuhlíð, mannbjörg varð en skipið eyðilagðist. Var í staðinn keypt þrettán ára gamalt skip, sem nefnt var Lagarfoss. Nýr Goðafoss (II) kom 1921, og var hann einnig sníðaður fyrir félagið í Danmörku. Á þessari mynd sem tekin er 1958, sést flakið af Goðafossi fyrsta við Straumnesfjall. Snorri Snorrason tók myndina úr Douglas DC 3 Flugfélags Íslands sem var þá í flugi fyrir Landhelgisgæsluna.

Hundrað og ein ný vestfirsk þjóðsaga

Sjöunda bindi skopsagnanna *Hundrað og ein ný vestfirsk þjóðsaga* eftir Gísli Hjartarson kom út nú fyrir jólin. Varð bókin langsöluhæsta jólabókin á Vestfjörðum sjöunda árið í röð. Er því bráð-nauðsynlegt fyrir brottfluttra Vestfirðinga, einkum Ísfirðinga, að eignast þessar bækur.

Hægt er að panta bækurnar hjá höfundu í sínum 456 3948 og 849 5340 og fá þær með höfundaráritun í pósti. Gísli hefur einnig lofað að hafa bækur meðferðis á Sólarkaffið.

Um Gísli Hjartarson sjálfan þarf svo sem ekki að fara mörgum sögum. Hann er Vestfirðingur í húð og hár, fæddur á Ísafirði 27. október 1947, og hefur verið búsettur vestra alla tíð. Gísli hefur fengist við ýmislegt um dagana. Hann byrjaði til sjós þrettán ára gamall og var á ýmsum bátum og skipum. Til að gefa lesendum Vestanpóstsins hugmynd um, hvað verið er að tala um er hér nett sýnishorn af sögum Gísla.

Hot dog

Maður er nefndur Einar. Hann býr á Þingeyri. Hann er á milli þrítugs og fertugs en ekki verða hér sögð nánari deili á honum. Eitt sinn þegar Einar þessi Þingeyringur var um tvítugt lenti hann í partíi með nokkrum félögum sínum, drakk heldur mikið og sofnaði ljúfum brennivínssvefni. Félagarnir háttuðu þá Einar, lögðu myndarlegan skaufann á honum út á læri og settu hann í pylsubrauð eftir kústarinnar reglum með tómát, sinnepi, remúlaði og bæði hráum og steiktum lauk. Fer ekki fleiri sögum af þessu, öðrum en þeirri, að Einar er síðan kallaður Einar með öllu.

„Nei, og ég blotnaði meira að segja aldrei. Það var þannig að aðstodarflugmennirnir voru settir fram í turn til að taka baujuna við lendingu. Ég slapp við að blotna en sumir fengu þó það, enda var stundum ágjöf.“

Ég flaug svo í mörg á til Ísafjarðar eftir að flugvöllurinn kom. Það var aðallega á Viscount (Vickers Viscount) á sjöunda áratugnum. Það var svolítið erfitt vegna þess hvað þessar vélur voru hraðfleygar. Það var ekki mikið svigrúm til að afhafna sig í firðinum.“

Byrjaði að mynda 1959

„Ég byrjaði að mynda skipin árið 1959 og er enn að. Haukur sonur minn hefur svo komið inn í þetta seinustu árin enda atvinnumaður í ljósmyndun. Hann hefur hjálpað mér mikið, gagnrýnt og oft lagað smávegis til hjá mér, en hann er prímus mótor í þessum tölvumálum.“

Snorri segir að flugið hafi mikið hjálpað sér í gegnum tíðina við öflun skipamynda víða um land. Myndaði hann t.d. mikið þegar hann flaug Douglas vélum Flugfélags Íslands sem oft voru leigðar til gæsluflugs, m.a. í fyrsta þorskastríðinu.

„Þetta var oft á tíðum mjög áhugavert og skemmtilegt. Þá myndaði ég töluvert bresku togarana. Eitt sinn náði ég líka skemmtilegum myndum af Færeyingum á tveim skútum að veiðum við Kolbeinsey. Þeir voru fyrir innan landhelgislínu, en við náðum engu radiosambandi við þá. Þá tókum við það til bragðs að fljúga fram og aftur við hliðina á þeim til að reka þá útfyrir.“

Í gegnum tíðina hefur það verið mjög áhugavert og skemmtilegt að kynnast sjómönnum og útgerðarmönnum í gegnum ljósmyndunina. Ég held enn áfram að mynda skip, þó lítil hreyfing sé orðin á þessu síðustu árin og hingað komi aðeins eitt og eitt nýtt skip á stangli. Síðast vorum við að mynda fær-eysku bátana tvo sem smíðaðir voru hjá Ósey og Þorgeiri og Ellert á Akranesi.

Safnið sem er á vefnum er bæði í

svart/hvítu og lit. Samt tek ég enn mikið af svart/hvítum myndum, -þær endast betur,“ segir Snorri Snorrason. Hann segist þó hættur að taka myndir af landslagi, hann hafi eftirlátið Hauki það hlutverk.

Möppurnar í rafrænt form

En Haukur af hverju var afráðið að setja myndirnar á vefinn?

„Aðdragandinn að þessu er fyrst og fremst sá að ég sá ofsjónum yfir öllum þessum filmumöppum með myndum uppi í hillu hjá pabba sem voru illa aðgengilegar. Þó hann vissi hvað möppurnar hefðu að geyma, þá voru þær ekkert aðgengilegar fyrir mig, og alls ekki eftir að hann hverfur yfir móðuna miklu,“ sagði Haukur sem er líka flugmaður eins og pabbinn þó hann hafi ekki gert það að sinni atvinnu.

„Það kom því upp sú hugmynd fyrir mörgum árum að skanna þessar myndir inn í tölvu. Eftir að Internetið kom til sögunnar þá fæddist hugmynd um að setja þetta allt saman líka inn á vefinn. Það er síðan búið að taka okkur tæp tvö ár að gera það og núna er safnið orðið þokkalega aðgengilegt.“

Allt skráð

Hver einasta mynd á vefnum er númeruð og með nafni báts og skipanúmeri, þannig að hver og einn á að geta fundið þær myndir sem leitað er að bæði fljótt og vel. Það þarf því ekki að fara í gegnum mörg hundruð myndir til að finna einstök skip.

Síðan erum við einnig að aðgreina skipin í flokka, t.d. fiskiskip sérstaklega, togara, ný skip, gömul skip, og sérstakur flokkur er fyrir skemmtilegar og líflegar myndir af skipum. Síðan er sér flokkur fyrir skip sem ekki eru fiskiskip. Þar eru flutningaskip, gömul skemmtiferðaskip, strandferðaskip, fragtskip, hvalveiðiskip og önnur sem hafa siglt framhjá á meðan beðið var eftir fiskiskipunum. Það er því nær öll flóran á vefnum.“

Hægt að panta á vefnum

Vefurinn er þannig uppbyggður núna að hægt er að skoða myndirnar. Þar getur fólk síðan tekið upp nafn og númer og sent tölvupóst til baka með pöntun ef fólk vill fá keypta mynd. Það er þó ekki enn sem komið er hægt að greiða fyrir myndirnar með greiðslukorti beint í gegnum vefinn, en líklegt er að það verði síðar. Þó skipamyndirnar séu margar á vefsíðunni snorrason.is, þá eru þær þó aðeins 1/4 af þeim myndafjölda sem þar er að finna af ýmsum öðrum toga. Þar er um að ræða mjög fjölbreytt myndefni úr söfnum Snorra og Hauks. Má þar m.a. nefna flugmyndasafn Snorra sem spannar 60 ára feril.

„Í mars 2004 voru nákvæmlega 60 ár frá því ég tók fyrstu myndina af flugmönnum norður á Melgerðismelum í Eyjafirði við Beechcraft flugvél Flugfélagsins. Þá var ég 14 ára gamall. Ég er núna að mynda alla flugmenn. Ég er búinn að mynda allt Fokkerliðið undanfarin ár og eiginlega alla Boeing flugmennina líka, en ég held áfram við það næsta sumar. Það geri ég í tengslum við Flugmannafélagið.“

Svo eru í mínu safni hellingur af myndum úr íslenskri flugsögu sem ég hef fengið frá aðstandendum flugsins. Frá gömlum flugmönnum, aðstandendum gamalla flugmanna og frá flugáhugamönnum.“

Úr ýmsum áttum

Auk skipamynda sem Snorri og Haukur hafa sjálfir tekið, þá eru þarna líka komnar inn myndir sem Snorri er búin að víða að sér í gegnum tíðina úr ýmsum áttum.

„Þarna eru myndir alveg frá 1924. Til dæmis gömlu fossarnir við bryggju á Ísafirði og af fleiri gömlum skipum,“ sagði Snorri. - „Þarna er líka eitthvað af gömlu togurunum. Síðan hef ég víðað að mér ýmsum öðrum myndum úr sjávarútveginum, t.d. öllum sídutogurunum. Svo eru auðvitað skuttogararnir þarna inni, en þarna eru fyrst og fremst fiskiskip þó maður hafi sjálfur myndað mörg önnur íslensk og erlend skip í leiðinni eins og gengur.“

DRÁTTARBÍLL • VÖRUBÍLL • KRANABÍLL

Jón Reynir Bílasími: 852 1755
GSM.: 892 1755
Heimasími: 456 8355

Flyt allt nema fjöll!



Hótel Ísafirði
Silfurtorgi 2
Sími 456 3360
Fax 456 3370
skg@heimsnet.is

Brúðkaup
Afmæli
Fermingar
Smáréttir
Fundir
Ráðstefnur
Veislubjónusta
Erfidrykkjur



Framleiðum harðviðarstiga og eldhús- og baðinnréttingar, skápa og fleira. Tökum einnig að okkur framleiðslu á ýmskonar skiltum og húsameringum. Aðstoðum við hönnun og hugmyndavinnu. Gerum verðtilboð. Upplýsingar í síma 456 3622.



Eyjólfur
Björgmundsson
löggiltur rafverktaki

RAFRÓS ehf

Bakkabraut 12, Kópavogi, Sími: 544 4099
Bílasími: 893 5565

Almenn raflagnabjónusta
Nýlagnir – Teikningar
Endurnýjun á eldra húsnæði
Dyrasímar

MINNINGARKORT

Minningarsjóðs Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði um Úlf Gunnarsson, yfirlækni

Kortin fást á eftirtöldum stöðum:

- FSÍ, afgreiðslu, sími 450 4500, alla virka daga kl. 8-16.
Hægt er að greiða símieiðis með giró eða greiðslukorti.
- Bókaverslun Jónasar Tómassonar, Ísafirði,
opið á virkum dögum kl. 9-18 og laugardaga kl. 10-12.
- Blómaturinn, Ísafirði, opið virka daga kl. 10-18,
laugardaga kl. 10-18 og á sunnudögum kl. 13-16.

Minningarsjóðurinn er notaður til tækjakaupa fyrir sjúkrahúsið



Lágmarksgjald w/ kostnaðar er 500 kr.

Ferjan Baldur

er vegurinn til
Vestfjarða.
Þú stytir leiðina
og nýtur náttúrufegurðar
Breiðafjarða.
— Hægt er að stansa í
Flatey milli ferða.

Upplýsingar
S: 438 1450



Þessi saga Jóns Steinars Ragnarssonar barst Vestanpósti frá ágætum vinum okkar frá Flateyri. Önfirðingafélagið í Reykjavík var að gefa út sitt glæsilega ársrit fyrir skömmu, en þessi hugljúfa saga komst ekki að í blaðinu. Það var því ekkert sjálfsagðara en nágrannarnir hlypu þar undir bagga.

Vetrarhljóð

Höfundur: Jón Steinar Ragnarsson

Fyrir fimm ára snáða, sem ekki vissi betur, hafði hver árstíð sinn ilm og sín hljóð. Það var ekki laust við að fullorðna fólkið kímði svolítið þegar hann sagði eitthvað líkt og vetrarhljóð eða morgunilmur. Kannski vegna þess að það hafði aldrei heyrt eða fundið neitt slíkt. Kannski vegna þess að það hafði aldrei legið undir sænginni sinni á vetrarmorgni og hlustað og fundið. En svona var þetta nú einu sinni. Það vissi hann.

Marr í mjöll undan syfjuðum stígvélum á leið í vinnuna. Hósta-kjöltrin í pabba og lykt af blautum lopavettlingum. Það var veturinn.

Vindurinn gnaudaði ámatlegar en á sumrin, næstum brjóstum-kennanlegar. Jafnvel hljóðin frá bílunum voru þyngri og dapurlegri. Allt gekk hægar. Fá bros. Lítið talað. Já veturinn var raunamæddur. Sumarið glatt og lifandi. Þá hló allt og þaut hjá í gáska og gleði.

Það brakaði í gólfinu. Nú var pabbi á leið á sjóinn. Pissað. Kveikt í sígarettu og aftur brakaði í gólfinu. Stiginn kveinkaði sér undan þungum fótunum. Aumingja pabbi. Nú var kalt að fara á sjóinn.

Það glamraði í leirtauinu í eldhúsinu. Nú var hann að reyna að veiða bolla upp úr hrúgunni í eldhúsvaskinum. Hann hóstaði, svona eins og til að reyna að kæfa hljóðið. Smellur. Brothljóð. Bólvað lágt og hóstað. Það heyrðist aldrei meira í honum en þegar hann reyndi að fara hljóðlega.

Litlir mjúkir fætur læddu sér undan sænginni og tipluðu hljóðlaust eftir köldu gólfinu. Hann ætlaði að kyssa hann bless. Fyrst settist hann á stigaskörina og hlustaði. Þefaði. Stiginn gein óendanlega langur við, þar sem hann rann í eitt saman við myrkrið niðri á ganginum. Ilmur af nýju kaffi og sígarettureyk mættu honum. Hann fíkraði sig niður, þrep fyrir þrep. Stiginn

kvartaði svolítið undan ónæðinu, svona snemma að morgni, en lét sér lynda að á honum væri troðið. Eldhúshurðin var ekki eins þýðlynd. Æiii, sagði hún, er snáðinn ýtti við henni. Allt er svo tregt og sérhlífið á veturna.

„Nú, ert það þú“ sagði pabbi, eins og hann byggist við draug.

„Já, ég heyrði í þér“, svaraði strákurinn og lét sem hann væri nývaknaður. Ég ætlaði bara að kyssa þig bless.“

Tvær hlemmistórar, siggggrónar hendur lyftu honum upp eins og hann væri þyngdarlaus og skeggbroddar stungu hann í vangann. Hann lagði armana um hálsinn á pabba og neri vanga við vanga.

„Þú stingur.“ Sagði hann lágt.

„Ég?“ sagði pabbi eins og ekkert væri fjær. „Það hlýtur að vera þú, sem hefur gleymt að raka þig.“

Snáðinn strauk sér um vangann og brosti. „Ég er að safna,“ sagði hann svo.

Pabbi hnussaði eilítið eins og hafi fengið kusk í nefið. Þannig var hann vanur að hlæja. Svo faðmaði hann litla drenginn sinn að sér, svo fast að hann kenndi til. En það gerði ekkert til, því snáðinn vissi hvað það þýddi.

Pabbi setti hann niður á stól og sótti handa honum mjólk og brauðsneið. Svo sátu þeir fedgar í heimspekilegri þögn, hvor á sínum stól og mauluðu brauð.

Pabbi sötraði svart kaffið í löngum sogum og blés í bollann. Eldhúsklukkan tifaði og hugir þeirra svifu út um gluggann. Hátt yfir snarbröttum, vomandi fjöllum í glerkenndu morgunlofti vetrarins.

Skyndilega tók pabbi kipp, stökk á fætur og kveikti á útvarpinu. Veðurfréttir! Þá var nú eins gott að þegja eins og steinn.

„Suss“ sagði hann og bandaði til hendinni án þess að nokkur segði

BÆKUR

Grafarþögn – Mýrin

Er að leita að góðum eintökum af bókunum „Grafarþögn“ og „Mýrin“ fyrir mikinn Íslandsvin Mr. Roger Clark frá Bandaríkjunum.

Aðeins er óskað eftir frumútgáfu í kápu.

Mr. Clark er að læra íslensku og er um leið bóka- og málverkasafnari eftir íslenska höfunda, mér væri mikill fengur að geta orðið honum að liði í leit hans að þessum eintökum í safn sitt.

Mr. Clark hefur dvalist víða á Íslandi, m.a. á Ísafirði og gengið þar um fjöll og dali og er kunnugri en margur heimamaðurinn um staðhætti vestra.

Ef þú lumar á þessum bókum í bókaskáp þínum væri það vel þegið að fá þær keyptar.

Guðfinnur R. Kjartansson
sími 893-0010



nokkuð. Síðan hvolfdi hann sér yfir tækið, eins og köttur, sem bíður eftir að hremma bráð sína. Það sem á eftir fylgdi var eins og helgistund, nema hvað í kirkju heyrðist alltaf einstaka hósti og stuna.

Afar syfjuð rödd þuldi seiga og hljómbregðalaus þulu.

„Gert er ráð fyrir stormi á Vestfjardamiðum, norðurmiðum og happdrættismiðum og hvað þau nú hétu öll þessi mið.

Fyrir snáðanum var þetta bara ó-

hemju leiðinleg tugga, sem jafnvel þulurinn skildi ekki sjálfur. En fyrir þabba var þetta eins og höfuðlausn. Spurning um líf og dauða. Og sennilega var það svo.

Að lokum kom romsa um Færeyjar og Færeyjadjúp, en þá slókti þabbi á tækinu og sórst við andskotann. Það gerði hann á hverjum morgni.

Því næst snaraði hann sér í gömlu, lopapeysuna sem stóð honum öll á beini og angaði af slori og olíu.

Það virtist sama hverju spáði. Alltaf var farið á sjó.

Snáðinn stóð enn á miðju gólfi og sigarettureykurinn hékk í loftinu eins og þunn slæða, blaktandi í trekknum, sem boðaði svo storma og stórsjó.

Eldhúsklukkan tifaði þolinmóð eins og berfætt barn inn í eilífðina og vindurinn grét hið óorðna úti fyrir. Það voru vetrarhljóð og morgunilmur.

Á leið

Þokan sem læðist og líður frá sjónum inn dalinn,
lætur mig týna því marki er að skyldi keppa,
setið og farið, sama hvor leiðin er valin,
sýnist nú mörgum, og flest vilja að okkur kreppa.

Mörgum er hætt, auðgert að villast á vegi,
vafra í þoku hringslóða lítilla gerða,
jafnvel að þekkja þann mun á nóttu og degi
er þrenging í huga og letur til áhættuferða.

Verk mitt og skyldu þó við hef ég dvalið,
vandanum bægt og snúið frá miska,
leitt þar minn huga er lífssporið fengi ég valið,
lagt á þann veg er fjarlægðist móðu og giska.

Hvort sem ég rata nú raungóða vegi og slóða
skal rakin til fulls sú hnoða er mér vísar,
ég bið ekki um gull, en væri gagn í því góða
sem grær helst á vegum goða og dísar.

Haukur Sigtryggsson.

Meinabót

Sat ég einn og sá í heimi
sólu gengna,
eymd og basl hjá öllum lýði,
áttavilla, mein og kvíði.

Mátti ég til að miðla lífi,
mein að bæta,
völdu lúta viljans taki,
veita hjálp að tjaldabaki.

Afl þó hefði ekki mikið,
óð né stemmu,
skyldi þó í hljóði hlýða,
hlynna að þeim sem lengstum bíða.

Sveif minn andi út um lönd
og ótal geima
í leit að því sem lífgað gæti
ljóð og vakið mína kæti.

Semja vildi ég sálu minni
sögu nýja,
stuðla fella ljúft að ljóði,
láta stemmu valda hljóði.

Kveða svo að hulduheimum
héðan gæfi
yl og ljós á lífsins vegi,
ljóma guðs á nýjum degi.

Haukur Sigtryggsson

Einn í lífsins leik

Dreyminn lítill drengur
dundar einn við hlein,
skel í fjöru finnur,
í flæðarmáli stein,
ígulker og aða
ævintýrið laða
fram í huga hans.

Sendlingur á sandi
sínnum hagi býr.
Á öðru andartaki
opnast heimur nýr,
hrúðurkarl á kletti
og kórallinn óslétti
lokka dreyminn dreng.

Krossfiskur og krabbi
í kynjaverur breytast,
marflær margar saman
milli steina þeytast,
þarabólur brúnar
og bláskeljarnar snúnar
leika létt við hann.

Fremst á fjörutanga
föngulegur sveinn
smíðar bát úr brekum,
býr hann seglum einn.
Siglir djarft frá sandi
í sínu draumalandi,
einn í lífsins leik.

Haukur Sigtryggsson.

Draumþegi minn

Í fjarlægum draumi þú finnur til mín,
þó festir það varla í sinni,
en reynir að muna og raða í sýn
reynslu af nóttinni þinni,
er dagsönnin hefur dregið til sín
draumanna stopula minni.

Þú leitar um hugann til lausnar á því
sem léti þig skynja og vita
úr drauminum tíðindin dagleg og ný
er dragi upp mynd sinna lita
og sýni þér jörðina sem ég á bý
í sólkerfi fjarlæggra hnita,

En þó að í alheimsins áttleysu sé
erfitt að sýna þér leiðir,
má finna þann straum er stælir öll vé
svo standi þér vegirnir greiðir
og láti þér magnan margfalda í té
sem mæli þér lífgeislar breiðir.

En mundu þá hitt, að hamingjan er
haldreipi sem má ei gleyma,
og hver sem að ólmur um úthnetti fer
óttist ei svipmikla heima,
því lífgeisli hjartur um lífheima fer
og lætur þig til okkar dreyma.

Haukur Sigtryggsson



Líttu í auga afa

Líttu í auga afa,
afa sem er genginn
langt á lífsins vegi,
langt á brautu sinni.
Sjáðu sólargeisla,
sindur augnasteina,
lýsa ljósum degi
löngu týndra minna.

Veistu að auga afa
áttu kannske í þínu,
öll hans unaðsminni,
allt hans fjör og kæti,
líka hitt sem hefti
hefur þú í blóði,
tár og tregasinni,
trú og eftirlæti.

Láttu auga afa
eldi lýsa veginn
fram á við sem fetar
fósturjarðarbrána.
Það er hann sem þraukar
þorrann fram á góu
hvort sem himinn hretar
eða hellirignir blána.

Finndu auga afa
á þér hvíla löngum,
bæta ráð og bægja
böli af þeim slóða
þar sem hrekkur hrokans
hræðir góðan vilja,
láttu öldur lægja,
líttu augað góða.

Mundu auga afa
eftir að hann er genginn
burt af bræðra moldu,
burt úr þínum degi.
Eigðu þá í auga
andartökin smáu,
finndu yl úr foldu,
finndu nýja vegi.

Haukur Sigtryggsson.

Þú ert að vestan....

Þú ert að vestan,
sagði gamli maðurinn,
o, já, o, já, svona rétt eins og ég,
svona rétt eins og ég.
Þekkirðu þá ekki ilm skuggans
sem læðist niður lynghlíðina
og gerir þér
undarlegar tilfinningar ?
Þekkirðu þá ekki kitlandi sprikl
lækjarskvettunnar
á berum fótum kennda þinna ?
Þekkirðu þá ekki sjólæðuna
sem smýgur inn
með ströndinni
og felur þig fyrir sjálfum þér
þegar þú ekki vilt ?
O, já, kannske manstu þetta ekki,
kanské varstu of ungur
þegar þú féllst úr hreiðrinu.

Ófleygir ungar fljúga ekki til baka.

Haukur Sigtryggsson



45 ára fermingarafmæli árgangs 1945

– haldið að Traðarseli við Selvatn vorið 2004



Árgangur 1945 hélt upp á 45 ára fermingarafmæli sitt þann 8. maí 2004. Komið var saman á óðali Guðfinns Kjartanssonar, Traðarseli við Selvatn, skammt frá Reykjavík. Góður hópur úr þessum árgangi kom þar til að rifja upp liðna tíma. Enda hafði sitthvað á dagana drifið síðan séra Sigurður Kristjánsson fermdi hópinn í Ísafjarðarkirkju vorið 1959. Trúlega hefur enginn úr þessum árgangi frekar en öðr-





um hópum, þorað að andmæla skipunum séra Sigurðar um utanbókarlærdóm á fjölda þekktar kvæða. Hvað þá að neita að taka undir söng í kristnifræðikennslunni veturinn 1958 til 1959. Enda var ekki árennilegt að vera með múður hjá Sigga, sem var tröll að burðum, allavega í augum fermingarbarna.

Fermingarsystkinin skoðuðu ásamt mökum sínum óðalið sem Guffi var búinn að koma sér upp ásamt veglegum garði með ýmsum furðuverum. Þar mátti víða kenna ýmissa tákna um eitt helsta áhugamál Guðfinns í gegnum tíðina, nefnilega skákina.



Hugsað til áttaganna

Jóhanna T. Ólafsdóttir (Lella Ólafs Kárasonar) sendi Sveini Elíassyni eftirfarandi kvæði sem er kveðja til Ísafjarðar og Tunguskógar. Kom Sveinn þeim á framfæri til birtingar í Vestanpóstinum.

Faðir Lollu, Ólafur Kárason, var þekktur kaupmaður í Aðalstræti 26A á Ísafirði í gamla daga. Eigin kona hans var Fríða Torfadóttir og var hún mjög vel látin sem leikona. Þau hjón eignuðust fimm börn Kjartan, Eggert, Huldu, Jóhönnu og Hörð.

Tunguskógur

Töfrandi Tunguskógur
teygja ég ilminn þinn
blíðlega raular Buná
við brjóst þitt ég halla kinn.

Brosandi við mér blágresið
og berjalautin mín.
Umvafin æskuljoma
og sól í heiði skín.

Áttagaóður

Garðinn frægan gjöra skal
við glæstan hamrasal
sveinar stíga dansinn
sjá fegursta meyjaval.

Óður minn til þín er
að hann, sem þú fer
Ísafjörður, Ísafjörður
ávallt í hjarta mér.

-Jóhanna T. Ólafsdóttir (Lella)



Börn Ólafs Kárasonar og Fríðu Torfadóttur úr Aðalstrætinu. Talið frá vinstri: Kjartan, Hulda, Hörður, Jóhanna (Lella) og Eggert.

Verðlaun Ísfirðingafélagsins

Ísfirðingafélagið hefur reynt að gleða ísfirskt skólafólk í gegnum tíðina með verðlaunum af einhverju tagi. Vorið 2004 var þar engin undantekning og var handhafi verðlauna Ísfirðingafélagsins þá Hafdís Pálsdóttir nemandi í Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Hafdís var um títugt og að ljúka stúdentsprófi á tveim brautum þegar hún tók við verðlaununum. Önnur brautin var listnámsbraut á tónlistarkjörsviði. Hafdís hafði þá lokið 7. stigi í píanóleik og 4. stigi í sellóleik. Hún hefur lengi verið í hópi bestu nemenda Tónlistarskóla Ísafjarðar og hlaut aðalverðlaun skólans árið 2002. Hún hefur leikið með skólahljómsveit skólans í mörg ár (m.a. í Söngvaseið árið 2003 og í Sjónvarpinu um áramótin 2003-2004, en píanó er hennar aðalhljóðfæri. Hún var í 3.-4. sæti í píanókeppni Íslandsdeildar EPTA (Evrópusamband píanókennara), sem fram fór í Salnum í Kópavogi í nóvember 2003.

Hafdís kenndi píanónemendum á Flateyri veturinn 2003-2004 með þrýðilegum árangri. Samkvæmt hennar áætlun var meiningin að vera á heimaslóðum í vetur við að kenna, auk þess sem hún ætlaði að sækja tíma í Tónlistarskólanum. Hún hyggur á framhaldsnám í haust (2005), í tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

HUNDRAÐ OG EIN ný vestfirsk þjóðsaga

Brot úr 7. bindi bókar Gísla Hjartarsonar

Kaup kaups

Ísfirðingurinn Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var alþingismaður, ráðherra og formaður Alþýðubandalagsins um hríð áður en hann var kjörinn forseti lýðveldisins árið 1996. Áður hafði Ólafur verið í Framsóknarflokknum og kom þaðan til liðs við Alþýðubandalagið. Miklar deilur höfðu verið í Framsókn og fór Ólafur Ragnar fyrir

svonefndri Möðruvallahreyfingu innan flokksins. Hún gerði usla í flokknum og var til ófriðar. Ekki voru allir allaballar ánægðir með sendinguna frá Framsókn og jafnan stóð styr um Ólaf Ragnar í Alþýðubandalaginu. Kristinn Halldór Gunnarsson, Kiddi sleggja, var kjörinn á þing fyrir Alþýðubandalagið á Vestfjörðum 1991 og aftur 1995. Hann hafði verið bæjarfulltrúi flokksins í

Bolungarvík frá 1982. Ekki þótti

Sleggjan rekast vel í flokki í Alþýðubandalaginu. Kristinn sagði sig úr þingflokki Alþýðubandalagsins á haustdögum 1998 og gekk til liðs við Framsóknarflokkinn. Þá hringdi Svavar Gestsson, fyrrum formaður flokksins, ráðherra og alþingismaður, í Halldór Ásgrímsson, formann Framsóknarflokksins, og sagði: Dóri minn, ég óska þér til hamingu með Kristin. Nú teljum við fullhefnt fyrir að þið senduð okkur Ólaf Ragnar á sínum tíma.

Ræða Sigurðar Ólafssonar á Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins 23. janúar 2004:

Enginn veit sína ævina

Til að undirbúa slíka hátíð sem Sólarkaffið er, þá er mér ljóst að stjórn félagsins kastar ekki til þess höndunum. Mér er nær að halda, að ætíð sé í gangi áætlun til nokkurra ára, því að þegar ég var að ná mér í miða á mitt fyrsta Sólarkaffi 25. janúar 2002, afgangur Guðfinnur R. Kjartansson mig með þessum orðum.

„Ég frétti að þú værir fluttur suður, svo ég skrifaði þig inn í Ísfirðingafélagið. Ertu ekki til í að halda fyrir okkur ræðu 2004? Jón Aðalbjörn verður ræðumaður 2003.“

Satt að segja man ég ekkert hvernig ég tók í þessa beiðni, svo að þegar Ólafur Hannibalsson hringdi í mig í vinnuna seinni hluta ágúst, s.l. árs og ítrekaði spurninguna, hugsaði ég með mér að ég hlyti að hafa gefið Guðfinni eitthvað grænt ljós og játaði beiðninni, þrátt fyrir að ég hefði heitið því, að fara nú loks að þegja, enda löngu búinn með kvótann minn eftir áraraða kjaftaferil í bæði verkalyðs- og sveitarstjórnarmálum.

Að vísu flutti ég hingað suður 19. október 2000, en janúar 2001 var ég fyrir vestan, að ljúka verkefnum fyrir verkalyðsfélögin á Ísafirði, sem ég hafði lofað að ganga frá, þegar ég lét af störfum.

Þar af leiðandi missti ég af Sólarkaffinu 2001 á mínu fyrsta Reykja-



Sigurður R. Ólafsson.

víkúrári. Aftur á móti var mér að fullkunnugt um þá gríðarlegu stemningu, sem ríkjum réði á þessari hátíð, eins um það jákvæða hugarþel, er viðstaddir bæru til bernskustöðvanna, réttnefni væri

frekar að kalla slíkt ættjarðarást, því ég hafði tvívegis áður, er ég varð veðurtepptur hér syðra, aðeins rekið inn nefið á dansleik hátíðar sólarinnar, í annað skiptið hér á Hótel Sögu og hitt skiptið á Hótel Íslandi.

Enginn veit sína ævina

Enginn veit sína ævina fyrr en öll er og góðvinur minn, Halldór Hermannsson hafði margoft fullyrt við mig, að ég yrði ábyggilega síðasti maðurinn sem flyttist á braut frá Ísafirði. Sér í lagi, þar ég hafði oft viðhaft þau orð um Reykjavíkursvæðið, að ég skildi ekki hvernig nokkur sála gæti búið þarna, þar væri ætíð rok og rigning.

Einhver munur væri nú að búa í skjóli vestfirsku alpanna. Ég veit ekki í hve mörg skipti ég var veðurtepptur hér í Reykjavík, eftir dags fundarhöld og auðvitað sem sannur Ísfirðingur kenndi ég Reykjavík-urveðrinu um, þó sannleikurinn væri í flestum tilvikum sá, að ófært



Jónína A. Sanders var veislustjóri.



Heiðursfélagi Jóhanna Sveinbjarnardóttir og Ólafur Hannibalsson formaður Ísfirðingafélagsins.



Linda



Ekki bara gott...



...heldur



GÓU gott



Ólafur Hannibalsson.



Árni Brynki, Kittu Dadda Jó og Guðfinnur.



Björn Helgason og María Gísladóttir.

var til lendingar á Ísafirði vegna ríkjandi vindáttar.

En hvað um það, smáatriðin skipta oftast afar litlu máli, það eru stóru atriðin sem blífa og aðalatriðið hvað mig varðar, er að ég hafði fallist á að halda hér í kvöld smá tölu og hafði satt að segja ekki grænan grun um, hvern fjandann ég ætti að ræða um.

Gamalt máltæki segir: „Sveltur sitjandi kráka, en fljúgandi fær.“

Það kæmi sér best að byrja á undirbúningnum, með því kynna sér ræður fyrirrennara minna á þessari hátíðastundu. Ég mundi vel frábæran ræðuflutning Jóns Aðalbjörns 2003 og Magnúsar Reynis 2002, eða á þeim tveimur hátíðum sem hafði verið viðstaddur og í förum mínum átti ég öll tölublöð Vestanpóstsins, sem út höfðu komið.

En þá tók ekki betra við, það var ekki nóg að ég hafði tekið að mér

að feta í fótspor landsþekktara ræðusköruna úr hópi stjórnmalamanna, leikara, framkvæmdastjóra, fræðimanna og töframanna, heldur það sem verra var, ég var sannfærður um að ekkert, engin málefni, engar sögur af samferðamönnum, ekki einu sinni smá kjaftasögu, allt frá upphafi byggðar á Ísafirði til dagsins í dag, gæti ég nýtt mér til hráefnis-

töku í ræðu mína, án endurteknunga á áður fluttu efni, því þessir fyrirrennara mínir virtust hafa þefað uppi, allt sem í frásögur væri færandi og komið því á framfæri.

Í rauninni stend ég hér nær því á gati, en eitthvað verður maður að reyna að hrista fram úr erminni, sem þið hafið ekki heyrt áður.

Á ferðalögum frá fæðingu

Ég hef alla ævi verið mikið fyrir að ferðast, þó aðallega erlendis, ég hafði t.d. komið til 11 landa áður en ég hafði farið út í Bolungarvík, enda hafði ég satt að segja ekkert þangað að sækja, þó ég ætti þar allmarga ættingja.

Hefði ég verið svo forspár að sjá það fyrir, að Víkararnir ættu eftir að taka upp á því að vinna okkar stráka í knattspyrnu, þá hefði ég líklega aldrei þangað farið.

Í mitt fyrsta ferðalag lagði ég upp nokkra daga gamall, en þar eð ég hef ekki frábært minni Jónasar Magnússonar kaupmanns, sem man eftir sér að eigin sögn frá fæðingu, þá rekur mig ekki minni til þess. En staðreyndir herma að ég hafi farið með Súðinni til Saudárkróks 1941 og verið þar skírdur yfir kistu afa míns, sem lést 14. júní, en sjálfur er ég fæddur 5. júní hið sama ár.

Fimm ára að aldri hóf ég mínu lengstu ferð innanlands og það tók mig tvö löng ár að komast á áætlaðan áfangastað. Ólíkt hægari ferðamáti, en hjá ljósmyndaranum sem lokaði stofunni sinni í korter, þegar hann skrapptil Flateyrar.

Þannig var mál með vexti, að ég var óður í að komast í sveit til vínafélks foreldra minna, heiðurshjónanna Sigurðar Pálssonar og Sigurveigar Jónsdóttur á Nauteyri í Ísafjardardjúpi. Fyrsta árið komst ég niður á Bæjarbryggju að Fagranesinu, þar fór ég að grenja og voru það ferðalokin það árið.

Næsta sumar fór ég með Fagranesinu inn í Djúp, í land fór ég ekki enda ekki von, því gæslumaður minn um borð í skipinu var matsvéinninn, öðlingurinn Þorlákur Guðjónsson, sem gæddi mér á leiðinni á valash og öðru góðgæti og hvernig er hægt að ímynda sér að sex ára púki vilji yfirgefa slíkar góðgerðir.

Við þriðju tilraun fór ég loks í land, þá sjö ára og var í sveit á Naut-



Ásmundur Pálsson Þorvaldur Tryggvason



Gísli og Magni Péturssynir (synir Péturs Blöndal).

eyri á sumrin til tólf ára aldurs, eða þar til þau brugðu búi og fluttust til Ísafjarðar.

Tangagötupúki

Bernskuheimilið var Tangagata 26, ég er því Tangagötupúki, leiksvæðin voru nærliggjandi umhverfi, með þeim freistingum að geta þrífð í grunnnum þeirra húsa sem þá voru í byggingu, eins og Sundhallarinnar og Húsmæðraskólans. Gott ef ég er ekki með ör á hausnum til minningar um hverja einustu byggingu, er reist var neðan Mjallargötu á þessum árum.

Meðal fjölmargra leikfélaga unglingsáranna, ætla ég ekki að minnst neins sérstaklega, upptalningu ber ætíð að varast bæði í ræðu sem riti, því gleyska í upptalningu getur ætíð orsakað viss leiðindi.

Það hlýtur hins vegar að vera ein-kennileg tilviljun, að fimm okkar, sem ólumst upp í húsum, er við núverandi götuskipan mynda lítið 1, að vísu sundurskorið af Austurvegi, vegna flutnings Tangagötu 28. Fjögur samliggjandi hús að austanverðu og eitt andspænis því nyrsta að vestanverðu. Allir áttum við síðan eftir að sitja í bæjarstjórn Ísafjarðar, ekki þó allir samtímis og fyrir þrenn mismunandi stjórnmalasamtök. Ég efast um, að það sé hægt að finna slíka samsvörun í sveitarstjórnar-



Hjördís og Einar Oddur Garðarsbörn og makar.

þátttöku, í nokkru bæjarfélagi hér á landi. Eitt veit ég þó fyrir víst, þó okkur þyki öllum fimm vænt um götuna okkar, þá er það ekki okkur að kenna að öll gatan er orðin friðuð.

Sögulegar minjar

Ég er meðmæltur friðun sögu-

legra húsa, meðhöndlaðri á svipaðan hátt og Árbæjarsafnið, get sætt mig við Neðstakaupstaðarhúsin, þó ég hafi viðhaft þau orð á fundi í bæjarstjórn, að vísu væru húsin smekklegr fyrir augað, en hér væri um að ræða dönsk Hörmangarahús, sem hefðu ekkert sögulegt gildi. Eina húsið sem einhverjar sögulegar minningar hafði í farteskinu, „Gamla grútarhúsið“ var rífið, vegna þess einhverjir þöldu ekki lyktina, þó notuð væri önnur af-sökun.

Fólk sem velur sér að búa á Ísafirði, á að fá að byggja á sinn hátt, samkvæmt þeim skipulagsreglum sem gildandi eru á hverjum tíma, en vera ekki dæmt til að gera upp allskonar hrófatildur með margföldum tilkostnaði, velji það sér t.d. búsetu í Tangagötu.



Gréta Ágústs dóttir og vinkonur.



Jóhannes Kristjánsson eftirherman góða frá Ingjaldssandi.

Ónýtir skúraræflar

Eftir að hafa orðið vitni að því erlendis, hvernig heilu hverfin frá 13. öld og niður úr, voru brotin niður, til að fá lífsrými fyrir núlifandi íbúa, hef ég harðnað um helming á þessari skoðun minni. Skemmst er að minnast á framhliðina á gamla barnaskólahúsinu, sem nú er búið að endurbyggja, að vísu mjög smekklega, en við mikinn kostnað. Eftir stendur aftur á móti bak við framhliðina, alveg jafn ónýtir skúraræflar og voru fyrir hendi.

Við vorum nokkrir bæjarfulltrúar, sem vildum fjarlægja allt draslið á einni nóttu, án þess að spyrja kóng eða prest og koma lóðinni strax í byggingarhæft ástand fyrir skólabyggingu, en því miður skorti kjark fyrir meirihlutaákvörðun og því fór sem fór og á eflaust eftir að kosta Ísfirðinga ótaldar milljónir.

Það er rík þörf á að endurskoða valdsvið Húsafríðunarnefndar, sem getur lagt gríðarlegan kostnaðarauka á byggingaraðila, án þess að taka á nokkurn hátt, eða mjög lítinn, þátt í kostnaði. Hefði t.d. Náttúruverndarráð jafn víðtækt valdsvið, væri ekki ólíklegt að við sætum hér í kvöld, við lýsingu frá kerti eða grútarlampa.

Rekinn úr matreiðslu

Matvæli og meðhöndlun matvæla er ætíð skemmtilegt umræðu-



Jóhannes kominn í ham landbúnaðarráðherrans Guðna Ágústssonar.



Er þetta ekki sjálfur Halldór Blöndal?

efni, alla vega er nær hver ein einstaka sjónvarpsrás, með kokkapætti í sinni dagskrá, bæði kokkum í fötum og án klæða. Ég ætla því að segja ykkur frá frumraun minni í eldamennsku, hjá þeim ágæta kennara Ástu Sveinsdóttir, matreiðslukennara Gagnfræðaskóla Ísafjarðar.

Ég lenti í því að eiga að gera ávaxtagraut og fékk til þess tilætlað hráefni. Sem góðum listakokki taldi ég ekki nægjanlegt að bragða á grautnum áður en ég bæri hann á borð, heldur yrði að athuga vel það hráefni, sem í framleiðsluna væri ætlað.

Á þessum tíma árið 1953, ég aðeins tólf ára, voru ekki þurrkaðir ávextir, jafn algengir og í dag og gómsæt hráefnisöskunin á eplum, apríkósum og fleira góðgæti,

varð örlítið stórtækari en ég hafði ætlað mér. Ég varð því að finna eitthvað ráð, því engin leið var að bæta úr hráefnisöskunum og tók því til að bragðs að tilkynna, þegar að því kom að ég átti að bera grautinn á borð, að því miður yrði engin grautur, það væri eitthvað að fjandans eldavélinni, suðan hefði bara aldrei komið upp.

Ásta snaraðist fram í eldhús, kíkti ofan í pottinn og sá þar aðeins örfáar sveskjur, syndandi um í einhverju límgumsi. Refsingin varð því straff í næsta tíma, sem mér þótti afar hörð, því ég hafði reglulega gaman að matreiðslunni. - Atvik þetta er mér mjög minnisstætt, því það var í eina skiptið á skólagöngu minni, sem mér hefur verið víkið tímabundið frá námi.

Við seinni tíma athugun, kemur

*Hólmfríður
Sigurðardóttir
og Margrét
Hallgrímsdóttir.*



Anna Málfríður Sigurðardóttir og Guðfinnur Kjartansson.



Stefán Símonarson og Jón Veturliðason.



Guðmundur Sigurðsson (Muggur) og Kristín Einars.

mér helst í hug, að einn góður vinur minn og leikbróðir hafi haft afsökunartilburði grautarleysis míns í huga, þegar hann stóð frammi fyrir því að þurfa ítrekað, að tilkynna þjóðinni. Að suðan væri ekki alveg komin upp, í álsúpunni á Keilisnesi.

Matseðill sumarsins

Hreinlæti við borðbúnað er

einnig þýðingarmikið atriði í nútímaþjóðfélagi, uppþvottavélar og allslags slík tæki eru nú á nær hverju heimili, jafnvel komin um borð í öll skip, sem og smærri báta.

Það hefur ekki alltaf verið svo.

Á færaveiðum vorum við ekki að eyða miklum tíma í uppvas, venjulega létum við nægja að kasta diskunum í vaskafat, ef það var þús



Sigríður K. Sigurðardóttir og Kristján Bjarni Ólafsson.





Sindraberg ehf – Sindragötu 7 – Ísafirði – S:456-5552
 icesushi.com - sushi@icesushi.com



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
 - miðstöð símenntunar og háskólanáms

Miðstöð símenntunar
 og háskólakennslu á Vestfjörðum



Vífilfell hf.
 Suðurgötu – Ísafirði



ÍSAFJARÐARBÆR

Bæjarstjórn Ísafjardarbæjar
 sendir Ísfirðingum nær og fjar
 bestu nýárskveðjur
 með þökk fyrir liðin ár

f.h. bæjarstjórnar Ísafjardarbæjar
 Halldór Halldórsson
 bæjarstjóri



Meiri opnun – minna viðnám

*Lykill að
 hagkvæmari
 veiðum*



HAMPIÐJAN
 – fyrir öll heimsins höf

www.hampidjan.is

OTTO AUGLÝSINGAR



Gámaþjónusta Vestfjarða

*Umhverfið er framtíðin,
 gættu þess vel*

Leigjum út sorpgáma & salerni!

Gámaþjónusta Vestfjarða • Góuholti 14 • 400 Ísafirði
 S: 456 4760 & 456 4340 • www.snerpa.is/gamar



Trausti Aðalsteins, Björn Helga, Karólína Guðmundsdóttir og María Gísladóttir.

Almennt hreinlæti var á þessum tímum, heldur ekki alltaf upp á það besta. Ég man eftir atviki á síldarbáti frá Ísafirði, þar sem afhöfnin fór með einn skipsfélaga sinn upp í SR á Siglufirði og spúludu hann vel, því að þeim þótti hann vera farinn að lykta nokkuð illa.

Ég fékk vinnu eitt sumar meðan ég var í námi, í fiskimjölverksmiðunni hjá Ólafi Guðmundssyni, þar sem ég var skilvindumaður. Þar var einn starfsmaður, sem var allt sumarið í sama utanyfirgallanum, því hann aldrei, þannig að lyktin af fötunum hans fannst inni í mestu lýsibærkjunni, í sjálfri verksmiðjunni.



Stórsveitin South River Band lék fyrir gesti á Sólarkaffinu af mikilli snilld.

Botninn úr buxunum

Ég tel að því verði ekki neitad, að maður naut þess að hafa fengið að alast upp á Ísafirði, skemmtilegir leikfélagar og svo þegar alvara lífsins hófst með skólagöngu, nutum við leiðsagnar frábærra kennara. Ég minnst tveggja broslegra atvika, sem skeðu í tímum í Gagnfræðaskóla Ísafjarðar, nánar í I. bekk bóknáms og er að því er ég best veit, aðeins greypt í huga okkar bekkjarsystkinanna. Hið fyrra var í tíma hjá Magnúsi Sveinssyni.

Við höfðum eitthvað verið að gantast í frímínútum og grínið var ekki búíð, því við tókum ekki eftir því að Magnús var kominn inn í bekkinn og var þegar sestur í kennarastólinn. Magnús hastaði á okkur og sagði síðan.

„Krakkar ég held ég viti hvað ykkur finnst svona hlægilegt. Rétt áður en ég kom inn í stofuna, þá tók ég eftir því að það var komin stór saumspretta í botninn á buxunum mínum, ég hafði bara ekki tíma til skreppa heim og hafa buxnaskipti.“ Auðvitað sprungum við aftur, því ekkert okkar hafði minnstu hugmynd um botnleysi kennarans.

Allir þekkja Guðmund (komma)

Allir þekkja Guðmund, þetta er



Brynjólfur á Bjargi (Bonsi) og Kolbrún Sveinbjörnsdóttir í léttri sveiflu.

á landleiðinni og létum sjóinn um að þrifa mataráhöldin. Sumir höfðu þó annan háttinn á, voru ekkert að standa í þessum þrífum og ekki er mér kunnugt um, að mein hafi hlotist af. Með Jóni Kr. á Bryndísinni var til nokkurra ára Færeyingur, Elí að nafni. Hann geymdi mataráhöld sín ævinlega undir kojunni. Á haustin þegar færaveiðum var hætt, kíktum við oftast um borð í Bryndísina til að líta á diskana hjá Elí. Þar gaf að líta matseðil sumarsins á disklingum. Að vísu ekki í tölvutæku formi.

ákaflega einföld setning og ekkert hlægilegt við hana, nema þegar atvikið kemur fyrir í íslenskutíma hjá þeim ágæta fræðara Guðmundi Arnasyni, sem var að uppfræða okkur um leyndardóma setningafræðarinnar, almenna ritfræði um notkun punkta, komma, spurningar- og upphrópunarmerkja.

Guðmundur var einnig þekktur fyrir sínar pólitísku skoðanir, svo þegar hann las upp fyrir okkur setninguna, með tilheyrandi setningarkerki, hljóðaði hún eftirfarandi: Allir þekkja Guðmund, (-komma). - Ekki þurfti meira til að kitla hláturtaugarnar í það skiptið.

Siggi lærer

Auðvitað eru kennarar á hverjum tíma ákaflega þýðingarmikill þáttur í uppeldisflórunni, en tímararnir breytast og það sem þótti sjálfsagt að hafa afskipti af þegar ég var ungur, kæmi sennilega undarlega fyrir sjónir í dag. Ég minnst atviks úr Versló, í tíma hjá Sigurði Guðjónssyni, sem ætíð var kallaður Siggí lærer og kenndi dönsku og landafræði. Þetta var á þeim tímum, sem voru að komast í tísku hjá kvenþjóðinni allmikið flegnar peysur. Ein skólasystir mín, mjög fallega vaxin, mætti í slíkri flík í skólann og Sigurður ávarpaði hana eftirfarandi:

„Fröken, þér ættuð ekki að mæta í tíma, svona ósiðsamlega klæddar.“

Sigurður var smávaxinn skemmtilegur karl, ákaflega kurt-eis, en þéradi alla jafnt menn sem málleysingja og sagan segir að einhvern tíma fyrr á árum, hafi nemandi sett kött í pútið hjá honum og



Sigurður R. Ólafsson og eiginkona hans Kolbrún Daníelsdóttir.



Svavar Cesar Kristmundsson (sonur Bubba Bjarna), eldhressi flutninga- og vörubílstjórinn frá Ísafirði sem fluttist til Húsavíkur, en þykir alltaf jafn vænt um heimahagana.

segja efast ég um að við höfum þorð að draga andann í Versló, í tímum hjá Þorsteini Bjarnasyni bókara, nema með heimild, þó við værum á aldursskeiði frá 16-18 ára. Þorsteinn var mikill vexti, sennilega hátt á annað hundrað kíló og var ætíð nauðrakaður um höfuðið, þannig að maður gat speglað sig í skallanum. Fræg er sagan af þessum tveim kennurum mínum, þegar Siggí lærer ávarpaði Þorstein með þessum orðum á kennarastofunni.

„Hafið þér heyrt það Þorsteinn, nú á að fara að selja í strætisvagnana eftir vigt.“ Þorsteinn svaraði að bragði. „Þú ferðast þá ekki mikið með strætó, því varla tekur því að stoppa fyrir svona fisi, eins og þér.“

Sigurður ávarpað köttinn með þessum orðum, þegar hann varð hans var.

„Hvað eruð þér að gera hér, viljið þér gera svo vel að koma yður út.“

Í strætó eftir vigt

Nú á tímum er mikið rætt um agaleysi í skólum landsins, sannarlega breyttir tímar frá minni skólavist. Satt að



Róslaug Agnarsdóttir og Sigurður Ólafsson (Búi).



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN

Óskar

Ísfirðingafélaginu

tíð hamingju með

60 ára afmælið

2005



Guðfinnur Kjartansson, Guðmundur Stefán Mariásson og Ólafur Hannibalsson.

Rottufiskssamsæri í Guðrúnu Jóns

Það er sagt að trúin flytji fjöll, það getur vel verið, ég hefi aftur á móti orðið vitni að því þegar trúin fékk hóp manna til að missa matarlystina.

Ég var vélstjóri á trollbát og vorum við á veiðum fyrir sunnan land. Kokkurinn var eitthvað að tuða um, að engin ýsa væri til og hann ætti aðeins ufsa til að laga fiskibollur í hádegismat, þegar mér datt í hug að fá hann með mér í samsæri, en að gera smá sprell.

Um nóttina höfðum við lent í því í einu holinu, að fá fullt troll af snarpa langhala og vorum með nokkra stíur á dekkinu fullar af þessum ódrætti, sem við kölluðum almennt rottufisk og landað yrði í gúanó. Brytinn var alveg til í þetta,

fór út á dekk og flakaði í fullt vaskafat. Þegar mannskapurinn spurði hvern fjandann hann ætlaði sér að gera við þetta ómeti, svaraði hann að bragði.

„Nú þið hafið ekki veitt neinn ætan fisk og eitthvað verð ég að gefa ykkur að borða í hádeginu.“

Þegar svo kom að hádegismatnum, skipti ég við karlinn á toginu og sagði honum frá þessu. Karlinn kom niður með miklu þjósti og spurði kokkinn, hvort það væri meiningin að eittra fyrir allan mannskapinn, nartaði síðan aðeins í bollu og sagði.

„Allan andskotann neyðist maður til að leggja sér til munns, en ég vil heldur drepast úr eitrun en hungri,“ og hesthúsaði síðan hverja fiskibolluna á fætur annarri, enda þekktur matmaður.

Sá hluti áhafnarinnar, sem var að koma af vakt, rétt nartaði í bollurnar, skyrptu flestir út úr sér og kváðust ekki hafa matarlyst. Þrátt fyrir að þeir yrðu fljótlega upplýstir um, að á borðum væru ufsabollur, flökin af langhalanum hefðu farið beint í sjóinn aftur. Þeir höfðu séð hvaða hráefni brytinn náði í og trúin lét þá missa matarlystina.

Þetta var löngu fyrir þann tíma, sem listakokkar á borð við Úlfar og Marvin, fóru að matreiða allskonar furðufiska ofan í þjóðina. Engin(n) hafði trú á að þetta væri ætt.

Atvik þetta skeði um borð í Guðrúnu Jónsdóttur, þingmaður framtíðarinnar var í fríi, þannig að karlinn sem sýndi þessi frábæru leiktilþrif, var Bernhard Överby og brytinn Gísli heitinn Jósefsson.

Hvar er sýslumaður?

Þjóðarsálin býr yfir ýmsum metnaði. Margt hefur verið togast á um. Oft hef ég heyrt metist um, hver sé fróðastur Íslendinga í lögum og heyrt ýmis nöfn nefnd. Í mínum huga getur ekki verið nema um einn að ræða, sjónarsvið hans takmarkast ekki einvörðungu af þurru lagastagli stjórnsýslunnar, heldur nær afburða þekking hans yfir allt, sem almennt nefnist lög.

Einu sinni sem oft, var ég að hlusta á útvarpið, þar sem voru í gangi fimm eða sex lagstúfar og áttu hlustendur að geta til um lög in og flytjendur, en hvorki gekk né rak. Að lokum stundi stjórnandi þáttarins upp þessum orðum í örventingu.



Lakkrísgerðin

Kólus ehf.

Tunguháls 5 • 110 Reykjavík

Símar 587 6188 og 587 1855

JÁ, VIÐ ERUM GAMALDAGS



ISLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SLA.IS GUT 2376 12/2003

**ef það er
gamaldags
að klára alltaf
málin**

Að geta boðið nýjstu tækni skiptir miklu máli í prentun og þess vegna lítum við hjá Gutenberg á slíkt sem sjálfsagðan hlut. En við vitum líka að nýjasta tækni kemur aldrei í staðinn fyrir fólk sem er alltaf tilbúið að klára málin, sama hvað klukkan er og hvaða dagur er. Það er þessi hugsun sem skipað hefur Gutenberg sæti meðal fremstu prentsmiðja landsins í 100 ár. Á morgun fögnum við nýjum degi og nýjum verkefnum með þessu sama „gamaldags“ hugafari.

Magnús Arnarsson, prentari.

g
Gutenberg
PRENTSMÍÐJA

Siðumúla 16 Sími 545 4400 gutenberg.is



***Erum að taka niður pantanir í næstu
sendingu af þessum fallegu eikarsettum.
Margar útfærslur af settum og ákæðislitum.***

í 7. himni
öðruvísi húsgagnaverslun



Allt að 36 mán.

Velkomin í nýja verslun - Skúlagötu 30 • s: 517 3441



Steinunn Sölvadóttir, Ingibjörg Brynjólfsdóttir og Þuríður Símonardóttir.

„Hvar er þessi sýslumaður Ísfirðinga“?

Skömmu seinna hringdi Ólafur Helgi og með allt á hreinu um lög-in, sem og flytjendur.

Eins og kunnugt er kom Ólafur víða við, meðan hann starfaði á Ísafirði, bæjarfulltrúi, skattstjóri og sýslumaður og sem sýslumaður jafnframt yfirmaður almannavarna. Ólafur hefur oft komið við sögu í þjóðsögum Gísla Hjartarsonar, en þær sögur ganga flestar út á, að sneiða aðeins að stærðarhlutföllum. Í mínum huga er Ólafur stórmenni, þó hæðin sé ekki gígantísk og ég hef einungis einu sinni látið út úr mér orð, sem ýja lítilsháttar að hæðarmörkum.

Snjóflóð af Stjórnsýsluhúsinu

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði er afar falleg bygging, en hefur einn leiðinda galla. Glerfletirnir yfir inn-göngudyrum, geta í ofankomu safnað á sig miklu snjómagni, sem síðan hreinsast fyrirvaralaust í einni svipan. Við Halldór Jónsson urðum eitt sinn samferða í febrúarmánuði, frá Hamraborg í Stjórnsýsluhúsið, á bæjarstjórnarfund. Þar sem ég er eitt af óhreinu börnunum hennar Evu, stoppaði ég við Íslandsbanka, til að svæla í mig einn líkkistunagla fyrir fundinn, en Dóri hélt áfram. Heyrist ekki allt í einu mikill hvinur og þegar ég lít fyrir hornið, hefur ekki þakið hreinsað sig og aðeins höfuðið á

Dóra, stendur upp úr skaflinum. Ég skrönglaðist til hans og spurði.

„Heldurðu að þú sért slasaður?“ Dóri neitadi að bragði. Þá varð mér að orði.

„Jæja, verra gat það verið.“

„Hvern djöfulinn áttu við með að segja, að verra gat það verið,“ sagði Dóri og spýtti um leið út úr sér snjó, á við meðal snjóblásara.

„Ja, ég átti nú við, að úr því að þetta þurfti að orsakast, var það nú lán í óláni, að þú svona stór maðurinn, skyldir verða fyrir þessu. Hugsadu þér bara hefði það verið yfirmaður almannavarna, sem hefði orðið undir þessu fargi. - Þá hefði orðið að sigta allan skaflinn við leitina.“

A-ið í fjallinu

Ég fór til Flateyrar sem formaður bæjarráðs, ásamt Þorsteini lækni og Kristjáni Þór bæjarstjóra, til að veita formlega móttöku snjóflóðavarnargardinum við verklok. Þegar við göngum upp hlíðina ásamt verktakanum, Gunnari Birgissyni, segi ég í einhverjum prakkaraskap við Gunnar.

„Þú ætlar þó ekki að skila þessu



Hinn síkátí ljósmyndari og töframaður, Jón Bjarnason og systir hans.



Þuríður Símonardóttir, Magnús Grímsdóttir og Auður Halldórsdóttir.

af þér svona, ég fæ ekki séð að verkinu sé fulllokið.“ – Gunnar hváir strax, hvað ég sé eiginlega að fara, samkvæmt verksamning sé verkið fullklárað.

„Það má vel vera, að um einhvern misskilning sé að ræða af minni hálfu. Þetta er það fallegasta A sem ég hef séð vera myndað í fjallshlíð, en ég hélt, að það hefði átt að vera lítið X fyrir framan, svona sérstaklega fyrir Einar Odd, þegar hann liti upp í hlíðina í morgunsárið.“ – Lít síðan við, til að sjá hvernig Kristján og Þorsteinn taki þessari framkomu minni. Liggja þeir ekki flatir í hlíðinni og verður mér þá að orði. - „Hvernig er með ykkur unga menn, getið þið ekki gengið smábrekku, án þess að hvíla ykkur.“ - En þá heyri ég, að Þorsteinn segir við Kristján. - „Þetta er alveg rétt hjá þér Kristján, frá þessu sjónarhorni er hægt að lesa þetta sem D.“ - Það er mikið hvað sumir geta verið pólitískir.

Móttaka flóttamanna

Sagan ein er dómbær, hvort menn hafi staðið sig vel eða illa í starfi. Af öllum þeim málum og málaflokkum, sem tekist var á við í sveitarstjórn, þann tíma er ég var bæjarfulltrúi, er eitt mál ofar öðrum, sem ég var fyllilega ánægður hvernig tókst til með. En það var samhljóða ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjardarkaupstaðar, að undirbúa og veita móttöku flóttafólki, frá fyrrum Júgóslavíu.

Síðan komu 32 nýir íbúar til búsetu vestra, í byggðarlag sem þá hafði eftir sameiningu hlotið nafnið Ísafjardarbær. Íbúar sem í raun vissu ekki fyllilega, hvað þeir væru að fara út í, áttu jafnvel von á einhvers konar flóttamannabúðum.

Viðbrögð hinna nýju íbúa á þeim frábæru móttökum, sem þeir fengu og þakka ber að stórum hluta miklu sjálfbodaliðsstarfi, svenefndra stuðningsfjölskyldna, snart mig það mikið, að þó ég hefði ekkert annað látið af mér leiða í bæjarstjórn, en liðveislu við málefnið, þá veitir þetta eina atriði mér þá ánægju, að ég sé ekki eftir einum einasta degi, sem ég hef varið til sveitarstjórnarmála. Hins vegar tekur ekki langan tíma, að aðlagast tíðarandanum og nú eru víst aðeins þrír þessara innflytjenda búsettir á Ísafirði. Hinir eru fluttir hingað suður.

Hallarbylting í Ísfirðingafélaginu

Í tæpa tvo áratugi starfaði ég við hlið Péturs Sigurðssonar, á skrif-



Erla B. Axelsdóttir, myndlistarkona og eiginmaðurinn Guðfinnur R. Kjartansson ásamt Fríðu Albertsdóttur sem tók drjúgan hluta myndanna á Sólarkaffinu ásamt HKr.

stofu verkalyðsfélaganna. Við vorum báðir morgunhanar, mættum snemma til vinnu og spjölludum saman um verkefni dagsins, sem og þau mál er voru efst á baugi, yfir kaffibolla áður en við hófum störf. Einn morguninn segi ég við Pétur.

„Það eru nú meiri lätin á þessum fyrirtækjamarkaði, það virðist engin(n) vita hvað næsti dagur ber í skauti sér. Þessi óvissupáttur virðist ríkjandi og ná meir að segja inn í frjáls félagasamtök. Ég fæ t.d. ekki betur séð, en það hafi verið gerð hallarbylting í Ísfirðingafélag-

inu.“

„Hvað segirðu, er búið að setja Einar S. og Guðfinn af?“ spyr Pétur.

„Það veit ég ekki fyrir víst, en það benda allar líkur til þess, því ég fékk Vestanpóstinn í gær og þeir eru farnir eyða prentsvertunni á þig og Vestrapúkana.“

Pétur skyldi strax sneiðina, því ætíð áður, þegar ég hafði hrósað blaðinu, var athugasemd hans ávallt á sömu leið. - „Nú, varstu að lesa Harðarblaðið.“



Gull og skartgripir

...í miklu úrvali



■ Gyllum, silfrum og gerum við skartgrip.

Sendum í póströfu um land allt.

Arni Höskuldsson

GULLSMÍÐUR

BERGSTAÐASTRÆTI 4 | S: 562 0335

Ekki viðlátinn

Pétur hefur starfað lengi að mál-efnum verkafélagsins, er öllum hnút-um kunnugur og var einn alharð-asti stuðningsmaður þjóðarsáttar-innar. Einhverju sinni á vordögum, þegar miklar sviptingar voru í kjarabaráttunni, vegna greinilegra tilrauna B.H.M.R. að brjóta upp þjóðarsáttina, voru sífelldar hringingar á skrifstofuna, sennilega svona á kortersfresti nær allan daginn. Ætíð spurt eftir Pétri, en hann ekki viðlátinn.

Ávallt var það sami aðilinn sem hringdi. Ég þekkti röddina, svo að lokum tjáði ég honum, að Pétur væri á fundi, ekki væri hægt að ná sambandi við hann fyrr en að hon-um afloknum, en ég skyldi skrifa skilaboð til hans, því öruggt væri að hann kæmi á skrifstofuna, að fundi loknum. Síðan hripaði ég eftirfar-andi skilaboð á blað.

Pétur Sigurðsson, forseti ASV.
Ósk um tafarlaust símasamband í síma 91-25633

Hangir á hálfu stráí,
heimild um þjóðarsátt.
Þörf er, þig strax í ég nái,
svo þjóðin ei kaup fái of hátt.

- Guðmundur J. Guðmundsson.

Ratar ekki neitt

Áður en ég tók þá ákvörðun að flytjast suður, ráðfærði ég mig við ýmsa. Meðal annars þar sem ég vissi að vinur minn Jónatan Arnórsson var nýlega fluttur suður, spurði ég Magnús bróðir hans, er ég rakst á hann á götu, hvort hann vissi

hvernig honum líkaði. Magnús svaraði mér eftirfarandi.

„Ekki veit ég hvern fjandann hann Tani bróðir er að flækjast til Reykjavíkur. Hann ratar ekki neitt.“

Ekki var þetta nú uppörvandi fyrir mig, sem er alger rati í landi.

Hliðarnar voru úthverfin á skólaárum mínum í Reykjavík og ég er þekktur fyrir að beygja ætíð í öfuga átt, ef ég er að fara eitthvað, þó maður rammi að lokum á takmarkið.

Út í vínbúð og til baka

Ef til vill er þó frægasta sagan um ratvísi, svar Guðmundar heitis Angantýssonar, sem var betur þekktur undir nafninu Lási kokkur, þegar hann fyrir Spánarferð var í bóluþetningu hjá lækni, sem spurði Lása hvort hann væri kunnugur þar syðra. En þetta var löngu fyrir tíma sólarlandaferða nútímans.

„Ég rata sko um allan Spán“, var svar Lása, „alveg frá hótelinu mínu út í vínbúð og aftur til baka.“

Ég sagði hér í upphafi ræðu minnar, að andrúmsloftið hér á Sólarkaffinu, gæti ekki bent til neins annars, en mikillar aðdáunar til bernskustöðvanna, sem réttnefni væri að flokka undir ættjarðarást.

Ýmsar útgáfur og tjáningarform hafa litið dagsins ljós í áranna rás, til að tjá hug sinn, til landsins og eða heimasveitar. Í mínum huga um tjáningu til ættjarðarinnar, ber Stephan G. Stephansson höfuð og herðar yfir aðra með Íslendinga-dagsræðu.

Þó þú langföruull legðir sérhverrt land undir fót, bera hugur og hjarta samt þíns heimalands mót, frænka eldfjalls og íshafs sífji árfoss og hvers, dóttir langholts og lyngmós, sonur landvers og skers.

Eins hefur maður séð hið gagnstæða, eins og vísu Böðvars Guðlaugssonar orta í magnaðri 20. aldar melankólíu.

Bölvaður hundrass var
bernskusveitin,
betur ég hefði séð það strax.
Enda láku af fólkinu
leiðinlegheitin,
frá landnámsmorgni, til
þessa dags.

Í krummaskuði

Ég hef oft orðið að fást við þá spurningu, hvernig ég kunni við mig hér í Reykjavík. Svarið hefur ætíð verið á þann veg, að maður kominn á minn aldur finni alls engan búsetumun. Þegar ég kem heim úr vinnu sest ég í sama stólinn og ég sat í á Ísafirði og kveiki á sama sjónvarpinu. Útsýnið utan dyra skipti mig afar litlu máli.

Aðeins einu sinni hef ég svarað á annan hátt, þegar ég hitti frænku mína í Samkaupum á Ísafirði og hún bar fram spurninguna á þann hátt.

„Jæja hvernig kanntu svo við þig í stressinu í Reykjavík“

Þá hljóðaði svörun mín eftirfarandi.

„Veistu að þegar ég hugsa til baka, þá fæ ég á engan hátt skilið, hvað fékk mig eiginlega, til að hanga í þessu krummaskuði í sex-tíu ár.“

Ég óska íbúum Ísafjarðarbæjar, sem og Vestfirðingum öllum hjartrar framtíðar. Megi þessi fjölþjóðlegi landsfjórðungur, halda áfram að sýna umheiminum það, hvernig fólk af ólíkum kynþáttum, trúarbrögðum og litarháttum, getur lifað saman í sátt og samlyndi og á þann hátt orðið heimsbyggðinni til fyrirmyndar.

Að lokum þakka ég áheyrnina og óska öllum viðstöddum góðrar skemmtunar. Megum við hittast hress, á næsta Sólarkaffi.

Gamla gistihúsið





Mánagötu 5 • 400 Ísafirði
Sími: 456 4146 • Fax: 456 5146 • www.gistihus.is • fmg@snorpa.is



HÓPFERRABÍLAR Í ÝMSUM STÆRÐUM
SÍMI 456 4314 OG 893 5314




Tálknafjörður

Sundlaug-tjaldsvæði • Sími/Tel.: 456-2629

Sundlaugin er 25 m. löng með heitum pottum, barna-laug og vatnsrennilbraut. Á tjaldsvæðinu er heitt og kalt vatn, þvottaaðitaða, snyrting og aðstaða fyrir húsbíla.

Verið velkomið



Góðir ávextir!



Heimabanki

Íbúðalán

Lífeyrissparnaður

Greiðslupjónusta

Innheimtupjónusta

SPVIF
SPARISJÓÐUR
VESTFIRÐINGA



Mjólkursamlag Ísfirðinga

Sindragata 2, 400 Ísafjörður, ☎ 456 3251, 📠 456 3933

Óskar Vestfirðingum og öðrum landsmönnum
farsæls nýárs, þökkum fyrir það liðna.
Þökkum gott samstarf og viðskipti á árinu.

Sólkveðjuhátíð í Hveragerði

Myndasyrpa: Hörður Kristjánsson

Hefðbundin sólkveðjuhátíð Ísfirðingafélagsins var haldin í Eden í Hveragerði á haustdögum. Þar var góðmennt þó oft hafi þar verið meira fjölmenni en í þetta skiptið. Eigi að síður áttu menn ánægjulega stund við kaffisopa og hnallþóruát, en kræsingar gat fólk keypt á góðum kjörum hjá Ísfirðingnum Braga Einarssyni. Allt var þetta þó í hófi og ekki er til dæmis vitað til að neinn hafi farið fram á að setja veitingar á Visa-rað þó eflaust hafi mátt fá annan Ísfirðing, Halldór Guðbjarnason og framkvæmdastjóra Visa til að koma á slíkum samningum.

Auk þess að spjalla saman og njóta veitinga þá var að venju kallaður til ræðumaður Sólkveðjuhátíðar. Að þessu sinni var það fyrrverandi sýslumaður Ísfirðinga og núverandi sýslumaður á Selfossi, Ólafur Helgi Kjartansson. Minntist hann gamalla tíma og nýrra, en hann var einmitt sýslumaður í mestu áföllum sem byggðin á norðanverðum Vestfjörðum hefur orðið fyrir á síðari tímum þegar í þriggja árunum 1994 til 1995 urðu mannskaðar í snjóflóðum. Ólafur fjallaði þó ekki um þessi atvik í



Ræðumaður á Sólkveðjuhátíð 2004, Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður.

sinni ræðu en menn muna þó enn ljóslega þegar mannskætt snjóflóð féll í Tungudal í Skutulsfirði í apríl 1994 þar sem einn maður fórst, í Súðavík í janúar 1995 þar sem 14 fórust og á Flateyri í nóvember 1995 þar sem 20 manns fórust. Þá var Ólafur Helgi yfirmaður Almannavarna á svæðinu og þurfti að taka margar afar óvinsælar ákvarð-

anir um rýmingu húsa og annað þar að lútandi. Ekki voru allir reiðubúnir að hlýða þeim skipunum athugasemdalaust, þó í dag sé öllum orðin ljós alvaran og hættan sem stafað getur af mikilli snjóásofnun á stuttum tíma.

Á mátt óblíðra náttúruafla voru Ísfirðingar og aðrir Vestfirðingar



Þessir heidursmenn fluttu tónlist fyrir gesti hátíðarinnar.



Hjónin Þórdís og Ólafur Helgi Kjartansson.



Frænkur að vestan; Fríða Albertsdóttir, Stína Björk og Úlla Pálsdætur.



Sigurður R. Ólafsson, fyrrverandi formaður Sjómannafélags Ísfirðinga og Jónatan Magnússon fyrrverandi „ríkisstjóri“ á Ísafirði.

þó enn einu sinni minntir nú í byrjun janúar 2005 þegar snjóflóð féllu m.a. á varnarmannvirki við sorp-eyðingarstöðina á Ísafirði, á Skutulsfjarðarbraut, á Hnífsdalsveg og í Hnífsdal þar sem gamla bæinn á Hrauni tók af. Ólafur Helgi er nú fjarri slíkum hættum fyrir vestan sem sýslumaður á flatlendi Suðurlands. Hins vegar eru aðrar hættur sem hann getur þurft að kljást við sem yfirmaður Almannavara á svæðinu, en þær lúta líka að náttúruöflunum, nefnilega jarðskjálftum og eldgosum.



Guðmundur Guðmundsson útgerðarmaður og Birgir Finnsson fyrrverandi alþingismaður.



Birna Valdimarsdóttir á spjalli við „gamla“ Ísfirðinga.



Kristín Björg Pálsdóttir (dóttir Palla Sigurðs í Mjólurstöðinni) og eiginmaður hennar Sveinn Scheving.

Ingibjörg Guðmundsdóttir fyrrum söngkona í BG og vinkona.



HUNDRAÐ OG EIN ný vestfirsk þjóðsaga

Brot úr 7. bindi bókar Gísla Hjartarsonar

Hnoðmörinn í Norðurfirði

Gunnsteinn Gíslason, fyrrum kaupfélagsstjóri í Norðurfirði á Ströndum, er afbragðs matreiðslumaður ef hann vill það við hafa. Eitt sinn sem oftast brá Margrét Jónsdóttir eiginkona Gunnsteins sér af bæ og varð því kaupfélagsstjórinn að sjá um matseldina á meðan. Gunnsteinn var að sjóða saltfisk þegar Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði, Sela-Pétur, bar að garði. Hann bauð Pétri að borða með sér. Þá er Pétur settist við eldhúsbordið var kaupfélagsstjórinn að bræða hnoðmörinn eða flotíð út á fiskinn í litlum skaftpotti eða ausu. Svo tóku þeir félagar til matar síns. Pétur stappaði allt saman í eina kássu með gafflinum, kartöflur, saltfisk og flot. Síðan tók hann gríðarstóra klessu af kássunni á gaffalinn og stakk upp í sig, enda banhungraður. Fljótlega gretti hann sig, dró út úr sér langt band og sagði: Ég er nú ekki matvandur maður og hef aldrei verið. En þetta helvíti get ég ekki étið. Gunnsteinn fór að at-huga málið og sagði svo:

Andskotinn maður! Ég hef brætt kubbkertið hennar Maddýj-

ar í staðinn fyrir hnoðmörinn. Það er alveg eins og mörtafla.

Hraðferð

Líndal heitinn Magnússon á Ísafirði, Dalli kallaður, var skemmtilegur og orðheppinn karl. Hann bjó ásamt Helgu Hansdóttur eiginkonu sinni utarlega á Hlíðarveginum.

Dag einn fyrir mörgum árum voru svallalög og hálka á götum Ísafjarðar. Dalli og Helga lögðu af stað niður í bæ til að versla. Þegar þau komu inn að Bæjarbrekkunni var hún einn svallbunki. Á horninu fyrir ofan brekkuna mættu þau hjónin Hirti heitnum stapa Bjarnasyni, sem bjó einnig á Hlíðarveginum. Dalli og Hjörtur tóku tal saman en Helga hélt áfram ferð sinni. Allt í einu gullu við skaðræðisóp og sáu þeir félagar Helgu skauta á fullri ferð niður brekkuna. Komst hún æpandi en standandi á fótunum alla leið niður í Túngötu. Þá varð Dalla á orði: Það er aldeilis verið að spara sér sporin.

Augnvottorðið

Dýrfirðingurinn Elís Kjaran,

hinn landskunni ýtustjóri og kvæðamaður frá Kjaransstöðum í Dýrafirði, er orðinn nokkuð roskinn. Hann ber samt aldurinn vel og ekkert farinn að láta sig, eins og sagt er.

Ellí þurfti að endurnýja ökuskríteinið og fór til Lýðs Arnasonar læknis til að fá læknisvottorð um að hann gæti ekið bifreið. Lýður stillti karli upp en á veggnum á móti var spjald með bókstöfum til sjónprófunar. Reyndist Elli bara sjá efstu stafina sem voru stærstir. Hina kvað hann of smáa til að hann gæti greint þá gleraugnaus. Í læknastofunni var dagatal með mynd af kviknakinni ofurgellu. Lá daman í sófa og sneri bakhlutanum í ljósmyndarann. Lýður benti á botnstykki konunnar og spurði:

Hvað er þetta?

Þetta næstum því það yndislegasta sem maður sér, svaraði Elli.

Hvað er þá yndislegra? spurði Lýður.

Það er hinumegin, svaraði Elli.

Þá kvað Lýður læknið upp úrskurð sinn:

Þú ert með fullkomna sjón og færð endurnýjun á ökuskríteininu.



Módel 1944

Þetta myndarlega fólk sem stillti sér upp á tröppum gamla sjúkrahússins á Ísafirði 2003 tilheyrir árgangi 1944. Tilefni þessarar samkomu var 45 ára fermingarafmæli. Það hefur sannarlega ræst nokkuð vel úr þessum hóp og þarna má finna fólk í áhrifastöðum og meira að segja eiga þau reffilegan þingmann sem er meira en margir aðrir aldurs hópar ísfírskra púka geta státað af. Reyndar hafa verið fleiri en einn þingmaður í þessum hópi, því auk Guðjóns Arnars Kristjánssonar þá tilheyrir Kristján Pálsson, fyrrverandi þingmaður, líka þessum hópi, þó hann hafi ekki verið á Ísafirði við þetta tækifæri..



1 Nanna 2 Ásgeir 3 7 4 Gísli 5 Magni 6 Ásbjörn 7 Magnús 8 Guðjón 9 Birgir
10 Hildur 11 Ásth 12 Kristinn 13 Magnús 14 Elínóra 15 Elín 16 Oddur
17 Jónas 18 Trausti 19 Kr. Rafn 20 Friðberg 21 Jón Þorl 22 Þorbjörg



Jafnaldrar Ísfirðingafélagsins Árgangur 1944 og 1945 í útskriftarferðalagi

Hér má sjá hóp gagnfræðinga (fjórðu bekkinga 44-módelið) og landsprófsnema (þriðju bekkinga 45-módelið) úr Gagnfræðaskólanum á Ísafirði í skólaferðalagi árið 1961.



1. Sigurður Oddsson.
2. Jóhanna Ólafsdóttir.
3. Þorbjörg Ólafsdóttir.
4. Trausti Hermannsson.
5. Anna Sigtryggisdóttir.
6. Páll Hrólfsson.
7. Hildur Þorsteinsdóttir.
8. Magnús Grímsdóttir.
9. Gyða Sigurðardóttir.
10. Vilhjálmur Vilhjálmsson.
11. Kristín Breiðfjörð Kristmundsd.
12. Friðgerður Samúelsdóttir.
13. Ásthildur Þórðardóttir.

14. Kolbrún Vestereng.
15. Auður Birgisdóttir.
16. Ragnhildur Kristinsdóttir.
17. Sveinbjörn Bjarnason.
18. Bárður Hafsteinsson.
19. Magni Guðmundsson.
20. Oddur Guðmundsson.
21. Jón Viðar Arnórsson.
22. Kristján Pálsson.
23. Baldur Þór Bóasson.
24. Jón Þorláksson.

25. Snjólaug Guðmundsdóttir.
26. Margrét Frímannsdóttir.
27. Guðný Frímannsdóttir.
28. Hulda Sigurðardóttir.
29. Sigríður Símónardóttir.
30. Guðbjörg Guðbjörnsdóttir.
31. Jóna Margrét Guðmundsdóttir.
32. Sverrir Jóhannesson.
33. Bílstjóri í ferðinni, nafn óþekkt.
34. Auður Matthíasdóttir.



45 módelið við gróðursetningu í Stóruð.

Svipmyndir frá Ísafirði í janúar 2005 Ljósma.: HKr.



Úr myndasafni Björns Pálssonar ljósmyndara

40 ára Barnaskólaafmæli

Vorið 1986 voru fjórutíu ár frá því fríður hópur stúlkna og pilta lauk námi við Barnaskólann á Ísafirði (1946). Þetta var jafnframt fyrsti árgangurinn sem fór í nýja Gagnfræðaskólann, en að vísu voru einhverjir úr þeim hópi sem fluttust úr bænum og fóru því í aðra skóla. Þessi árgangur var geysifjöldmennur eða samtals 94 í þrem bekkjardeildum.

Í bréfi sem Arnór Hannibalsson ritaði gömlu skólasystkinum sínum af þessu tilefni greinir hann frá því að vaknað hafi sú hugmynd að safna fé til að minnast tímamótanna og mynda sjóð til tölvu- eða bókakaupa. Nefndi Arnór að rætt hafi verið um þessa hugmynd á fundum skólasystkina syðra og stungið var upp á að hvert og eitt léti af hendi rakna svo sem eitt þúsund krónur. Sagðist Arnór sjálfur ætla að vera viðstaddur skólauppsögn sem ákveðin var 30. maí 1986.

Þetta varð að veruleika og nokkur sjóður var myndaður. Fjölmennu brottfluttir úr hópnum vestur á Ísafjörð um vorið og urðu þar fagnaðarfundir. Í árganginum voru eftirtaldir nemendur:

Deild 1:

1. Aðalheiður Guðmundsdóttir.
2. Árni Skúlason.
3. Baldur Einarsson.
4. Björn Björnsson.
5. Bragi Einarsson.
6. Bryndís Brynjólfssdóttir.
7. Elsa Ásbergssdóttir.
8. Gísli Jón Hermannsson.
9. Haukur Danielsson.
10. Hörður Guðbjartsson.
11. Ingibjörg Jónsdóttir.
12. Ingibjörg Sigurgeirsdóttir.
13. Jenný Jensdóttir.
14. Jóhann Vilhjálmsson.
15. Jónatan Arnórsson.
16. Karl Th. Jónsson.
17. Ólafur Þórðarson.
18. Ólafur Össurason.
19. Rebekka Frimannsdóttir.
20. Sesselja Mariasdóttir.
21. Sigríður Arinbjarnardóttir.
22. Sigríður Halldórsdóttir.
23. Sigríður Magnúsdóttir.
24. Sigurður Gestsson.
25. Sigurvin Karlsson.

Deild 2:

29. Sigrún Waage.
30. Sigursveinn Jóhannesson.
31. Snjófríður Arnús Ólafsd.
32. Theódór Jónsson.
33. Þórunn Þórðardóttir.
34. Örn Bjarnason.

Deild 3:

1. Anna Valsdóttir.
2. Arnór Valgeirsson.
3. Ástvaldur Björnsson.
4. Bára Helgadóttir.
5. Bragi Guðmundsson.
6. Elías Ágústsson.
7. Filippía Helgadóttir.
8. Garðar Halldórsson.
9. Geirprúður Charlesdóttir.
10. Guðmunda B. Gísladóttir.
11. Guðmunda Sigurðardóttir.
12. Guðmundur S. Karlsson.
13. Guðrún Ólafsdóttir.
14. Halldór Á. Brynjólfsson.

Deild 4:

15. Hörður Ingólfsson.
16. Ingvar Ernir Kjartansson.
17. Jakobína Jakobsdóttir.
18. Jóna Valgerður Höskuldsdóttir.
19. Jón Aðalbjörn Bjarnason.
20. Jón Karl Sigurðsson.
21. Jens Sörensen.
22. Jósafat Arngrímsson.
23. Kristín Sveiney Bjarnadóttir.
24. Magdalena Ingimundardóttir.
25. Nikolína Magnúsdóttir.
26. Oddur Bjarnason.
27. Ólafur Gíslason.
28. Ólafur Þorgeirsson.
29. Ólöf Steinarsdóttir.
30. Ragnar A. Jónsson.
31. Rebekka Kristjánsdóttir.
32. Sigríður Hanna Sigurðardóttir.
33. Sigurborg Helgadóttir.
34. Unnur Ketilsdóttir.
35. Vilhelmina Erla Veturliðadóttir.



Deild 5:

1. Alfreð Georgsson.
2. Arnór Hannibalsson.
3. Álfhildur Ólafsdóttir.
4. Birna Bjarnleifsdóttir.
5. Björn Pálsson.
6. Ellen Einarsdóttir.
7. Geir Guðbrandsson.
8. Gunnar Örn Gunnarsson.
9. Gústaf Óskarsson.
10. Halldór Halldórsson.
11. Haukur Helgason.
12. Hulda Jónsdóttir.
13. Ingibjörg Jóhannsdóttir.
14. Ingileif Guðmundsdóttir.
15. Ingvaldur Viggósdóttir.
16. Jóhanna Dahlmann.
17. Jóhann Símonarson.
18. Jónas Þór Guðmundsson.
19. Jónína Einarsdóttir.
20. Jón Kristmannsson.
21. Jón Laxdal Halldórsson.
22. Kjartan P. Kjartansson.
23. Kristinn Hörðdal.
24. Lárus Þ. Guðmundsson.
25. Pálína Pálsdóttir.
26. Pálína Georgsdóttir.
27. Selma Samúelsdóttir.
28. Sigríður Ágústsdóttir.



40 ára útskriftarnemar Barnaskólans á Ísafirði

Fjörtíu ára útskriftarnemendur Barnaskólans á Ísafirði sem mættu til skólaslitanna 30. maí 1986. Sitjandi frá vinstri: Ólafur Þórðarson, Ingvar E. Kjartansson, Arnór Hannibalsson, Jón Bjarnason, Björn Pálsson. Standandi frá vinstri: Audbjörg Ingimundardóttir, Jakobína Jakobsdóttir, Sonja Huld Einarsdóttir, Ingvaldur Viggósdóttir, Jóna V. Höskuldsdóttir, Ólöf Steinarsdóttir, María R. Gunnarsdóttir, Ingibjörg Þ. Jóhannsdóttir, Hulda Jónsdóttir, Birna G. Bjarnleifsdóttir, Jenný Jensdóttir, Selma Samúelsdóttir, Ellen Einarsdóttir, Rósa Frimannsdóttir, Jóhanna Dahlmann, Anna María Valsdóttir, Agnes Jóhannesdóttir, Sigrún Waage, Guðmunda Sigurðardóttir.

Úr myndasafni Björns Pálssonar ljósmyndara



Fagnaðarfundir

Mikil gleði var í gamla útskriftarhópnum úr Barnaskóla Ísafjarðar þegar skólasystkinin komu saman á Ísafirði vorið 1986.



50 ára gagnfræðingar

Þessi hópur tilheyrði fyrsta árganginum sem gekk í nýja Gagnfræðaskólanna á Ísafirði 1946 og útskrifaðist þaðan sem gagnfræðingar vorið 1949. Þau komu saman í Sunnusal Hótel Sögu árið 1999 og héldu upp á að 50 ár voru þá liðin frá útskriftinni. Sitjandi frá vinstri: Sigrún Waage, Ingileif Guðmundsdóttir, Selma Samúelsdóttir, Guðríður Magnúsdóttir, Jóna Valgerður Höskuldsdóttir, Elísabet Agnarsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Birna Bjarnleifsdóttir, Rebekka Rósa Frimannsdóttir, Hulda Jónsdóttir, Guðrún Ólafsdóttir. Önnur röð: Sonja Hulda Einarsdóttir, Unnur Ketilsdóttir, Ólöf Steinarsdóttir og Ellen Einarsdóttir, Jakobína Jakobsdóttir, Jón Adalbjörn Bjarnason, Anton Helgason, Arnór Valgeirsson, Haukur Helgason, Jóhanna Dahlmann, Auðbjörg Ingimundardóttir, Anna María Valsdóttir, Agnes Jóhannesdóttir, Arndís Ólafsdóttir, Sigríður Hanna Sigurðardóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Lárus Þ. Guðmundsson og Magdalena Ingimundardóttir. Þriðja röð: Jón Kristmannsson, Filippía Helgadóttir, Gísli Jón Hermannsson, Óli Björn Hannesson, Jón Þórðarson, Ragnar Áki Jónsson, Örn Bjarnason, Kjartan P. Kjartansson, Ólafur Þorgeirsson, Arnór Hannibalsson, Ástvaldur Björnsson og Jóhann Símonarson.

Safnaðu Vildarpunktum ...

... og fljúgðu út í heim



Lægri ferðakostnaður og fleiri ferðalög

- **Skoðaðu punktastöðuna á www.vildarklubbur.is**



Með þessum kortum safnar þú Vildarpunktum VISA og Icelandair

Upplýsingar um kortin í næsta viðskiptabanka/sparisjóði, þjónustumiðstöð VISA
í síma 525 2000 og hjá Vildarklúbbnum í síma 5050 777.

ICELANDAIR
www.icelandair.is



www.visa.is



Opið eftir lokun!

Með lengri afgreiðslutíma tryggir Þjónustuver Landsbankans þér meira svigrúm til að sinna bankamálum símleiðis.

Í Þjónustuverinu getur þú m.a. :

- Fengið upplýsingar um stöðu reikninga, millifært og greitt reikninga
- Pantað gjaldeyri sem afgreiddur er í Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Fengið upplýsingar um víðtæka þjónustu Landsbankans

Þjónustuverið er opið alla virka daga
frá kl. 8–21 og 11–16 laugardaga